



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. október 2007 — 276. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Verkfall í Hollywood

Handritshöfundar í Bandaríkjunum hóta að fara í verkfall. Óttast er að framleiðsla á sjónvarpsefni stöðvist.



KVIKMYNDIR 36

Frieze-myndlistarmessan í London

Elín Hansdóttir sýnir sérpantað verk.

MENNING 32

Blæs til sóknar

Ingvir Hrafn með öflugna innlenda dagskrárgerð á INN í vetur.


FÓLK 50

Ráðinn fyrir helgi

Logi Ólafsson verður að öllu óbreyttu ráðinn þjálfari KR á næstu dögum, en þetta staðfesti Baldur Stefánsson, stjórnarmaður hjá KR sporti, við Fréttablaðið í gær.

ÍPRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



STUND MILLI STRÍÐA Í dag verður hægt vaxandi suðaustanátt á landinu, allhvöss og sums staðar hvöss sunnan til í kvöld. Skýjað með köflum og úrkomulítið en rigning sunnan til í kvöld. Hiti 3-10 stig, mildast suðvestan til síðdegis.

VEÐUR 4

Sala til starfsmanna ekki í anda laganna

Orkuveitu Reykjavíkur ber að gera útboðslýsingu til að selja starfsmönnum hlutafé í REI. Sé farið í kringum þær reglur ætlar FME að skoða málið.

VIÐSKIPTI Óheimilt er að bjóða öllu starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur að kaupa hlutafé í Reykjavík Energy Invest nema nákvæm skráningarlýsing liggja fyrir. Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti myndast þessi skylda þegar fleiri en hundrað einstaklingum er boðið að kaupa verðbréf í óskráðum félögum. Þetta staðfestir Hlynur Jónsson, sviðsstjóri verðbréfasviðs Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynnt var í gær að 569 starfsmenn Orkuveitunnar hefðu skráð sig fyrir kaupum á hlutafé í Reykjavík Energy Invest fyrir tæpar 170 milljónir króna. Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri OR, segir að hverjum starfsmanni hafi verið heimilt að skrá sig fyrir að

hámarki 300 þúsund krónum á genginu 1,28. Miðað við óskertan hlut verður kaupverðið þá rúmar 383 þúsund krónur.

Aðspurður hvort ekki þurfi að liggja fyrir skráningarlýsing áður en bréfin eru seld starfsmönnum segir Hjörleifur svo ekki vera. Lögfræðingar Orkuveitunnar hafi farið yfir þetta mál. Niðurstaðan hafi verið sú að stofnað er sérstakt félag í eigu starfsmannafélags Orkuveitunnar sem kaupir samantlagðan hlut fyrir hönd starfsmanna. Starfsmenn munu svo eiga í því félagi. Hluthöfum muni því ekki fjölga um 569 í REI heldur einn, sem fer með eignarhlut starfsmannanna.

Hlynur Jónsson segir að ef reynt verði að komast í kringum

lög muni Fjármálaeftirlitið taka það til skoðunar. Þetta falli undir eftirlitsskyldu þess. Hann vill ekki svara því beint hvort aðferðir stjórnenda Orkuveitunnar séu ólöglegar. Það þurfi sérstaka skoðun. Almennt sé það þannig, að ef reynt sé að mynda skel utan um fjárfestingar til að komast hjá gerð útboðslýsingar, beini Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til viðkomandi að útboðslýsingar sé þörf.

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti skal útboðslýsing innihalda upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til að geta metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu, framtíðarhorfur og réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Íslenska pönnukökupannan: Hönnuð fyrir um hálfri öld

FÓLK Guðmundur Haraldsson rennismiður hefur unnið hjá Málmismiðju Ámunda Sigurðssonar frá árinu 1947



GUÐMUNDUR HARALDSSON

en þar verður íslenska pönnukökupannan til. Segja má að Guðmundur sé hönnuður pönnunnar þó ekki hafi verið mikið talað um hönnun á þeim tíma sem hún varð til. „Það vantaði pönnur og ég bara smíðaði mótið,“ segir hann.

Um þrjú þúsund pönnukökupönnur seljast á hverju ári. Hægt er að steypa allt að sex hundruð á dag hjá málmismiðjunni en þá eru mörg handtök eftir.

- gun / sjá allt í miðju blaðsins



LÉTTIR Í LUND Gísli Marteinn Baldursson og Björn Ingi Hrafnsson fyrir aukafund borgarstjórnar um Orkuveituna og Reykjavík Energy Invest síðdegis í gær. Stemmingin á fundinum sjálfum var þrungið alvöru. Fram kom að umboðsmaður Alþingis hefur óskað svara við tólf spurningum um ýmislegt er varðar REI. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Fjallað um tíu áhrifamestu vísindamennina á líftækisviði í tímaritinu Newsweek: Kári Stefánsson sagður flottur nörd

VÍSINDI Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er sagður einn af tíu áhrifamestu vísindamönnum á líftækisviðinu í nýjasta hefti bandaríska tímaritsins Newsweek. Einnig er fjallað um fyrirtæki annars staðar í blaðinu, í grein um stofnanir sem eru í lykilhlutverki í framþróun erfðagræðinnar.

Fyrri greinin ber yfirskriftina The ten hottest nerds, eða Tíu flottustu nördarnir, en sjálfur segist Kári ekki geta sagt til um hvort hann sé sérlega flottur nörd. „Ég hef ekki enn séð greinina og veit

því ekki einu sinni hverjir hinir nðu eru, en ef þetta er góður félagsskapur þá er það allt í lagi.“

Hann segir ánægjulegt að fá svona hrós og voni að fyrirtækið eigi það skilið. „Þegar maður er skammaður er maður tilneyddur að segja að maður eigi það ekki skilið, og það er svipuð tilfinning þegar maður fær hrós.“

Meðal annarra á listanum eru George Church, prófessor í erfðafræði við Harvard-háskólann og Svante Paabo, forstöðumaður þróunarerfðatækni við Max Planck-stofnunina í Þýskalandi.

- sps


Kringlu
20-50% **kast**
AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM
Fimmtudag til sunnudags
Opið til 21 í kvöld

Kringlan

Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á **TILBOÐSVERÐI**

ÞVOTTAVÉLAR
11.-20. OKTOBER **AEG** FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI **ORMSSON** ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Veistu
hvert þú átt að leita?



island.is

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu

SPURNING DAGSINS



Gisli, hvernig er Ást á kóresku?
„Eins konar ást.“

Söngleikurinn Ást eftir Gísla Örn Garðars-son og Víking Kristjánsson verður frumsýndur í Seúl í Suður-Kóreu í desember á næsta ári. Kóreskar sjónvarpsstjórnur verða fengnar til að syngja löggin og túlka ástina.

Icelandic Group hf.:

Skal gera kaupréttarsamning

DÓMSMÁL Icelandic Group hf. er skylt að gera kaupréttarsamning við Þórólfi Árnason, fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins, um



ÞÓRÓLFUR ÁRNA-SON Átti að fá kaupréttarsamning en fékk ekki.

hlutabréf í því, sem endurspeglir samþættingu samninga hjá forstjórum stærri fyrirtækja á Íslandi.

Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur. Í ráðningarsamningi

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Þórólfi var sagt upp störfum rúnum fjórum mánuðum eftir ráðningu hans, án þess að gerður væri kaupréttarsamningur. - jss

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Þórólfi var sagt upp störfum rúnum fjórum mánuðum eftir ráðningu hans, án þess að gerður væri kaupréttarsamningur. - jss

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Þórólfi var sagt upp störfum rúnum fjórum mánuðum eftir ráðningu hans, án þess að gerður væri kaupréttarsamningur. - jss

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Þórólfi var sagt upp störfum rúnum fjórum mánuðum eftir ráðningu hans, án þess að gerður væri kaupréttarsamningur. - jss

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Þórólfi var sagt upp störfum rúnum fjórum mánuðum eftir ráðningu hans, án þess að gerður væri kaupréttarsamningur. - jss

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Þórólfi var sagt upp störfum rúnum fjórum mánuðum eftir ráðningu hans, án þess að gerður væri kaupréttarsamningur. - jss

Þórólfs var ákvæði um að félagið myndi gera sérstakan kaupréttarsamning við forstjóra eigi síðar en 30 dögum frá undirritun ráðningarsamnings.

Peningaþvættisskrifstofu bárust 323 tilkynningar um grun um peningaþvætti:

Tilkynningar leiddu ekki til saksókna

LÖGREGLUMÁL Peningaþvættisskrifstofu Ríkislögreglustjóra bárust 323 tilkynningar vegna grunsemda um peningaþvætti á síðasta ári. Ekki barst tilkynning vegna gruns um fjármögnun hryðjuverka.

Þetta kemur fram í ársskýrslu peningaþvættisskrifstofu fyrir 2006.

Samkvæmt lögum ber fjármálaframtækjum, líffrygginga-félögum, líffeyrissjóðum, váttryggingamiðlurum og fleirum skylda til að tilkynna um grunsamleg viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

GRUNUR UM PENINGAÞVÆTTI 2006

Fjárhæð í kr.	Tilkynningar
0 - 100.000	18
101.000 - 500.000	201
500.000 - 1.000.000	48
1.000.000 - 2.000.000	17
2.000.000 - 5.000.000	10
5.000.000 - 10.000.000	10
Meira en 10.000.000	6
Ótilgreint	13
Samtals	323

Af þessum 323 tilkynningum á síðasta ári bárust tíu tilkynningar frá öðrum en þeim sem tilkynningaskyldir eru.

Tilkynningarnar voru rannsak- aðar en engin þeirra leiddi til saksóknar af hálfu efnahagsbrota- deildar.

Í skýrslunni er tekið dæmi um peningaþvætti. Fikniefnainnflytjendur á Íslandi stofnuðu hluta- félög hér á landi og í Þýskalandi. Fyrirtækið flutti inn tölvuvarn- ing sem var verðlaus en var verð- lagður mjög hátt samkvæmt inn- flutningsskjöllum.

Greitt var fyrir vörðum með tékkum gefnum út á þýska fyrir- tækið auk innflutningsgjalda og tolla af varningnum. Þessir tékk- ar voru síðan leystir út í banka í Þýskalandi. - jss

Ofbeldismenn ekki færðir af heimilum

Ekki lítur út fyrir að fyrirhugað frumvarp dómsmálaráðherra um nálgunarbann gangi nægilega langt til að vernda fórnarlömb heimilisofbeldis, segir þingmaður VG. Ekki gert ráð fyrir breytingum á gildandi rétti, segir ráðherra.

ALÞINGI Úrræði í fyrirhuguðu frum- varpi dómsmálaráðherra um nálgunarbann virðist ófullnægjandi, og óútskýrt hvers vegna þar verður ekki lögfest úrræði um að fjarlægja megi ofbeldismenn af heimilum, segir Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna (VG), á Alþingi í gær.

Kolbrún beindi tveimur fyrir- spurum til Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, annars vegar um vernd til handa fórnarlömbum heimilisofbeldis og hins vegar um vernd fyrir fórnarlömb mansals. Tillögum VG vegna þessara tveggja málaflokka var vísað til ríkis- stjórnarinnar síðastliðið vor.

Í tillögum VG var gert ráð fyrir því að úrræði til að fjarlægja ofbeldismenn út af heimilum eigi síðar en sólarhring eftir að heimilisofbeldi er beitt yrið lögfest. Kolbrún sagði hugmyndina upphaf- lega hafa orðið til í Austurríki og gefið mjög góða raun. Nú hafi mörg nágrannaríki Íslands lögfest lík ákvæði.

„Hvers vegna eru ekki talin til- efni til þess að leiða í lög það úrræði sem þar um ræðir og hefur reynt afskaplega vel í nágrannalöndum okkar sem vörn þeirra sem eiga yfir höfði sér ofbeldi á heimilum sínum?“ spurði Kolbrún.

„Fjöldi kvenna og barna eru flóttamenn í eigin löndum, sett í athvarf á meðan ofbeldismaðurinn fær áfram að hreiðra um sig á heimilinu þar sem ofbeldinu var beitt eða hótun um ofbeldi kom fram,“ sagði hún enn fremur.

Dómsmálaráðherra sagði ráðu- neytið hafa haft tillögu VG til skoð-



FYRIRSPURNIR Björn Bjarnason og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir svöruðu fyrir- spurum þingmanna á Alþingi í gær.

unar yfir sumarmánuðina. Hann boðaði frumvarp um nálgunarbann á yfirstandandi þingi, en sagði ekki gert ráð fyrir breytingum á gildandi rétti í því frumvarpi. Alþingi hafi þó auðvitað í sínu valdi að gera breytingar á frumvarpinu.

Kolbrún hvatti stjórnvöld ein- dregið til þess að fullgilda samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Nú þegar hafi ný þjóðríki fullgilt samninginn og aðeins vanti eitt ríki upp á til þess að hann taki formlega gildi. Stjórnvöld þurfi að bera ábyrgð gagnvart fórnar-

lömbum mansals, veita þeim stuð- ing og hjálp til þess að koma sér út í lífið á nýjan leik.

Björn sagði að unnið hafi verið að því á undanförunum misserum að meta hvaða breytingar þurfi að gera til að fullgilda samning Evrópuráðsins og boðaði frumvarp síðar í haust um breytingar á meðal annars refsilöggjöfinni vegna þessa. Skoðað verði í ráðuneytinu hvort breyta þurfi öðrum lögum og stefnt sé að því að ljúka þeirri skoðun síðar í vetur.

bjrann@frettabladid.is

Nýbreytni á Litla-Hrauni:

Fangar sjá um matreiðsluna

FANGELSISMÁL Ellefu fangar á Litla-Hrauni annast nú alla matreiðslu á sinni deild. Þeir sjá einnig um innkaup á matvælum í gegnum verslun fangelsisins og fá til þess tiltekna fjárhæð á dag.

Fangelsismálastofnun hefur lagt á það áherslu undanfarnin ár að tilraun af þessum toga yrði gerð og hafa fangarnir sýnt málinu áhuga. Eru vonir bundnar við að þetta verði föngum og aðstandendum þeirra til ánægju, kenni föngum að vinna saman og auki lífsleikni þeirra. Verið er að leggja grunn að samþærligri breytingu á eldunaraðstöðu í fleiri deildum fangelsisins. - jss



FÆRÐUR FYRIR DÓMARA Litháarnir nýu skulu áfram sæta varðhaldi.

Grunaðir um þjófnað:

Litháar áfram í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir nýu Litháum, sem grunaðir eru um stórfellda þjófnaði hér á landi, hefur verið framlengt um tvær vikur. Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti í gær að Litháarnir sætu í varðhaldi til 24. október næstkomandi.

Mennirnir, sem handteknir voru í byrjun mánaðarins, voru fyrst úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald vegna rannsókn- arhagsmuna. Það átti að renna út í gær og óskaði lögreglan eftir því að það yrði framlengt um tvær vikur. Þetta samþykkti Héraðsdómur Reykjavíkur. - sfs

Maður féll milli hæða:

Í lífshættu eftir vinnuslys

LÖGREGLUMÁL Maður sem féll milli hæða við störf í nýbyggingu í Hafnarfirði í gærdeg slasaðist lífshættulega. Hann var fluttur meðvítundarlaus á sjúkrahús og er haldið var sofandi í öndunarvél. Fallið var 2,6 metrar.

Samkvæmt upplýsingum slökkviliðs þurfti að nota bygg- ingakrana til að ná manninum úr byggingunni.

Hann hafði verið að vinna uppi á bita þegar hann féll niður á gólf næstu hæðar fyrir neðan. Félagi hans var skammt frá og hringdi samstundis í Neyðarlínum. - sgd

Minnihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs sakar bæjarstjórnann um spillingu:

Réði félaga sinn á ofurlaunum

STJÓRNSÝSLA Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, segir það hafa verið spillingu þegar Gunnar I. Birgisson bæjar- stjóri réði fyrrverandi bæjarstjóra á Álftanesi til starfa hjá bænum.

Guðmundur Gunnarsson var bæjarstjóri á Álftanesi þar til Sjálfstæðisflokkurinn tafaði þar meirihluta sínum í sveitarstjórn- arkosningunum í maí í fyrra. Eftir kosningarnar var hann ráðinn sem verkefnastjóri hjá skipulagsdeild Kópavogs. Guðmundur er einnig á launum sem bæjarfulltrúi á Álfta- nesi.

Guðríður segir að Guðmundur og Gunnar I. Birgisson séu vinir og fyrrverandi viðskiptafélagar í verktafyrirtækinu Gunnar og Guðmundur.

„Verkefnastjórnastarf þetta var aldrei auglýst og ekki var ljóst



GUÐMUNDUR GUNNARSSON Bæjar- stjórnarskipti urðu á Álftanesi eftir að sjálfstæðismenn töpuðu þar meirihlut- anum í sveitarstjórnarkosningunum í maí í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

hver óskaði eftir stöðugildinu,“ segir Guðríður á bloggsíðu sinni.

Guðríður fékk upplýst á síðasta bæjarstjórnarfundinum að Guðmundi hafi verið ráðað 26 launaflokkum fyrir ofan ritara skipulagsstjóra bæjarins en hafa þó sinnt sömu verkum og ritarinn. Í ofanálög hafi

Guðmundur fengið greidda fasta yfirvinnu og þannig fengið 390 þúsund krónur í mánaðarlaun. Ekkert bendi til þess að ritarinn hafi fengið slíkar yfirvinnugreiðslur.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, vísar ásökunum Guðríðar um spillingu algjörlega á bug. Starfsmann hafi vantað á bæjarskipulag og því hafi Guðmundur verið ráðinn. Staðan hafi ekki verið auglýst því hún væri aðeins tímabundin.

„Það er líka ævintýrlega rangt hjá Guðríði að verkefnastjóri hafi unnið sömu störf og ritari skipulagsstjóra, þetta eru einfaldlega ekki samþærlig störf. Það er því lygi að hann hafi gegnt starfi ritara eins og Guðríður heldur fram, hann var ráðinn sem verkefnastjóri.“ - gar / sfs

Уважаемые соотечественники,

Всех, кто ощущает свою связь с русскоязычной культурой и чувствует свою причастность к русскоязычной диаспоре, приглашаем принять участие в учредительном собрании Организации российских соотечественников в Исландии "Землячество" в пятницу, 12 октября, в 20.00 в помещении общества "МИР" по адресу: Рейкьявик, улица Нверfisgata 105. Телефон для справок: 699 12 12

Инициативная группа по созданию "Землячества"



Kringlu 20-50% kast AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

fim-sun

Opið til 21 í kvöld

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Nýtt kortatímabil

Kringlan

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	60,26	60,54
Sterlingspund	123,19	123,79
Evra	85,2	85,68
Dönsk króna	11,431	11,497
Norsk króna	11,077	11,143
Sænsk króna	9,304	9,358
Japanskt jen	0,5128	0,5158

SDR	93,54	94,1
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	114,6265	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Þingmaður vill að ríkið greiði kostnað vegna greiningar og leiðréttingar á lesblindu:

Kostar foreldra kvartmilljón

ALÞINGI Ríkið á hiklaust að greiða kostnað við lesblinduleiðréttingu, og færa má rök fyrir því að það sé skylda grunn- og framhaldsskóla að bjóða upp á slíkt, sagði Atli Gíslason, þingmaður vinstri grænna.

Atli vakti máls á lesblindu í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær. Hann spurði menntamálaráðherra hvort hún ætli að beita sér fyrir því að lesblindir nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á lesblinduleiðréttingu, sér og foreldrum sínum að kostnaðarlausu.

Kostnaður foreldra við greiningu og leiðréttingu fer nærri því að vera 250 þúsund krónur, sagði



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Til stendur að opna upplýsingavef um lesblindu og skima eftir henni í samræmdum prófum.

Atli. Mikilvægt sé að bjóða nemendum upp á leiðréttingu til þess

að umbreyta náðargáfunni lesblindu í snilligáfu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði nefnd sem hún skipaði síðla árs í fyrra hafa lokið störfum, og framkvæmdahópur hafi í kjölfarið verið stofnaður til að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd.

Ákveðið hafi verið að koma á fót heimasíðu um lestrarerfiðleika þar sem nemendur og foreldrar geti fengið upplýsingar. Auk þess hafi Námsmatsstofnun verið falið að breyta samræmdum prófum í grunnskóla þannig að þar sé skimað eftir lesblindu.

Verslunarmenn í Eyjum:

Samþykktu að sameinast VR

KJARAMÁL Verslunarmannafélag Vestmannaeyja hefur sameinast VR, sem áður hét Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. Tillaga þess efnis var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á aðalfundi félagsins síðastliðinn mánudag. Einnig var samþykkt að stofna sérstaka deild VR í Vestmannaeyjum.

Í fréttatilkynningu kemur fram að tvö ár séu liðin síðan samstarfssamningur VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja var undirritaður en í honum var gert ráð fyrir sameiningu eftir tveggja ára reynslutíma. Hún hefur nú gengið eftir.



ARNI M. MATHIESEN

Fjárukalög lögð fram á þingi: Heimildir ráðuneyta auknar

ALÞINGI Fjárheimildir ráðuneyta á fjárlagaárinu 2007 verða auknar um tæplega 16 milljarða króna, verði frumvarp til fjárukalaga sem lagt var fram á Alþingi í gær samþykkt.

Fram kemur í frumvarpinu að stærstur hluti aukinna fjárheimilda, 10,7 milljarðar króna, eigi rætur að rekja til veigamikilla breytinga á reiknuðum stærðum, auk ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um mótvegisaðgerðir vegna samdráttar á þorskafla.

Þyngst vega afskriftir 4 milljarða króna skattkrafna, 1,8 milljarða hækkun á framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og 1,3 milljarðar vegna mótvegisaðgerðanna.

Meirihluti fyrir að Orkuveitan eigi REI

Sjálfstæðismenn vilja einir borgarfulltrúa að hlutur Orkuveitunnar í Reykjavík Energy Invest verði seldur. Aðrir vilja bíða og sjá. Umboðsmaður Alþingis krefst skýringa. Kæra vegna lögmæti eigendafundar Orkuveitunnar fær flýtimeðferð.

STJÓRNMÁL Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks, vill ekki selja hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík Energy Invest að svo stöddu.

Hann gagnrýndi harðlega samstarfsmenn sína í meirihluta borgarstjórnar á aukafundi borgarstjórnar í gær. Umræða síðustu daga hefði komið sér á óvart. Hann hefði ekki átt von á því að það gengi gegn grundvallarskoðunum sjálfstæðismanna að Orkuveitan tæki þátt í útrásarverkefnum, jafnvel þótt í þeim fælist áhætta.

Um REI hefði Guðlaugur Þór Þórðarson, núverandi heilbrigðisráðherra, haft frumkvæði með stofnun fyrirtækisins. Þetta hefði Sjálfstæðisflokkurinn stutt með ráðum og dáð í langan tíma. Björn Ingi hefði því talið að um þetta væri þverpólitísk samstaða. Enn meir undraðist hann að enginn sjálfstæðismaður hefði enn kynnt þessa grundvallarskoðun fyrir sér.

Stuttu áður á fundinum hafði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri lýst því að innan ákveðins tíma yrðu sérfræðingar fengnir til að ráðleggja hvað yrði gert við REI, hvernig hlutur Orkuveitu yrði seldur. Kvaðst Björn Ingi vona að um mismæli hefði verið að ræða hjá borgarstjóra.

Björn Ingi ætlar að óska eftir því að borgarlögmaður kanni hvort rétt sé að aftur verði kallað til þess eigendafundar sem samþykkti samruna REI við Geysi Green Energy.

Björk Vilhelmsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir úr Samfylkingu buðu Björn Inga velkominn í bandalag um almannahagsmuni Reykja-



Á PÖLLUNUM Fjöldmenn fylgdist með fundi borgarstjórnar í Ráðhúsinu í gær.

víkum og sagði Sigrún Elsa að í áframhaldandi samstarfi yrði annaðhvort Framsókn eða Sjálfstæðisflokkur „að láta prinsippin fjúka fyrir völdin“.

Á fundinum gagnrýndi Dagur B. Eggertsson framgöngu sjálfstæðismanna og sérstaklega borgarstjóra. Sagði hann borgarstjóra rúinn trausti og taldi að sala á hlut OR í REI væri í ætt við taugaveiklunarkast.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri virtist ekki sist beina orðum sínum til eigin borgarfulltrúa þegar hann í löngu máli lofaði útrásarverkefni Orkuveitunnar um árin. Útrásin, í formi Enex, hefði staðið síðan 1995 og samstaða verið um hana.

Sjálfstæðismenn hefðu svo stofnað REI til að nýta krafta og fjármagn einkafyrirtækja og draga úr ábyrgð og áhættu Orkuveitunnar.

Borgarstjóri gagnrýndi Svandís Svavarsdóttur fyrir ummæli sín í

fjölmiðlum en eftir skýringar hennar dró hann orð sín til baka og baðst afsökunar á þeim.

Hann bauð síðan minnihlutanum til viðræðna til að fara yfir málið. Allt skyldi upp á borðið.

Minnihlutinn gaf ekki mikið fyrir orð Vilhjálmss. Dagur B. Eggertsson sagði hann búa í Undralandi og það væri „billega boðið“ að bjóða minnihlutanum inn í bakherbergin til uppfraðslu, eftir allt sem á undan væri gengið. „Hvar er svörin? Hver ber ábyrgð?“ spurði Dagur.

Í máli Svandísar Svavarsdóttur kom fram að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur hefði fallist á að veita kæru hennar vegna ólöglegs eigendafundar flýtimeðferð

Margrét Sverrisdóttir, fulltrúi F-lista, sagðist vilja halda hlutum í REI og minnti á að meirihluti borgarstjórnar hefur einungis 48 prósent atkvæða á bak við sig.

klemens@frettabladid.is

Umboðsmaður Alþingis: Vill upplýsingar um REI og OR

Umboðsmaður Alþingis hefur farið fram á upplýsingar um meðferð þess valds sem sveitarstjórnir fara með sem eignaraðilar að Orkuveitunni.

1. Var stofnun REI samþykkt á eigendafundi OR og þá hvenær? Hver fór með þau atkvæði?
2. Hvaða eignir OR fóru til REI og hversu mikið var hlutaféð? Hvaða breytingar hafa síðar verið samþykktar á hlutafé og hvernig var greitt fyrir það?
3. Var sá 500 milljóna króna hluti sem Bjarni Ármannsson keypti áður í eigu OR? Voru þau kaup samþykkt á eigendafundi OR?
4. Hverjir greiddu atkvæði með sameiningu REI og GGE?
5. Óskað er eftir afriti af samþykkt á kaupum einstaklinga í REI. Hverjir eru þeir? Átti að selja hlutabréf OR til þeirra? Ef ekki, hvaða hluti átti þá að selja?
6. Hver er afstaða sveitarfélaga til þess hvort borgarstjóri eða sveitarstjóri geti samþykkt að selja einkaaðila eitur OR, án heimildar frá sveitarstjórn?
7. Á hvaða fundum var borgar- eða sveitarstjóra veitt heimild til að standa að því sem vísað er til í spurningum 1, 3, 4, og 5?
8. Að hvaða marki gilti jafnræðisreglan í fyrrgreindum ákvörðunum? Hvaða lagagrundvöllur gilti þá?
9. Hafi átt að gæta jafnræðisreglu, hvernig var það gert? Hvaða möguleika höfðu aðrir á að kaupa þessar eignir?
10. Er rétt að starfsmenn REI og OR hafi sjálfir verðlagt það sem þeir lögðu inn í REI?
11. Hvaða reglur gilda um hæfi borgar- og sveitarstjóra til að taka þátt í svona ákvörðunum?
12. Gilda hæfisreglur stjórnsýsluréttarins um störf þeirra sem eru valdir til setu í stjórn OR?




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	13°C skúrir	London	18°C léttskýjað	Friedrichshafen	17°C léttskýjað
Billund	14°C skúrir	Paris	18°C hálfskýjað	Luxemborg	17°C heiðskirt
Oslo	9°C skúrir	Amsterdam	17°C léttskýjað	Alicante	21°C skúrir
Stokkhólmur	7°C skúrir	Frankfurt	17°C hálfskýjað	Róm	21°C skúrir
Gautaborg	14°C skúrir	Berlín	14°C léttskýjað	Las Palmas	26°C hálfskýjað


*Vindhraði er í metrum á sekúndu.



BARLINEK

3.290
kr/m²

Hvíttuð eik, Family
Mattlakkað, Barclick krækja ekkert lím.
Borðastærð 15x207x2.200 mm
146906



BARLINEK

Askur Family
3ja stafa lakkður, lífllegt útlit.
Borðastærð 15x207x2.200 mm
146911

3.190 m²

Parket og flísar

á frábæru verði

Nýtt
hjá Húsasmiðjunni

BARLINEK



BarClick krækja,
ekkert lím,
auðvelt í lögn



BARLINEK

2.490
kr/m²

Eik Rústik
4ra stafa fallett lifandi
lakkað eikarparket.
Borðastærð 15x207x2.200 mm
146907



CERAMICHE
KEOPE

1.395
kr/m²

Gólfplisar, Keope
Gegnheilar, frostþolnar,
8,5 mm þykkar, 30x30 sm
8630030/31/33



2.490
kr/m²

Veggflisar, Metropol
Lugano Blanco, hvítar,
25x50 sm
8610411

METROPOL



BARLINEK

Eik Espresso
Dökkbæsuð eik í breiðum planka.
Borðastærð 15x180x2.200 mm
146933

4.990 m²

Clipstar
Smellufestingar

Festing fyrir gólfista frá Pedross.
Ekkert lím, engir naglar.
Auðvelt að fjarlægja þegar þarf að
mála eða leggja kapla.
84120



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

KJÖRKASSINN



Vilt þú fá nýjan borgarstjóra?

Já	78%
Nei	22%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ætlar þú að sjá heimildarmynd Sigur Rósar, Heima?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)



Persónuvernd telur Alcan á Íslandi hafa brotið lög í kosningabaráttu vegna stækkunarhugmynda:

Sömu aðferðir og í stjórnmalastarfi

STJÓRNSÝSLA Gunnar Steinn Pálsson, eigandi GSP-samskipta, segir tölvukerfið sem nýtt var í kosningabaráttu Alcan hafa verið notað í stjórnmalastarfi árum saman án þess að nokkur hafi gert við það athugasemd. „Nú er komið í ljós að Persónuvernd sá sérstaka ástæðu til þess að kanna Alcan í þessariaráttu á grundvelli sömu aðferða og hafa verið notaðar árum saman í stjórnmalastarfi. Það eitt og sér finnst mér mjög merkilegt.“

Samkvæmt úrskurði Persónuverndar framdi Alcan á Íslandi hf. lögbot þegar félagið safnaði saman persónuupplýsingum um íbúa Hafnarfjarðar er fyrirtækið undirbjó sig fyrir íbúakosningu um deiliskipulagstillögu bæjar-yfirvalda sem fól í sér stækkun álvers fyrirtækisins í Straumsvík.



ALCAN Á ÍSLANDI Persónuvernd telur Alcan hafa brotið lög í kosningabaráttu sinni fyrir stækkun álversins í Straumsvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í úrskurði Persónuverndar segir að Alcan hafi ekki sinnt lögboðinni fræðsluskyldu þegar könnun var gerð á vegum fyrirtækisins á skoðunum Hafnfirðinga á fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík, dagana 10.-15. mars. Er það mat Persónuverndar að Alcan hefði átt að tilkynna að upplýsingunum væri safnað á

vegum fyrirtækisins. Í úrskurði Persónuverndar segir jafnframt að starfsmenn Alcan hafi hringt til Persónuverndar og tilkynnt að þeir hefðu fengið tilmæli um að safna upplýsingum um tíu vini sína eða nágranna. Enginn vildi segja til nafns af ótta við uppsögn, að því er fram kemur í úrskurðinum.

Sigurður Þór Ásgeirsson, fjármálastjóri Alcan, segist ekki hafa trú á að starfsmenn Alcan hafi látið Persónuvernd vita. „Okkur finnst ólíklegt að starfsmenn Alcan hafi hringt og höldum að þeir sem börðust gegn okkur í kosningabaráttunni hafi gert það. Annars réðum við almannatengslafyrirtæki, GSP-samskipti, til þess að aðstoða okkur í þessu og það kom með þetta tiltekna tölvukerfi sem notað var til þess að safna saman upplýsingum.“

- mh

Frosin læsing?
Náðu þér í lása „sprey“ með afmæliskorti Olís



Þú færð afmæliskortið á næstu Olís-stöð.

Hinn og þarf / SIA

Þið sýnið heiminum að hrein orka virkar

Forseti bandarísku samtakanna Smart Power segir almenning í Bandaríkjunum ekki trúna að jarðvarmi geti séð heimilum þeirra fyrir orku en að Íslendingar hafi sýnt fram á annað. Yoko Ono segir að jarðarbúar þurfi að sigrast á svartsýni.

ORKUMÁL „Í Ameríku trúa menn því ekki að jarðhiti geti séð heimilunum fyrir orku. Látum þau koma til Reykjavíkur,“ sagði Brian Keane, forseti samtakanna Smart Power, sem berjast fyrir notkun vistvænna orkugjafa.

Keane var ásamt listakonunni Yoko Ono á ráðstefnu í gær í húsi Orkuveitu Reykjavíkur. Þar var til umræðu vinnsla raforku úr jarðvarma og tilraunir með bindingu koltvísýrings í jörðu.

Á fundinum gerði Yoko Ono að umræðuefni mikilvægi þess að bregðast við hlýnun jarðarinnar. „Okkur er sagt að vera ekki svartsýn en auðvitað erum við svartsýn. Og ef við erum svartsýn, þess heldur þurfum við að sigrast á þeirri stöðu svo við náum að þeim punkti að skapa okkur fallegan heim,“ sagði listakonnan.

Keane sagðist vilja flytja kunnáttu Íslendinga í vinnslu jarðvarma til Bandaríkjanna. „Það er gott að þið sýnið okkur og heiminum öllum að þetta er hægt. Hrein orka er raunveruleg, hún er hér og hún virkar,“ sagði Keane og bætti því við að fyrir þetta væri Friðarsúla Yoko í Viðey frábær tákngervingur.

Á fundinum kynnti Hólmfríður Sigurðardóttir, stjórnandi koltvísýringsverkefnis Orkuveitunnar, tilraunir sem nú eru undirbúnar og miða að því að binda koltvísýring í jarðlögum. Útskýrði Hólmfríður



BRIAN KEANE, VILHJÁLmur VILHJÁLMSson, YOKO ONO OG PETER BROWN „Hrein orka er raunveruleg, hún er hér og hún virkar,“ sagði Brian Keane, forseti Smart Power, sem tók á móti Yoko Ono í húsi Orkuveitu Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

að til slíks væri basalt afar heppilegt og að um 90 prósent Íslands væru úr basalti. Benti Hólmfríður á nokkra staði víðs vegar um heiminn þar sem basalt er ríkjandi bergtegund. Er það meðal annars á Indlandsskaga, í Síberíu og á Havaí. Vakti erindi Hólmfríður mikla hrifningu erlendu gestanna sem fylgdust með af athygli. Sagði Yoko Ono þetta verkefni vera undravert.

„Systir mín, sem er hér með mér,

minntist á það að hér væri ekkert ryk í gluggasýllunum. Það er frábært. Ég bý í New York og þar þarf alltaf að þrifa ryk úr gluggasýllunum. Þetta er munurinn,“ sagði Yoko sem kvaðst afar hamingjusöm með samvinnuna við Orkuveitu Reykjavíkur og lofaði að leggja áfram sitt af mörkum fyrir hreina orku. „Ég skal vinna að þessu andlega og þið sjáið um ykkar,“ sagði Yoko og uppskar hlátur ráðstefnugesta.

gar@frettabladid.is



DIR HURÐIR HUR

25% AFSLÁTTUR

Aseta ehf | Tunguháls 17-19 | 110 Reykjavík | sími: 533 1600 | aseta@aseta.is

ASETA
BYGGINGAVORUR BYGGINGATÆKNI

Peter Brown, fyrrverandi stjórnandi fyrirtækis Bitlanna:

Afar áhrifarík athöfn í Viðey

„Þegar ljósin voru kveikt og við heyrðum John Lennon syngja Imagine var það afar áhrifaríkt,“ segir Peter Brown, fyrrverandi framkvæmdastjóri Bitlafyrirtækisins Apple, sem var í Viðey í fyrrakvöld. Peter segir afar sjaldgæft að svo margir úr Bitlafjölskyldunni hittist. Það að Ringo Starr, Olivia Harrison og sonur hennar og Bitlansins George, Dhani, skuli hafi lagt á sig ferðalag til Íslands til að hitta Yoko og son hennar, Sean, hafi mikla þýðingu. „Þetta var eins og fallegur fjölskyldufundur þar sem allir vildu styðja við Yoko og Friðarsúluna. Hún er mjög dramatísk og falleg og frábær hugmynd,“ segir Peter Brown.

- gar

PETER BROWN
Framkvæmdastjóri Apple.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



YOKO ONO Listakonnan heilsar aldavinu sínum, Peter Brown, stjórnanda Bitlafyrirtækisins Apple.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Ekki bara hrifin af orkunni:

Yoko Ono í íslenskri peysu

Hrifning Yoko Ono á Íslandi virðist ekki eingöngu bundin við vistvæna orku og hreina náttúru. Í gær mætti Yoko á ráðstefnu í húsi Orkuveitu Reykjavíkur íklædd Cintamani-jakka sem er íslenskt fatamerki eins og kunnugt er. Mun hópurinn í kringum Yoko sérstaklega hafa óskað eftir því að fá Cintamani-flikur til að halda hita á mannskapnum meðan á dvölinni á Íslandi stendur.

- gar

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



N1



LJÓSDAGAR

Opið til kl. 21 í kvöld

Það verður mikil ljósadýrð í verslun N1 að Bíldshöfða dagana 11.-13. október.
Skínandi tilboð á ýmsum búnaði sem þarf til að lýsa upp skammdegið.
Kíktu við og fáðu rjúkandi kaffi og köku.



Hella, blátt ökuljós
010 1F8007560131

TILBOÐ
9.490,-
~~14.266,-~~



Hella, blátt ökuljós
010 1F8007560321

TILBOÐ
12.950,-
~~19.800,-~~



Hella, Rallye 3000
010 1F8006800321

TILBOÐ
10.950,-
~~14.460,-~~



Ljósahundur
063 2001175100

TILBOÐ
990,-
~~1.800,-~~



Dorcy vasaljós
760 412350

TILBOÐ
895,-
~~1.434,-~~



Allar bílaperur

TILBOÐ
-30%



Allar Son Lux rafhlöður

TILBOÐ
-30%



Vinnuljós, gúmmíklætt
010 IG3003710021

TILBOÐ
3.950,-
~~6.542,-~~

ÚTSALAN Í NÍTRÓ HEFST Í DAG
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR!



NITRO



N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

REYKJAVÍK · AKUREYRI · AKRANES · HAFNARFJÖRÐUR · KEFLAVÍK · SELFOSS · HORNAFJÖRÐUR · EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

OPIÐ Í DAG 8-21
FÖSTUDAG 8-18
LAUGARDAG 10-14

Tilboðin gilda 11-13. október eða á meðan birgðir endast.



- 1 Hversu margir sitja í gæsluvarðhaldi hér á landi um þessar mundir?
- 2 Hvað gerði Rindy Sam við málverk listamannsins Cy Twombly í Frakklandi nýverið?
- 3 Hvaða liði er spáð sigri í kvennaflokki Iceland-Express deildarinnar í körfubolta?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 70

Flutningskostnaður jafnaður með 150 milljónum króna á fjárlögum 2008:

Óráðið hvernig fénu verður varið

ALÞINGI „Mjór er mikils vísir,“ segir Kristján L. Möller samgönguráðherra um 150 milljóna króna heimild í fjárlögum sem ætluð er til að jafna flutningskostnað milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

Kristján var tíðrætt um nauðsyn þess að jafna flutningskostnað á vörum þegar hann var óbreyttur þingmaður í stjórnarandstöðu. Nýverið vísaði Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, í þetta í skriflegri fyrirspurn til ráðherra, og spurði hvernig hann hygðist beita sér fyrir lausn á jöfnun flutningskostnaðar á landsbyggðinni.

Kristján hefur ekki svarað fyrirspurn Jóns, en í samtali við Fréttablaðið sagði hann að 150 milljóna króna framlag í fjárlögum ársins



SKEGGRÆTT Þingmennirnir Atli Gíslason (til hægri) og Jón Bjarnason ræddu málin á Alþingi í vikunni en Ragnheiður Ríkharðsdóttir fylgdist með umræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bláðið sagði hann að 150 milljóna króna framlag í fjárlögum ársins

2008 væri byrjunin. Þetta væri í fyrsta skipti sem ríkisstjórnin viðurkenndi að þörf væri á því að jafna flutningskostnaðinn milli landshluta og það sé mikilvægt skref.

Spurður hvernig þessar 150 milljónir verði nýttar sagði Kristján það ekki hafa verið útfært enn þá. Stefnir sé að því að lækka flutningskostnað til neytenda.

Kristján segir ljóst að ýmsar stórverkslanir á borð við Bónus, Krónuna og fleiri jafni flutningskostnaði í sínum rekstri og bjóði upp á sama vöruverð um land allt. Það séu því frekar smærri aðilar og einstaklingarnir sjálfir sem þurfi að bregðast við.

Frumvarp Frjálslynda flokksins:

Vilja aukinn þorskkvóta

ALÞINGI Þingmenn Frjálslynda flokksins vilja að þorskkvóti á yfirstandandi fiskveiðiári verði aukinn um 40 þúsund tonn frá því sem sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, mælti fyrir frumvarpi um aukinn kvóta á Alþingi í gær.

Í greinargerð með frumvarpinu segir meðal annars að mikill ávinningur felist í vexti og viðgangi loðnu og sandsílis, það tvennt ætti að leiða af sér vaxtarauka þorsks. Því þurfi stjórnvöld að endurmeta veiðar á loðnu með það að markmiði að efla þorskstofninn.

- bj



Með réttu úti - og innimottunum

- getur þú stoppað 80% af óhreinindunum við innganginn

Á tilboði í október og nóvember 2007

Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Wayfarer grá með kanti, 120x180cm

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





Á LEIÐ TIL LANDAMÆRANNA Tyrkensk herflutningabílfreið með skriðdreka á leið til bæjarins Sirnak skammt frá landamærum Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tyrkneska stjórnin vill ráðast í hernaðaraðgerðir gegn Kúrdum:

Búa sig undir árásir inn í Írak

TYRKLAND, AP Tyrknesk stjórnvöld búa sig nú undir hugsanlegan hernað gegn Kúrdum handan landamæra Íraks. Herflutningar hafa staðið yfir til landamæra og reglulega má sjá herþotur og þylur fljúga yfir svæðið við landamærin. Kúrdískir aðskilnaðarsinnar hafa haft bækistöðvar handan landamæra og gert þaðan árásir á tyrkneska hermenn og almenna borgara í suðausturluta Tyrklands. Nú síðast á sunnudaginn var féllu þrettán tyrkneskir hermenn fyrir hendi Kúrda við landamærin.

Tyrkneski herinn gerði oft árásir á Kúrda í Írak á níunda og tíunda áratug síðustu aldar, en að þessu sinni virðist fleira í húfi, ekki síst samskiptin við Bandaríkin sem gætu versnað til muna ef af

árásum verður. Einnig er óttast að allt fari í bál og brand í Kúrdahéruðum Íraks, sem hingað til hafa að mestu sloppið við ofríð.

Enn er þó allt rólegt í landamærabæjunum Cizre, Silopi og Sirnak þar sem íbúarnir hittast á kvöldin að drekka te á litlum útikaffihúsum. Töluverð fátækt er í þessum landshluta, og ekki myndi ástandið skána ef landamærin lokast.

„Ef þessu landamærahlíði verður lokað vegna stríðs þá munu allir íbúar svæðisins finna fyrir því,“ segir Mehmet Yavuz, tyrkneskur flutningabílstjóri sem flytur sement frá Tyrklandi til Kúrdaborgarinnar Irbil í Írak.

„Þetta landamærahlíð er okkar daglega brauð.“

- gb

Norrænt eldhús – einföld, hrein, fersk upplifun



Gunnar Karl Gíslason, yfirmatreiðslumaður á VOX leggur sig fram um að ljá réttunum glæsilegt yfirbragð. Hann hefur enn fremur lært á löngum ferli að ferskt hráefni skilar langbesta bragðinu.

Viltir dagar á VOX

Nýr haustmatseðill hefur tekið gildi á VOX með gómsætri villibráð, íslensku sumarlambi og öðru norrænu haustráefni, litskrúðugum berjum, sveppum og fjallajurtum. Komdu fagnandi og bragðaðu á haustinu.

VOX Restaurant
18.30 - 22.30
Opíð þri. - lau.

VOX Bistro
11.30 - 22.30
Opíð alla vikuna

Hilton Reykjavík Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 50 50



RESTAURANT/BISTRO

www.vox.is Borðapantanir: 444 5050 eða vox@vox.is



CLARINS
PARIS

**Clarins nýjungar
í snyrtivörudeildum Hagkaupa
dagana 11.-17. október.**

Sérfræðingar Clarins verða í Hagkaupum Kringlu
og Smáralind frá kl 13-18 fimmtudag og
föstudag og laugardag frá kl 13-16.

Wonder length er nýr maskari sem þú munt njóta
þess að kynna. Það er staðreynd að
með Clarins er lífið fallegra.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keypt er
fyrir 4.500 kr. eða meira*
Við gefum þér fallegan prufupakka fyrir manninn frá
Clarins Men ef þú lítur við á kynningar.

*Gildir á meðan birgðir endast.



www.clarins.com

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



ELDUR ÚR MUNNI Eldgleyfir sýnir listir sínar í borginni Hefei í Kína í tilefni af þjóðhátíðarviku. Margir Kínverjar nota tækifærið og ferðast meðan á hátíðinni stendur, sem veldur miklu álagi á lestarstöðvar og flugvelli. NORDICPHOTOS/AFP

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, gagnrýndur í spurningatíma þingsins:

Ásakanir dynja á Brown

BRETLAND, AP „Áttarðu þig á því hvað þú lítur út fyrir að vera skinhelgur núna,“ sagði David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, í spurningatíma breska þingsins í gær þar sem Gordon Brown forsætisráðherra sat fyrir svörum.

Vikum saman hafa vangaveltur staðið um hvort Brown myndi boða til kosninga innan skamms, ekki síst þar sem skoðanakannanir voru stjórnninni í vil. Á laugardag, þegar skoðanakannanir snerust í fyrsta sinn stjórnninni í óhag, tók Brown af skarið og sagðist vilja sýna Bretum hvernig stjórnnin ætli að fram-



GORDON BROWN Forsætisráðherra er gagnrýndur bæði fyrir að fresta kosningum og boðaðar skattabreytingar. MYND/AP

fylgja stefnu sinni. Cameron sagði í þinginu að Brown hafi „enga sannfæringu, aðeins útreikning hags-

muna, enga sýn, aðeins tómið eitt.“

Íhaldsmenn gagnrýndu stjórnnina og Brown einnig harðlega fyrir áform um lækkun erfðaskatts, breytingar á flugvallarskatti og endurskoðun á skattfrelsi útlendinga sem búa að mestu erlendis en afla tekna í Bretlandi.

Þessi þrjú mál voru harðlega gagnrýnd á flokksþingi Íhaldsflokksins í síðustu viku, og áttu sinn þátt í því að staða flokksins batnaði í skoðanakönnunum.

„Í síðustu viku missti Brown vinsældirnar, í þessari viku missti hann síðferðilega stöðu sína,“ sagði Cameron.

Verzlunarmenn:
Vilja lengja orlofið sitt

VINNUMARKAÐUR Undirbúningur og mótun kröfugerða er í fullum gangi innan verkalýðshreyfingarinnar. Trúnaðarmannaráð Rafiðnaðarsambandsins og Samiðnar koma saman í vikulok og VR er að fara af stað með kjarakönnun.

„Það er fullsnemmt að segja hvernig kröfugerðin verður,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR. Hann telur sitt fólk meðal annars vilja aukið og sveigjanlegt orlof þar sem orlofsréttur er lengdur um allt að þrjú daga og reglum breytt svo hægt verði að taka vetrarfrí.

- ghs

BLESER leggings

MOORE hásockkar

OROBLU

Kynningar á nýju vetrarvörum frá Oroblu í Lyfju

- Fimmtudag, kl. 14-18 á Smáratorgi
- Föstudag, kl. 13-17 í Lág múla
- Laugardag, kl. 13-17 í Smáralind

Kaupauki
fylgir vöru frá Oroblu

LYFJA



KLÁMSÍÐUR Það er samfélagsins alls að berjast gegn glæpum á netinu.

Úrræði gegn netofbeldi

Börn eru berskjölduð þegar þau nota netið til fróðleiks og skemmtunar. Stjórnvöld, kennarar og foreldrar þurfa að gera sér grein fyrir hættunni.

FÉLAGSMÁL Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum á netinu er vandamál sem vitað er að hefur aukist ár frá ári eftir því sem fleiri börn nota netið. Um ræðir annars vegar þau tilvik þegar börn eru gínt af fullorðnum sem beita þau ofbeldi ýmist með kynferðislegum athöfnum í gegnum vefmyndavélar eða fá börnin til þess að hitta sig. Hins vegar er heimilisofbeldi í vaxandi mæli birt á netinu.

Barnaheill stendur fyrir ráðstefnu í dag undir yfirskriftinni Ný tækni – sama sagan: kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þar munu erlendir og innlendir fræðimenn ræða leiðir til þess að takast á við vandamálið og aðferðir til þess að hjálpa þeim börnum sem beitt eru ofbeldi.

„Lögreglan á ekki bara að vera að leita eftir glæpum á netinu heldur á allt samfélagið að taka höndum saman um að berjast gegn þessu. Þetta er ekki bara tæknilegt vandamál, heldur nota 98 prósent barna tölvur og það verður að vera sameiginlegur skilningur á vandamálinu,“ segir Elizabeth Skovgard, framkvæmdastýra Barnaheilla í Noregi. Hún mun fjalla um aðgerðir til þess að taka á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum á netinu í dag.

„Stjórnvöld í Noregi gerðu breyt-

ingar á lögum til þess að taka á vandanum. Sett voru ströng lög um barnaklám sem tiltaka allar tegundir mynda, texta og hljóðs. Þau hafa reynst mjög góð. Auk þeirra eru svonefnd gíningarlög. Það er nú ólöglegt að hafa samband við barn ef tilgangurinn er að misnota það kynferðislega. Þau lög eru tæki sem lögregla getur beitt áður en ráðist hefur verið á barnið og ekki þarf að bíða þess að glæpurinn hafi verið framinn. Þessi lög eru góður grundvöllur, en virka ekki ein og sér. Mikilvægast er að fræða foreldra, því netnotkunin fer að mestu leyti fram innan veggja heimilanna.“

Þá hefur norska fjarskiptafyrirtækið Pelanore, í samstarfi við lögregluna í Noregi, útbúið lista yfir 2.600 barnaklámsíður. Þeim var læst og komast norskir notendur ekki inn á þær. Þannig er reynt að stýra eftirspurninni og vonast er til að framboðið minnki.

„Það sem er efst á baugi Barnaheilla í Noregi er að fá miðlega stofnun, þar sem sérfræðingar á öllum sviðum sem tengjast kynferðislegu ofbeldi á netinu vinna saman að því að koma í veg fyrir glæpina, finna úrræði fyrir bæði fórnarlömb og gerendur og upplýsa samfélagið um hættuna. Á Íslandi hafið þið nú þegar Barnahús – það er góð byrjun.“

eva@frettabladid.is

Héldu klaustri í herkví í tvö ár eftir afskipti Vatíkansins:

Lok uppreisnar pólskra nunna

PÓLLAND, AP Um 150 lögreglumenn í óeirðabúningum tóku í gær þátt í aðgerð sem fólst í að yfirbuga nunnur sem yfirtóku klaustur í Póllandi árið 2005 í uppreisn gegn Vatíkani. Nunnurnar gerðu uppreisn eftir að skipun barst frá Vatíkani um að skipta um abbadís í klaustrinu.

Lásasmiður opnaði hlið klaustursins og lögreglumenn fóru inn og handtóku abbadísina. Því næst var um 65 nunnur fylgt út úr klaustrinu, sem sumar kölluðu „þjónar Satans“ að lögreglunni. Nunnurnar voru reknar úr reglunni sem þær tilheyrðu í fyrra.

- sdg

NUNNUM FYLGT ÚT Erkbiskup kaþólsku kirkjunnar í Lublin-héraði sagði útbúrð nunnanna örþrífarað. NORDICPHOTOS/AP



ADRO™
Einstök
hljóðvinnsla

HEYR HEYR

- Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
- Heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

HEYRNARSTÖÐIN

3. hæð, Kringlunni • Tímáttanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is

Hvað er að fréttu?

Með púlsinn á markaðnum alla daga_

www.visir.is



visir
Fyrstur með fréttirnar!

INGVAR HELGASON **NOTADIR BÍLAR**

TÆMUM PLANIÐ!

Planið hjá okkur er fullt af góðum bílum sem nú bjóðast á einstöku tilboðsverði. Komdu og gerðu góð kaup!

Tilboðsbílar

OPEL ZAFIRA COMFORT	Nýskr.08/02	ssk.	81 þús. km.	Verð 1.290.000	Tilboð 990.000
KIA OPIRUS	Nýskr.08/04	ssk.	64 þús.km.	Verð 2.680.000	Tilboð 2.090.000
NISSAN X-TRAIL SPORT	Nýskr.12/05	ssk.	21 þús.km.	Verð 2.580.000	Tilboð 2.280.000
OPEL ZAFIRA COMFORT 1.8	Nýskr.02/00	bsk.	116 þús.km.	Verð 880.000	Tilboð 650.000
OPEL MERIVA 1.6	Nýskr.02/06	bsk.	25 þús.km.	Verð 1.550.000	Tilboð 1.090.000
HONDA CR-V	Nýskr.11/03	bsk.	100 þús.km.	Verð 1.790.000	Tilboð 1.590.000
RENAULT MEGANE SCENIC	Nýskr.07/06	ssk.	8 þús.km.	Verð 2.350.000	Tilboð 1.950.000
RENAULT LAGUNA	Nýskr.09/03	ssk.	57 þús.km.	Verð 1.590.000	Tilboð 1.290.000
OPEL ZAFIRA 1.6	Nýskr.02/00	bsk.	125 þús.km.	Verð 760.000	Tilboð 550.000
HYUNDAI SANTA FE	Nýskr.10/01	bsk.	185 þús.km.	Verð 1.190.000	Tilboð 690.000
OPEL ASTRA 1.2	Nýskr.05/01	bs.	103 þús.km.	Verð 590.000	Tilboð 390.000
CITROEN XSARA PICASSO	Nýskr.08/05	ssk.	41 þús.km.	Verð 1.860.000	Tilboð 1.580.000
NISSAN PATROL ELEGANCE 33"	Nýskr.12/05	ssk.	28 þús.km.	Verð 4.590.000	Tilboð 4.190.000
FORD FOCUS	Nýskr.10/02	ssk.	81 þús.km.	Verð 1.060.000	Tilboð 860.000
FORD FOCUS C-MAX	Nýskr.03/06	ssk.	32 þús.km.	Verð 2.260.000	Tilboð 1.900.000
RENAULT MEGANE	Nýskr.10/03	bsk.	58 þús.km.	Verð 1.090.000	Tilboð 920.000
NISSAN TITAN LE 5.6L V8	Nýskr.12/04	ssk.	42 þús.km.	Verð 2.990.000	Tilboð 2.490.000
NISSAN X-TRAIL SPORT	Nýskr.12/05	ssk.	27 þús.km.	Verð 2.540.000	Tilboð 2.290.000



TILBOÐ!

Opel Astra 1.8

Ekinn 22 þús. Nýskr. 01/06. Bensín.
Verð áður: 1.830.000 kr.

2006
Sjálfskiptur

1.550.000 kr.



TILBOÐ!

Nissan Pathfinder

Ekinn 23 þús. Nýskr. 02/06. Bensín.
Verð áður: 3.760.000 kr.

2006
Beinskíptur

3.190.000 kr.



TILBOÐ!

Renault Scenic

Ekinn 16 þús. Nýskr. 09/06. Bensín.
Verð áður: 2.350.000 kr.

2006
Sjálfskiptur

1.950.000 kr.



TILBOÐ!

Nissan Micra Visia

Ekinn 32 þús. Nýskr. 11/04. Bensín.
Verð áður: 1.220.000 kr.

2004
Sjálfskiptur

1.090.000 kr.



TILBOÐ!

Nissan Patrol Elegance 33"

Ekinn 25 þús. Nýskr. 11/05. Dísel.
Verð áður: 4.590.000 kr.

2005
Sjálfskiptur

4.190.000 kr.

DEKKJADAGAR Í OKTÓBER!

Ef þú kaupir notaðan bíl hjá okkur í október færðu heilsársdekk frá okkur í kaupbæti. Komdu strax í dag, skoðuðu úrvalið ogaktu heim á frábærum bíl sem er tilbúinn fyrir vetraraksturinn. Við tökum vel á móti þér!

INGVAR HELGASON

Sævarhöfða 2 Reykjavík | Óseyri 5 Akureyri | Holtsgötu 52 Reykjanesbæ | Sími 525 8000 | www.ih.is
Opíð: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



INGVAR HELGASON

GERVIGREINDAR HÁTÍÐ
BORGARLEIKHÚSINU 13. OKTÓBER 2007

ADGANGUR ÓKEYPIS

13:00 Hátíðin sett Dr. Kristinn R. Þósson, dósent í tölvunarfræði Meðstjórnandi Gervigreindarseturs HR	14:45 Gervigreindarrannsóknir á Íslandi: Gervigreindarsetur HR Dr. Kristinn R. Þósson
13:15 Gervigreind í geimnum Dr. An K. Jónsson, fyrrv. vísindamaður hjá NASA Forseti Tölvunarfræðisáttakanna HR	15:00 Tónleikar Landskunnir tónlistarmenn Matthías M.D. Hemstock, Jóel Pálsson o.fl. berjast um heimsofírnáð við veitilund
13:40 Hvernig maður verður heimsmeistari í gervigreind Dr. Yngvi Björnsson, dósent í tölvunarfræði Meðstjórnandi Gervigreindarseturs HR	15:15 Verðlaunaafhending í gervigreindarkeppninni Dr. Kristinn Andersen og dómnefnd veita verðlaunin, styrkt af OCP
14:15 Gervigreind í gervilum Grimur Jónsson, Óasur hf	15:30 Veitingar – Ópin kynning á Íslenskum gervigreindar- verkafnum, rannsóknarsætum, fyrirtækjum og samþökum OCP, Hexa.net, ISIR, CADIA, Rannís, Tungutækni-setur ...og margir fleiri
14:30 Gervigreind í iðnaði og framleiðslu Dr. Kristinn Andersen, Marel hf	

**Glæsilegir Blue Lagoon kaupaukar
í verslunum okkar**

Bláa Lóninu
Laugavegi 15
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Lyf & heilsu, Kringlunni

**BLUE LAGOON
ICELAND**

www.blueagoon.is

Nóbelsverðlaun í efnafræði og eðlisfræði:

Hvarfakútar og hörð drif

SVÍPJOB, AP Þjóðverjinn Gerhard Ertl hlýtur Nóbelsverðlaunin í efnafræði í ár fyrir rannsóknir á efnahvörfum á yfirborði hluta. Þessar rannsóknir hafa meðal annars aukið skilning manna á því hvers vegna ósonlagið þynnist, hvernig efnarafalar framleiða orku án þess að menga, hvernig hvarfakútar hreinsa útblástur bifreiða og hvers vegna járn ryðgar.

Ertl varð einmitt 71 árs í gær og sagði fréttirnar um Nóbelsverðlaunin vera „bestu afmælisgjöf í heimi.“

„Ég verð að játa það að ég missti gjörsamlega málið og tárin

spruttu fram,“ sagði hann við blaðamenn í Berlín í gær.

Á þriðjudag var skýrt frá því að Frakkinn Albert Fert og Þjóðverjinn Peter Gruenberg myndu deila með sér Nóbelsverðlauninum í eðlisfræði fyrir uppgötvanir sem leiddu til þess að hægt varð að notast við miklu smærri harða diska í tölvum og tónstokkum en áður.

„MP3 og iPod iðnaðurinn væri ekki til án þessarar uppgötvunar,“ segir Borje Johansson, sem á sæti í sænsku vísindaakademíunni.

Nóbelsverðlaunin verða afhent í Stokkhólmi þann 10. desember. - gb



SARKOZY OG PÚTÍN Segjast staðráðnir í að efla samvinnu ríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segir vestrið ógna Rússum

Meðan forsetar Frakklands og Rússlands áttu fundi í Moskvu sendir yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar Vesturlöndum kaldar kveðjur.

RÚSSLAND, AP Yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB segir að njósnarar á vegum Vesturlanda vinni markvisst að því að grafa undan Rússlandi og sundra því. Sérstaklega segir hann breska njósnara iðna við þann kola.

„Stjórnmalámennt sem hugsa í viðjum kalda stríðsins hafa enn áhrif í sumum ríkjum Vesturlanda,“ segir Nikolái Patrusjev í viðtali sem birtist í gær í vikublaðinu Argument í Fakti. „Þeir hafa hreykt sér af því að hafa átt þátt í hrúni Sovétríkjanna, og þeir hafa áform um að sundra Rússlandi.“

Viðtalið birtist sama dag og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti er í heimsókn hjá Vladímír Pútín Rússlandsforseta. Þeir hafa átt nokkra fundi í gær og fyrradag og létu þá ágreiningsefni sín ekki trufla sig mikið.

Sarkozy benti meðal annars á ýmis tækifæri til frekara samstarfs og Pútín tók undir það með Sarkozy að hvetja þurfi Írana til þess að draga fram í dagsljósið allar upplýsingar um áform sín í kjarnorkumálum.

Pútín er á leið til Írans í byrjun næstu viku á leiðtogafund Kaspíahafsríkja. Sarkozy sagði að ferð Pútíns gæti orðið til þess að Íranar sýni meiri samvinnu: „Það er aðalatriðið. Þetta er mál sem varðar jörðina alla.“

Patrusjev, sem er gamall bandamaður Pútíns, segir hins vegar í viðtalinu að vestrænir njósnarar



NIKOLÁÍ PATRUSJEV Yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB.

NORDICPHOTOS/APF

einbeiti sér sérstaklega að því að sá fræjum óánægju í aðdraganda þingkosninganna í desember og forsetakosninganna í vor.

Sérstaklega telur hann að breskir njósnarar séu „ekki aðeins að safna upplýsingum á öllum sviðum, heldur eru þeir líka að reyna að hafa áhrif á þróun innanríkisstjórn mála í landinu okkar.“

Samskipti Rússlands og Bretlands hafa versnað að undanfögnu, ekki síst eftir að Alexander Litvinenko, fyrrverandi starfsmaður leyniþjónustunnar FSB, var myrtur í London í nóvember síðastliðnum. Á dánarbeiði sínum sakaði hann Pútín forseta um að standa á bak við morðið. Rússar harðneita slíkum ásökunum.

gudsteinn@frettabladid.is

Danskir hjúkrunarfræðingar: Reiði yfir nærfataauglýsingu

DANMÖRK Samtök hjúkrunarfræðinga í Danmörku hafa lýst yfir reiði sinni vegna nærfataauglýsingar þar sem hjúkrunarkona er sýnd í kynferðislegu ljósi.

Áttunda hver hjúkrunarkona í Danmörku hefur verið kynferðislega áreitit í vinnunni samkvæmt könnun frá 2005. Áreitnin kemur frá sjúklingum, aðstandendum, samstarfsmönnum og yfirmönnum en sjúklingarnir eru verstir. Og auglýsingin mun ekki bæta ástandið segir varaformaður samtakanna, Dorte Steenberg, við fréttavef Politiken. „Það er stórt vandamál fyrir okkur að vera kynferðislega hlutgerðar.“ - sdg

Jarðhitanýting er ofarlega á baugi hjá kínverskum ráðamönnum:

Vilja efla samvinnu við Ísland

ORKUMÁL Í fjölþættri dagskrá Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, í Xian Yang-borg og Shaanxi-fylki í Kína á sunnudag, kom fram eindreginn vilji kínverskra ráðamanna til að stórefla samvinnu við Ísland um jarðhitanýtingu. Fyrsti áfangi hitaveitunnar í Xian Yang, sem reist er í samvinnu Glitnis, Orkuveitu Reykjavíkur og Enex við Sinopec, sem er þriðja stærsta orkufyrirtæki Kína, þykir benda til að raunhæft sé að hefjast nú þegar handa við undirbúning næstu áfanga. Kínversk stjórnvöld hafa valið borgina sem miðstöð jarðhitanýtingar í Kína.

Á fundi Ólafs Ragnars með Hu



FRÁ HEIMSÓKN FORSETANS Í KÍNA Stjórnendur hitaveituverkefnisins í Xian Yang ásamt forsetahjónunum og Gunnari Snorra Gunnarssyni, sendiherra Íslands.

Jintao, forseta Kína, fyrir nokkrum dögum lýsti forseti Kína eindregnum stuðningi við þessa samvinnu enda væri hún veigamikil framlag

til að breyta orkubúskap Kínverja í átt til hreinnar orku. Ólafur Ragnar skoðaði einnig nýja hitaveitu í Xian Yang en aðeins eru tvö ár liðin frá því undirritaðir voru samningar um það verkefni þegar forseti kom í opinbera heimsókn til Kína.

Á sunnudagskvöld átti Ólafur Ragnar fund með ríkisstjóra Shaanxi-fylkis þar sem ítarlega var rætt um næstu áfanga í jarðhitasamvinnu Shaanxi og Íslands. Forseti lagði áherslu á að ítarleg úttekt yrði gerð á jarðhitamöguleikum fylkisins, að hitaveituframkvæmdum yrði hraðað og samvinna vísindamanna og sérfræðinga á þessu sviði yrði eflað. - shá

Loðnuveiðar að hefjast:

Kvótinn 205 þúsund tonn

SJÁVARÚTVEGSMÁL Sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út reglugerð um loðnuveiðar á vetrarvertíð 2008, að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar. Heimilt verður að hefja loðnuveiðar 1. nóvember.

Bráðabirgðakvóti fyrir komandi vertíð hefur verið ákveðinn 205 þúsund lestir og koma þar af rúmar 120 þúsund lestir í hlut íslenskra loðnuskipa.

Heildarkvóti komandi vertíðar er áætlaður 308 þúsund lestir og þá eykst heildarkvóti íslensku loðnuskipanna um 100 þúsund lestir. - shá



APPELSÍNULEIÐTOGAR Timosjenkó og Jústsjenkó bjóða flokki Janúkovitsj stjórnaraðild. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málamiðlun í Úkraínu:

Janúkovitsj fær boð um aðild

ÚKRAÍNA, AP Flokkur Viktors Jústsjenkó forseta og flokkur Júliú Timosjenkó hafa samþykkt að bjóða flokki Viktori Janúkovitsj forsætisráðherra aðild að nýrri ríkisstjórn.

Evrópusinnuðu flokkarnir tveir fengu nægilega mörg atkvæði í þingskosningunum í lok september til að geta myndað stjórn með naumum meirihluta, en Jústsjenkó forseti lagði til að samið yrði við flokk forsætisráðherrans, sem hlaut flest atkvæði í kosningunum og aðhyllist nánari tengsl við Rússland. - gb

Spurt um flutningsstyrki:

Óheppilegt að tengja styrki þorskkvótanum

ALÞINGI Óheppilegt var að kynna breytingar á upphæðum flutningsstyrkja á sama tíma og mótvægisáðgerðir vegna



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

samdráttar á þorskveiðum, sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra á Alþingi á þriðjudag. Jóhanna svaraði fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, sem spurði

hvort ætlunin væri að bera fé í fólk til að það flytti sig um set, í stað þess að ríkisstjórnin axlaði ábyrgð á atvinnuástandinu.

Jóhanna sagði ákvæði um flutningsstyrki hafa verið í lögum í vel á þriðja áratug og á síðustu tíu árum hefðu átta styrkir verið veittir. - bj

UJH álykta um strætó:

Frítt fyrir börn og öryrkja

STJÓRNMÁL Ungir jafnaðarmenn í Hafnarfirði (UJH) hvetja bæjaryfirvöld og stjórn Strætó bs. til að fella niður strætófargjöld öryrkja og barna undir 18 ára. Það sé hin mesta kjarabót fyrir öryrkja og fjölskyldufólk og áhrifarík leið til þess að venja yngstu kynslóðina á notkun almenningsgangna.

Þá fagna UJH kjöri nýrrar stjórnar Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar. - eb



Íslenskur raforkumarkaður

Einkavæðing - skipulagsbreytingar - samkeppni

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins þriðjudaginn 16. október á Grand Hótel

Samtök iðnaðarins efna til morgunfundar um íslenskan raforkumarkað á Grand Hóтели þriðjudaginn 16. október næstkomandi. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:15 og stendur til 10:30.

Ræðumenn:

Katrín Júlíusdóttir
formaður iðnaðarnefndar Alþingis



Árni Sigfússon
bæjarstjóri Reykjanesbæ



Bryndís Skúladóttir
verkfræðingur hjá SI



Friðrik Sophusson
forstjóri Landsvirkjunar



Tómas Már Sigurðsson
forstjóri Fjarðaáls og stjórnarmaður í SI



Fundarstjóri:
Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Fundurinn er öllum opinn
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að sækja fundinn

SI

Samtök iðnaðarins

TILF

STÚTFULL BÚÐ AF

1GB STONE MP3
4.990

500GB
23.900

QCZ LEIKMUS
4.990

22" LCD
39.900

Canon iP4500
11.900

PÖTTIÞÝLL
6.990

500GB eSATA
14.900

20" WIDE SCREEN
27.900

MINI
3.990

2GB MINNI
9.990

512MB
14.900

GIGABYTE
69.900

Strax 4400
149.900

ACER 2480
48.900

PACKARD BELL M851
79.900

PACKARD BELL M851
99.900

ACER STROG
99.900

VERD VORN

TÖLVUTEK
Borgarfelli 33 • 105 Reykjavík • 582 2222 • www.tolvutek.is

STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM

BOÐ

FRÁBÆRUM TILBOÐUM



**1 GB
MINNI**

2.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni



Sértilboð ef einnig er verslað móðurborð

**3 DAGA
TILBOÐ**
EDA MEDAN
BIRGÐIR ENDAST

**QUAD
ÖRGJÖRVI**

19.900

Intel Core 2 Quad 6600 örgjörvi



**3 DAGA
TILBOÐ**
EDA MEDAN
BIRGÐIR ENDAST

ÁPRENTAN
LEGIR OG
HULSTRI

**10 DVD
DISKAR**

990

Áprentanlegir Verbatim 16x DVD+R

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
**VERÐ
VÖRN**
Þá lækkum við okkar verð á staðnum



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðað við Visa/Euro skuldbætur með hagstæðum vörum, stimpil og lánþekkingarfráttir.

„ORÐRÉTT“

Leyst úr öllum málum

„Það er öllum ljóst að það var um þetta ágreiningur í okkar hópi [...] en okkur tókst á þessum fundi að leysa þessi mál.“

VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSOHN
BORGARSTJÓRI VIRTIST BJARTSÝNN
Á AÐ ÁGREININGI MEÐAL BORG-
ARFULLTRÚA SJÁLFSTÆÐISFLOKKS-
INS VÆRI LOKIÐ EFTIR FUND Á
MÁNUDAG.

Fréttablaðið 9. október

Kýrskýrt

„Auðlindirnar sjálfar, sem eru í almannaeigu í dag, eiga ekki endilega að vera andlag einkavæðingar.“

GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐ-
HERRA VAR GAGNRÝNDUR Á
ALÞINGI FYRIR ÓSKÝR UMMÆLI UM
EINKAVÆÐINGU ORKULINDANNA.
Fréttablaðið 10. október

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? STEFÁN INGI STEFÁNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI UNICEF

Jólaundirbúningur hefst snemma

„Ég var að koma frá Gíneu-Bíssá þar sem ég skoðaði verkefni sem við erum með þar,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

„Við hittum aðallega kennara sem kenna í þeim 147 skólum sem við styrkjum. Það var rosalega skemmtilegt. Eins og alltaf var sungið og dansað og verkefnið vel unnin og öguð. Það var gaman að sjá hvað gengur rosalega vel. Nú er ég kominn aftur í íslenska haustið og líkar það vel. Fram undan er vinna og ég verð bara við skrifborðið mitt næstu vikur.“

Við erum að undirbúa áframhaldandi samstarf við Gíneu-Bíssá. Þá verður Barnasáttmálinn 18 ára þann 18. nóvember. Samkvæmt sáttmálanum verður hann þá orðinn fullorðinn.

Við erum líka byrjuð að skipuleggja jólakortasölu UNICEF. Hún hefst í síðara hluta nóvember og verður með hefðbundnu sniði. Jólaundirbúningurinn byrjar því aðeins fyrr hjá okkur en ég kvarta ekki yfir því.“



SPENDÝR: MINKURINN ER ÖVELKOMINN

■ Refurinn er eina spendýrið sem talið er að hafi verið á Íslandi við landnám að því er segir á Íslandsvefnum. Önnur hafi síðar komið með mönnum. „Það fyrsta var líklega hagamúsinn sem finnst nú um allt land. Annað er hreindýrið sem flutt var til landsins á 18. öld. Nýjasta viðbótin við íslenska dýraríkið, og jafnframt það övelkomnasta, er ameríski minkurinn, sem fluttur var inn til ræktunar á fyrri hluta 20. aldarinnar. Dyr sem sluppu dreifðu sér síðan um allt land og hafa haft mikil áhrif á fuglalíf víðs vegar, svo sem sumar sjófluglabyggðir.“



SJÓNARHÓLL

VEIKBURÐA NEITAD UM SKÓLAVIST

Á móti síun Hraðbrautar

Persónuvernd hefur úrskurðað að Menntaskólinn Hraðbraut megi ekki spyrja út í persónulega hagi umsækjenda á eyðublaði, eins og hvort viðkomandi eigi við lestrarörðugleika eða hegðunarvandamál að stríða.



HELGA SIGURJÓNSDÓTTIR
Kennari

Skólinn hefur notað svör nemenda við þessum spurningum til þess að meta hverjir „eigi enga von um að ná árangri“ og taka þá því ekki inn í skólann.

Helga Sigurjónsdóttir kennari segir eindregið á móti svona aðferðum. „Ég tel alls ekki rétt að gera þetta. Því miður nýtur sú stefna vaxandi fylgis í grunn- og framhaldsskólum að skólarnir séu að meta hvern og einn og segja fyrir um hvaða nám henti hinum og þessum,“ segir hún. „Hvernig ætla ég sem kennari að segja fyrir um það hvað nemandi mun geta? Í námi hjá mér eru börn og fullorðnir sem hafa verið dæmd óhæf til að læra almennilega að lesa og skrifa, en ég kenni öllum.“

Safnar fyrir ómsjá á Players

Fólk bregst við slæmum tíðindum á misjafnan hátt.

Hólmar Þór Stefánsson, smiður og samkvæmisdansari, fékk nýlega þær fréttir að hann væri með nýrnabilun. Læknar hafa sagt honum að hann eigi að byrja í blóðskilun um áramót og verið er að leita að heppilegum nýrnagjafa. Hólmar sjálfur er svo að skipuleggja mikla veislu á Players til að safna fyrir tæki sem vantar á Landspítalann.

„Mig langaði að halda almennilega upp á fertugsafmælið mitt en hins vegar langaði mig ekkert sérstaklega í blóm, stytur og þess háttar. Ég spurði þau á nýrnadeildinni hvort það væri ekki eitthvað sem vantaði þangað. Mér var þá réttur bæklingur sem innihélt upplýsingar um tæki sem ég hef þegar pantað,“ segir Hólmar.

Tækið sem um ræðir er 600 þúsund króna ómsjá. „Hún kemur til með að nýstast fjölda sjúklinga á spítalanum, ekki síst nýrna-veikum,“ segir Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, deildarstjóri á melt-ingar- og nýrnadeild 13E.

Afmæli Hólmar hefst klukkan átta á Players á morgun. Hann segir öllum velkomið að líta inn, kunnugum jafnt sem ókunnugum. Gestir eigi þó ekki að hafa með sér gjafir heldur greiða 2.000 krónur í aðgangseyri. Ágóðinn verði svo notaður til að standa straum af tækinu.

„Ég ætla bara að vona að gömlu

skólafélagarnir, krakkarnir úr dansinum og fleiri sem maður hefur kynnst láti sjá sig,“ segir Hólmar og hlær.

Skemmtiatriðin verða ekki af verri endanum en sjálf Andrea Jónsdóttir ætlar að þeyta skífum auk þess sem tónlistarmennirnir Jónsi og Magni koma fram.

„Ég hef starfað sem húsasmiður hjá Innliti/Útliti og átti smá greiða inni hjá þeim og tóku þau vel í að launa hann til baka í afmælinu,“ segir Hólmar um ástæður þess að hann hefur fengið til sín svo vinsæla skemmtikrafta.

„Þetta átti samt aldrei að verða svona mikið, boltinn bara fór að rúlla og vatt upp á sig. Nú er svo komið að fólk sem ég hef ekki séð í fjölda ára hefur haft samband við mig og vill leggja málefninu lið þótt það komist ekki í veisluna,“ segir Hólmar en fyrir það fólk hefur hann stofnað reikning í Byr: 1195-05-402889 kennitalan er 250967-2929. karen@frettabladid.is



ANDREA JÓNSDÓTTIR



JÓNSI



MAGNI



HÓLMAR ÞÓR STEFÁNSSON Vill ekki afmælisgjafir heldur ómsjá. Tækið vill Hólmar gefa Landspítalanum en hann hyggst safna fyrir því með sölu á aðgöngu-miðum inn í sína eigin afmælisveislu sem haldin verður á Players klukkan átta á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRUMSÝND 12. OKTÓBER SÝND Í REGNBOGANUM

KVIKMYND EFTIR ALEKSANDR SOKUROV

ALEXANDRA

★★★★

„Galina Vishnevskaya hefur yfir sér reisin sviðsleikkonunnar... Sokurov segir mannlega sögu í litlausum heimi... ljúfsár og tregablandin mynd.“

- Anna Sveinbjarnardóttir, Morgunblaðið

CANNES 2007
Golden Palm
Nominee

TORONTO 2008
Official Selection



KLIPPID HÉR!

1 Ekkert hló

2 Minna af auglýsingum

3 Engin trúlfun

græna ljósið
- Ekki hér á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenajlosid.is - Skráning í BÍÓklúbb Græna ljóssins margborgar sig

Rokkblaðamaðurinn og tónlistargagnrýnandinn Ritchie York á Íslandi:

Friðarsúla Yoko er alger snilld

„Þetta var alger snilld. Ég var djúpt snortinn,“ segir ástralski rokkblaðamaðurinn Ritchie York sem dvelur nú á Íslandi og fylgdist með tendrun Friðarsúlu Yoko Ono í Víðey.

Með Yoko var sonur hennar, Sean Lennon, auk þess sem Olivia, ekkja George Harrison, flaug hingað með syni þeirra hjóna og sjálfum Ringo Starr til að vera við athöfnina í Víðey.

„Það var yndislegt að sjá þau öll saman komin til að styðja John. Það er frábært að þau haldi áfram að senda jákvæð skilaboð – eins og tónlistin þeirra gerði alla tíð,“ segir Ritchie.

Athygli vakti hversu Ringo leit vel út og virtist vel á sig kominn. „En eins og þau öll þá hefur Ringo átt sín góðu og slæmu augnablik. Þegar maður breytir heiminum sem einn af Bítlanum þá breytir heimurinn þér líka,“ útskýrir Ritchie.

Rétt fjörutíu ár eru síðan Ritchie gerdist fyrsti rokkblaðamaður kanadíska blaðsins Toronto Globe and Mail. Hann er einmitt hér sem fulltrúi þess blaðs auk þess að vera á vegum Fairfax-samtakanna í Ástralíu.

Ritchie segir John Lennon og Yoko hafa veitt sér innblástur um það hvernig nota mætti tón-



RITCHIE YORK „Frábært að þau haldi áfram að senda jákvæð skilaboð,“ segir blaðamaðurinn Ritchie York sem er á Íslandi með konu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDURW

list til að ná samfélagslegum markmiðum. Hann hafi starfað að því að breiða út friðarboðskapinn, á svipaðan hátt og Yoko

sé enn að gera. „Það er yndislegt að sjá Yoko enn að gera svona dásamlega hluti,“ segir Ritchie York.

- gar



LÍFSTRÉ

Hefur þú áhuga á að vera þátttakandi í rannsókn sem snýr að þróun bættrar þjónustu kvenna er greinast með brjóstamein og aðstandenda þeirra?

Hefur þú greinst með brjóstakrabbamein fyrir að minnsta kosti 6 mánuðum síðan eða ert aðstandandi, það er maki, barn 18 ára og eldri, foreldri, systkini, vinkona eða vinur konu sem hefur greinst með brjóstakrabbamein fyrir að minnsta kosti 6 mánuðum síðan? Hvernig litist þér þá á að taka þátt í rannsókn?

Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasiðanefndar og verið tilkynnt til Persónuverndar.

Aðalrannsakendur eru **Herdís Jónasdóttir** hjúkrunarfræðingur MSc. og **Ingibjörg Hreiðarsdóttir** hjúkrunarfræðingur BSc. Meðrannsakendur eru 20 talsins og samanstanda af heilbrigðisstarfsfólki, konum sem hafa greinst með brjóstakrabbamein og aðstandendum. Þeir eru eftirfarandi:

Aðalbjörg Finnbogadóttir, hjúkrunarfræðingur MSc.
Auður Elísabet Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc.
Dóra Júlíussen, félagsráðgjafi BA.
Edda Hannesdóttir, meistaranemi í sálfræði við Háskóla Íslands.
Eldey Huld Jónsdóttir, kennari B.ed, félagsráðgjafi MSW og andlegur heilari.
Guðrún Þórðardóttir, leikari og kennaranemi við Liftháskóla Íslands.
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi BA.
Jóhanna Björk Briem, sjúkranuddari frá Canada, Craniosacral meðferðanám frá Englandi og MA í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands.
Kristín Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur BSc.
Margrét Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari MSc í intergrative psychotherapy.
Ragna Dóra Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc og meistaranemi í heilsuhagfræði.
Ruth Sigurðardóttir, skurðhjúkrunarfræðingur BSc.
Sigrún Sæmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur MSc.
Sigurður Árnason, sérgrein: krabbameinslækningar.
Snorri Ingimarsson, sérgrein: geð- og krabbameinslækningar.
Svanhildur Jónsdóttir, skurðhjúkrunarfræðingur og MA í mannauðsstjórnun.
Valgerður Hjartardóttir, hjúkrunarfræðingur BSc og djákni.
Þóra Baldvinsdóttir, ráðgjafi.
Þórunn Lárusdóttir, hjúkrunarfræðingur BSc og meistaranemi í þýðingum.
Þorbjörg Ingvadóttir, sjúkraliði og framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis.

Megintilgangur rannsóknarinnar er að kanna með hópviðtölum rýnihópa (focus groups), viðhorf og væntingar kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og aðstandenda þeirra til sérhæfðar brjóstameinsmiðstöðvar með hliðsjón af hugmynd sem fengið hefur nafnið *Lífstré*.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort hugmyndin samræmist hugmyndum kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og aðstandenda þeirra á þeirri þjónustu sem þau vænta frá greiningu til loka meðferðar og að nýta viðhorf og væntingar þessa tiltekna hóps til frekari framþróunar á þjónustu þeim til handa.

Áhætta af þátttöku er í lágmarki þar sem áherslur viðfangsefna rýnihópanna eru á þætti þjónustunnar en ekki á upplifun þátttakenda af sjúkdómi sínum. Niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í heilbrigðisþjónustu fyrir konur sem greinast með brjóstamein og aðstandendur þeirra.

Óskað er eftir 210 þátttakendum. Viðtölin verða á 4-6 vikna tímabili í október og nóvember 2007. Hver hópur hittist einungis einu sinni og mun hvert hópviðtal taka um 1-1 ½ klst. Leitað er eftir þátttöku fólks af öllu landinu. Fundarstaðir hópviðtalanna verða hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Maður Lífandi Borgartúni, Krabbameinsfélagi Austfjarða og Krabbameinsfélagi Akureyrar.


Þeir sem kynnu að hafa áhuga eru beðnir um að leita frekari upplýsinga hjá Herdísí Jónasdóttur í síma 694-3250 eða Ingibjörgu Hreiðarsdóttur í síma 694-6939.

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni.

Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Svona erum við

> Gistinætur á hótélum í ágúst mánuði.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: NÓBELSVERÐLAUNIN

Heiður og upphefð Nóbelsverðlaunahafa

Nóbelsverðlaunahafar ársins 2007 hafa verið tilkynntir hver á fætur öðrum undanfarna viku. Tilkynnt verður um síðasta verðlaunahafann á mánudaginn. Sjálf verðlaunafhendingin fer þó ekki fram fyrr en 10. desember, á dánarafmæli stofnanda verðlaunanna, Alfreðs Nóbels.

Hvað eru Nóbelsverðlaunin?

Nóbelsverðlaunin eru veitt árlega í sex flokkum sem eru eðlisfræði, efnifræði, lífeðlisfræði eða læknisfræði, bókmenntir, friður og hagfræði. Þykja Nóbelsverðlaunin ein mesta upphefð og heiður sem hægt er að öðlast í viðkomandi flokkum.

Hver er uppruni Nóbelsverðlaunanna?


Sænski vísindamaðurinn Alfreð Nóbél setti árið 1985 í erfðaskrá sína að veita ætti verðlaun í sínu nafni í fimm flokkum. Verðlaunin voru fyrst afhent árið 1901 fyrir utan Nóbelsverðlaunin í hagfræði

sem bættust við sem verðlaunaflokkur árið 1969 að frumkvæði seðlabanka Svíþjóðar.

Hvernig eru verðlaunahafar valdir?

Sérstakar stofnanir í Svíþjóð sjá um að skipa nefndir nokkurra einstaklinga fyrir hvern verðlaunaflokk fyrir sig og sjá þær um að velja verðlaunahafa. Eina undantekningin er að norska þingið sér um að skipa nefndina sem velur friðarverðlaunahafann. Nokkur þúsund manns eru beðnir um að senda inn tilnefningar sem nefndirnar fara síðan yfir. Lokafrestur til að skila inn tilnefningum er 31. janúar nema fyrir friðarverðlaunin þar sem lokafrestur er 3. febrúar.

Heimild: Wikipedia.org



SPURT & SVARAD

GÆSLUVARÐHALD OG EINANGRUN

Rannsóknarhagsmunir



VALTÝR SIGURÐSSON
Fangelsismála-
stjóri

Tuttugu og sex manns sitja í gæsluvarðhaldi hér á landi, þar af nítján í einangrun. Aldrei hafa fleiri verið í gæsluvarðhaldi á sama tíma. Meðal þeirra eru fimm sem sitja í einangrun vegna amfetamínssmygl-

málsins á Fáskrúðsfirði og níu Litháar sem eru í einangrun vegna gruns um stórfelldan þjófnað. Valtýr Sigurðsson er fangelsismálastjóri. Hvers vegna eru menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald?

„Það er mat lögreglunnar hvort hún telur sig þurfa að óska eftir gæsluvarðhaldi í einstökum málum, og ef hún telur svo fá þeir gæsluvarðhaldsúrskurð hjá dómara. Þetta er oftast vegna rannsóknarhagsmuna svo að viðkomandi aðili hafi ekki samband við aðra á meðan rannsókn stendur yfir.“

Hvers vegna eru sumir í einangrun en aðrir ekki?

„Það er af svipaðri ástæðu, til að viðkomandi geti ekki haft samskipti við aðra á meðan hann situr í gæsluvarðhaldi. Dómarinn ákveður hversu mikil einangrunin er að beiðni rannsóknaraðila.“

Fíkn er stórt lýðheilsuvandamál

SÁÁ fagna 30 ára starfsafmæli um þessar mundir og af því tilefni stóðu samtökin fyrir þriggja daga ráðstefnu um fíkn. Niðurstaðan er að hér sé stórt lýðheilsuvandamál við að eiga.

Það er kannski lýsandi fyrir breytingar á íslensku samfélagi síðustu þrjú áratugi að þegar Samtök áhugafélks um áfengisvandann var stofnað var það vegna óánægju með þá meðferð sem stóð áfengissjúku fólki til boða. Það var ekki fyrr en síðar að vímuefnavandanum var hnýtt aftan við upphaflegt nafn samtakanna. Áfengisbólið er vissulega enn hluti af lífi stórs hóps Íslendinga en eftir að hafa hlýtt á fjölmörg erindi fræðimanna og hagsmunaaðila þá þrjú daga sem ráðstefnan stóð þá er neysla annarra vímuefna jafnvel enn stærri vandi. Gamli túrakarlinn hefur gengið úr rúmi fyrir ungt fólk sem, að sögn Dórarins Tyrfringssonar, yfirlæknis SÁÁ, kemur hundruðum saman hálfsturlað í meðferð vegna neyslu örvandi vímuefna.

Brennivínið

Enn er það svo að áfengi er það vímuefni sem rekur flesta einstaklinga í meðferð hjá SÁÁ. Á síðasta ári greindust átta af hverjum tíu sem komu á Vog með áfengisvanda.



ÚR MIÐBÆNUM Áfengis- og vímuefnavandinn er oft ræddur í samhengi við „ástandið“ í miðbæ Reykjavíkur. Margir telja þó að um stórt lýðheilsuvandamál sé að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir SÁÁ, og Sigurður Gunnsteinsson ráðgjafi fluttu athyglisvert erindi um áfengissýki eldra fólks. Niðurstaða þeirra er að áfengissýki fólks á seinni hluta ævinnar hefur aukist mikið hér á landi síðastliðinn áratug. Eldra fólk leitar sér aðstoðar hjá SÁÁ í siauknum mæli og neyslumynstur á áfengi hefur breyst í sjúklingahópi sjúkrahússins og einkennist nú meira af dagdrykkju en áður. Vandir þeirra sem eldri eru er oft flóknari og djúpstæðari en yngri sjúklinga sem leita sér aðstoðar.


„Eldri einstaklingar koma til okkar með þennan vanda sem birtist í félagslegum erfiðleikum og ekki síst í samskiptum innan fjölskyldunnar,“ sagði Valgerður. „Áfengisneyslan kemur hart niður á líkamlegri og andlegri heilsu eldra fólks og félagsleg staða þess er oft bágborin.“ Sigurður Gunnsteinsson ráðgjafi fjallaði sérstaklega um meðferð á fullorðnum einstaklingum sem hefur skilað góðum árangri.

Örvandi vímuefni

Á ráðstefnunni kom fram ítrekað að á síðustu fjórum árum hefur neysla amfetamíns aukist gríðarlega. Starf SÁÁ árið 2006 einkennist ekki hvað síst af því að aldrei hafa komið eins margir einstaklingar til meðferðar sem eru stórneytendur amfetamíns. Þórarinn Tyrfringsson setti í brennipunkt fyrir ráðstefnugesti hversu vandinn er orðinn mikill. „Sennilega fara fjögur prósent af öllum piltum á aldrinum 20 til 25 ára inn í þessa fíkn á þessu aldursbili eins og staðan er í dag. Af þeim sem greindust með þessa fíkn árið 1996 eru 30 þegar látnir og 20 af þeim náðu ekki 35 ára aldri.“

Stór hópur þeirra sem eiga við fíkn í örvandi vímuefni að stríða eru sprautufíklar. Í erindum Haraldar Briem sóttvarnarlæknis og Sigurðar Ólafssonar, læknis á

FRUMGREININGAR 1995 OG 2006



Landsspítalanum, kom fram að margir sprautufíklar eru smitaðir af lifrabólgu C en alnæmissmit innan þessa hóps er nær óþekkt. Mikil fjölgun tilfella af lifrabólgu C er þó metin sem varúðarmerki um að stutt sé í að alnæmisfaraldur geti herjað á þennan hóp.

Grunnskólarnir

Rafn M. Jónsson, sviðsstjóri á Lýðheilsustofnun, fjallaði um kannanir á neyslu grunnskólabarna á Íslandi og kom fram í máli hans að frá árinu 1995 er vel merkjalegt að neysla áfengis og vímuefna auk tóbaks hefur minnkað innan þessa hóps. Jafnframt var sleginn sá varnagli að ósennilegt væri að kannanir af þessu tagi næðu til þeirra sem í mestu neyslunni eru. Þórarinn Tyrfringsson sýndi fram á að tölfræði sjúkrahússins sanni að neyslutölur hafa ekki forspárgildi er unnið á grunnskólastiginu. Sagði hann gífurlegt magn gagna um neyslu ungmenna liggja fyrir en fjármagn skorti frá hinu opinbera til að greina þær upplýsingar markvisst.

Ofbeldi

Ófeigur T. Þorgeirsson, yfirlæknir á slysa- og bráðadeild Landsspítalans (SBD), hélt erindi um eina öfgafyllstu birtingarmynd þess vanda sem við er að glíma, ofbeldi. Kom fram í máli hans að einstaklingum sem koma á SBD með ofbeldisáverka hefur fjölgað um

35 prósent síðan 1998. Það segir þó ekki nema hálfá söguna því árin 2005 og 2006 skera sig úr þar sem fjölgunin er sláandi.

Lausnir

Umræðan um áfengis- og vímuefnavandann kristallast iðulega í umræðunni um „ástandið í miðbænum“. Einföldunin er mikil og gerir jafnvel lítið úr þeim vanda sem við er að eiga. Á ráðstefnunni sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri í pallborðsumræðum að sér fyndist yfirvöld ekki hafa tekið á aukinni vímuefnaneyslu af nægilega mikilli festu. „Þrátt fyrir góðan vilja ríkis, sveitarfélaga og félagsamtaka til að láta gott af sér leiða þá virðist mér eins og menn viti ekki nákvæmlega hvað eigi að gera.“

Þórarinn Tyrfringsson vill að borgarstjóri taki að sér að kalla til þá sem hagsmuna hafa að gæta og segir hann lykilmann vegna pólitískrar stöðu sinnar. Hann geti kallað til samstarfs yfirmenn heilbrigðisstofnana, þá sem annast meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu og hagsmunaaðila eins og fulltrúa íbúa og fyrirtækja. Þórarinn telur samstarf þessara hópa og skilning yfirvalda á þörf á auknu fjármagni forsendu þess að snúa vörn í sókn.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

FRUMSYND 12. OKTÓBER SÝND Í REGNBOGANUM

BESTA HANDRITIÐ CANNES 2007 TILNEFND TIL GULLPÁLMA NS CANNES 2007

★★★★★
„Dramatísk, falleg og bjartsýn þrátt fyrir grimma atburðarás...einkar ánægjulegt að sjá Schyngullu, drottandi líkt og á tímum Fassbinders...ein athyglisverðasta mynd hátíðarinnar.“
- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið



THE EDGE OF HEAVEN

HIN HLIÐIN | AUF DER ANDEREN SEITE

KVIKMYND EFTIR FATIH AKIN

1 Ekkert hló

2 Minna af auglýsingum

3 Engin trúflan

græna ljósið

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrkliðu.

www.graenajlosid.is - Skráning í Bíóklubb Græna ljóssins margborgar sig

NJÓTTU BETRI VAXTA

Hagstæðari kjör á Netinu



Netbankinn hefur frá upphafi sérhæft sig í bankaviðskiptum á Netinu og boðið bestu vextina. Á því verður ekki breyting!

Vextir á debetreikningum Netbankans:

Silfur

Innlánsvextir	6,80–9,30%
Yfirdráttarvextir	21,10%

Gull

Innlánsvextir	8,95–11,45%
Yfirdráttarvextir	17,90%

Platinum

Innlánsvextir	12,85–13,95%
Yfirdráttarvextir	16,90%

Sæktu um debetkort á www.nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800 og byrjaðu strax að njóta betri vaxta.

Öllum nýjum viðskiptavinum
býðst að fá yfirdrátt með


12,25% vöxtum

fyrstu sex mánuðina.
Hvergi annars staðar bjóðast
jafn lágir yfirdráttarvextir.

 **Netbankinn**
– með betri vexti

Útgjöldin

> Kílóverð á hangikjötsáleggi í ágúst mánuði hvers árs, meðalverð á landinu öllu.



neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: ATLI FREYR STEINÞÓRSSON ÚTVARPSÞULUR

Hefði eins getað keypt ritvél

„Verstu kaup ævi minnar eru MiniDisc-spilarinn sem ég keypti mér árið 2005,” segir Atli Freyr Steinþórsson útvarpsþulur. „Ekki aðeins var hann óendanlega dýr heldur á mörkum þess að verða útdauður í mannlegu samfélagi og þess vegna vill enginn heilbrigður maður kaupa hann af mér núna. Mjög óviturleg kaup.“ Atli hélt að kaupin á spilaranum hefðu verið sannkallað snjallræði. „Ég ætlaði að taka upp fyrirlestri á einum kúrsi og mæta í annan hinum megin á ganginum. Algjör hámarksnýting á tíma, ég hélt ég fengi verðlaun fyrir skilvirkni og dugnað. Nema hvað ég greindi ekki hvað fór fram á upptökunni, það tók sautján klukkutíma að hlaða niður einum fyrirlestri á tölvuna og

tækisluftan bræddi úr sér eftir tvo daga. Ég hefði alveg eins getað keypt mér ritvél. Eða leirtöflur hertar í eldi. Ég veit ekki hvar þessi MiniDisc-spilari er heima og ég vil ekki vita það,” segir Atli. „Hins vegar veit ég hvar þýska framburðar-orðabókin mín er, Duden Aussprachewörterbuch,” segir Atli, sem telur bókina ein sín allra bestu kaup. „Hún er í skápnum sem er miðlægastur á heimilinu svo að meðaltalslengd í bókina sé ávallt sem styst. Ég keypti hana á bókamarkaði í Máli og menningu einhvern tíma og borgaði samkvæmt vigt. Öll sérnöfn og örnefni í heiminum eru hljóðrituð í henni. Ég myndi bjarga henni úr húsbrenna frekar en sjálfum mér. „Duden ist Gesetz,” segir máltæki, „Dúden mælir lög,” sem er alveg rétt, hann veit meira að segja hvernig á að bera fram „Vatnajökull“.”

**GÓÐ HÚSRÁÐ****RYÐFRÍTT STÁL GLANSAR**

■ Einar Magnús Magnússon fann loksins hreinsiefni sem virkar á ryðfrítt stál, og hlífðaroliu sem auðveldar þrif.

„Ég reyni að nota minna af yfirauglýstum þvottaefnum og meira af volgu vatni við þrif. Það er þó eitt efni sem er algerlega bráðnaðsynlegt, og ekkert annað virkar jafn vel til að þrifa ryðfrítt stál,” segir Einar. Efnið er framleitt af Wurth og fæst til dæmis í versluninni Fríform, en Einar segist ekki hafa fundið það í stórmörkuðum. Bæði er hægt að fá sérstakan hreinsiefni fyrir ryðfrítt stál og kaupa hlífðaroliu sem auðveldar þrif á stálinu eftir að hún hefur verið borin á.

**■ Nýjar tryggingar****Golftrygging Sjóvá**

Sjóvá, Golfklúbburinn Oddur og Heimir Karlsson kynna nú nýja tryggingu fyrir golfara, gegn ýmsu tjóni sem getur orðið á golfvelli. Slík trygging gildir um tjón á búnaði, tjón sem golfarar verða sjálfir fyrir eða valda öðrum.

Upphafið að þessari tryggingu er það að Heimir Karlsson fór að hugsa um þetta síðasta vor, þegar hann spilaði golf á Urriðaholtsvellinum hjá Golfklúbbnum Oddi. Eftir að hafa kannað málið með því að ræða við þá sem voru að spila golf á vellinum komst hann að því að flestir golfspilarar eru alveg ótryggðir á golfvelli. Slíkt getur verið bagalegt ef til dæmis kemur til tannbrot, tap á sjón eða skemmdir á búnaði þegar golfkúlurnar rata ekki rétta leið. Nánari upplýsingar um golftryggingu má finna á vef Sjóvár, sjova.is.

**■ Hollusta****Hafragrauturinn langbestur**

Sautján af 27 morgunkornstegundum sem seldar eru í Danmörku innihalda af mikinn sykurl, samkvæmt könnun dönsku neytendasamtakanna. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is.

Af þessum 27 tegundum teljast 20 tegundir innihalda of mikið af sykri og of lítið af trefjum. Þær tegundir sem koma best út eru meðal annars; haframjöl, Mini Weetabix, Mini Fras og músli frá Coop. Hollasti morgunmatarinn er hafragrautur og músli sem ekki er hunangsrístað. Auk þess er tekið fram að hafragrauturinn metti vel og sé einn albesti morgunmatar sem völ er á, auk þess að vera einn sá ódýrasti.



Sýnir skort á hreinlæti

Kóligerlar fundust í miklu magni í borgurum á nokkrum skyndabitastöðum á höfuðborgarsvæðinu, einum á Vestfjörðum og á Suðurlandi fundust bæði saurkólí- og kóligerlar. Kóligerlarnir gefa til kynna að hreinlæti sé ábótavant.

Kóligerlar fundust í miklu magni í hamborgurum og kjúklingaborgurum á American Style og Hlöllabátum á höfuðborgarsvæðinu, eða á bilinu 4.900 gerlar upp í 10 þúsund gerlar í einu grammi. Hjá American Style fundust jafnframt tíu saurkóligerlar sem er innan marka. Sýnin eru metin fullnægjandi.

Hjá Aktu taktu í Fells múla fundust 4.000 Staphylococcus aureus, klasasýklar, í einu grammi af hamborgara. Það þykir ófullnægjandi en klasasýklar mynda hitabólí eitur og geta valdið matareitrun. Hjá Tvistinum á Suðurlandi fundust 5.500 kóligerlar í einu grammi af hamborgara með sósu og káli og 250 saurkóligerlar í einu grammi. Sú mæling fær einkunnina ófullnægjandi. Hjá Hvíldarkletti á Suðureyri fundust 1.100 kóligerlar í einu grammi af hamborgara með osti.

Þetta eru helstu niðurstöður eftirlitsverkefnis á hollustuháttum í sjöppum og skyndibitastöðum frá því í sumar. Í niðurstöðum kemur fram að örverumat matvælasýna sé fullnægjandi samkvæmt viðmiðunarreglum Umhverfisstofnunar nema í tilfellunum tveimur. Þetta segir þó ekki alla söguna því engin regla er til um það hversu margir kóligerlarnir mega vera, að sögn Elínar Guðmundsdóttur, forstöðumanns hjá Umhverfisstofnun. Mæling á þeim verður því alltaf fullnægjandi.

Jóhann Þórarinnsson, forstjóri Foodco, rekstrarfélags American Style og Aktu taktu, segir að stíft og virkt eftirlit sé með þrifum og hreinlæti á stöðum American Style og Aktu taktu. Hjá Aktu taktu hafi



ENGAR REGLUR TIL Engar reglur eru til um það hversu margir kóligerlar mega finnast í mat, að sögn Elínar Guðmundsdóttur, sviðsstjóra hjá Umhverfisstofnun.

BAKTERÍUR SEM GETA FUNDIST Í MAT**■ Kóligerlar**

Sumar tegundir kóligerla geta myndað eitrefni og valdið alvarlegum sjúkdómum eins og til dæmis saurkóligerlar. Aðeins þarf örfáar E.kóli 0157 til að valda veikindum. Einkenni geta komið fram eftir einn til tvo daga.

■ Bacillus cereus

Baktería sem getur valdið tveimur ólíkum tegundum af matareitrun, algengara eitrefnið veldur niðurgangi og magaverkjum, hitt ógleði og uppköstum. Einkenni koma skjótt fram og geta varað í einn til tvo daga.

■ Staphylococcus aureus

Algeng matareitrunarbaktería sem gefur til kynna að hreinlæti sé ábótavant. Getur myndað eitrefni sem eru hitabolin og þolir suðu í allt að hálfra klukkustund. Lítið þarf



FULLNÆGJANDI BORGARAR Kóligerlar fundust í borgurum á nokkrum skyndibitastöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Vestfjörðum og Suðurlandi.

til að fólk veikist nokkrum stundum eftir neyslu.

■ Clostridium perfringens

Búast má við að Clostridium perfringens finnst í flestum matvællum en ef hún er innbyrt í miklu magni veldur hún eitrunum. Helstu einkenni eru magaverkur og niðurgangur í einn til tvo daga.

fundist gerlar í einu sýni af fimm og það sé ekki marktækt. Heilbrigðiseftirlitið hafi ekki séð ástæðu til að koma með athugasemd og hreinlætismálin séu því í lagi. „Ef athugasemdir koma þá munum við að sjálfsgöðu gripa inn í og bregðast við,” segir hann.

Birgir Sveinsson, eigandi Tvistsins, segir að farið hafi verið yfir málið, annað sýni tekið og það sýnt að hreinlætið sé í finu lagi. Elías

Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts, segir mælinguna eiga við um Söluskála N1 á Suðureyri og niðurstöðurnar komi sér verulega á óvart. „Við höfum ekki fengið neina athugasemd. Við munum kalla eftir frekari upplýsingum og fara yfir okkar mál.“

Svavar Smáráson, framkvæmdastjóri Hlöllabáta, segir að þetta geti ekki átt við um sitt fyrirtæki.

ghs@frettabladid.is

LANCÔME
PARIS

FYRSTI LANCÔME MASKARINN SEM SVEIGIR AUGNHÁRIN UM 100° OG VEITIR HÁMARKS LENGD

NYTT VIRTUÓSE
MASKARI SEM SVEIGIR OG VEITIR HÁMARKS LENGD

Kynning í Lyf og heilsu Melhaga og Mjódd, 11. - 12. október

Snyrtifræðingar frá Lancôme sýna þér nýjustu förðunartæknina frá París og aðstoða við val á snyrtivörum. Haustlitirnir eru mjög fallegir og að sjálfsgöðu eru nýir, spennandi og öðruvísi hlutir með þeim. Að þessu sinni er það fyrst og fremst Destiny Cube tófrateningurinn sem inniheldur 2 augnskugga og 2 varalíti.

Flottir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 5.500 kr. eða meira.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Prófessor í sálfræði við breskan háskóla ræðir um neytendamál á Matvæladegi:

Fimm Fjöreggstilnefningar

Fimm hafa fengið tilnefningu til Fjöreggs Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, sem afhent verður á Matvæladeginum næstkomandi þriðjudag. Verðlaunin eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði.

Tilnefningarnar hlutu Áslaug Traustadóttir, grunnskólakennari í Rimaskóla, fyrir að auka áhuga ungs fólks á matargerð með nýstárlegum aðferðum, Ávaxtabillinn fyrir að auðvelda fyrirtækjum og stofnunum aðgang að ávöxtum og Fylgífiskar fyrir að gera fisk að veislumat í huga nútímamannsins.

Móðir náttúra hlaut einnig tilnefningu fyrir holla máltíð í handhægum umbúðum og Stoðmjólk MS fyrir járnþetta mjólk sem löguð er

að næringarþörf íslenskra barna.

Meðal þeirra sem halda fyrirlestur á Matvæladeginum eru dr. Richard Shepherd, sem ræðir um skilning á hegðun neytenda. Hann er prófessor í sálfræði og aðstoðarforstjóri rannsóknarseturs um matvæli og hegðun neytenda við háskólann í Surrey í Bretlandi. Rannsóknir hans fjalla aðallega um að skilja hvaða ástæður liggja að baki fæðuvali fólks, breytingar á neysluhegðun og áhættu í sambandi við matvæli. -sps

FJÖREGGIÐ Eggið er íslenskt glerlistaverk sem veitt er með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Guðrún Adolfsdóttir hlaut verðlaunin í fyrra fyrir námskeiðin Borðum betur.




Verð frá **9.900*** kr. aðra leiðina til

EVKRÓPUBU

Verð frá **19.900*** kr. aðra leiðina til

USA



Sölutímabil:
11. okt. til og með 15. okt.
Ferðatímabil:
1. nóv. til og með 10. des.

Takmarkað
sætaframboð.


+ Nánari upplýsingar
og bókanir á www.icelandair.is



*Innifalið: Flug og skattar.

Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda, 40 ára og eldri, á háskólastigi árið 2006.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

menntun

nám, fróðleikur og vísindi

■ Háskólamentun

Meistaránám í stjórnun heilbrigðisþjónustu

Meistaránám í stjórnun heilbrigðisþjónustu verður í boði hjá Háskólanum á Bifröst frá og með næstu áramótum. Námið verður kennt bæði í staðar- og fjarnámi og ljúka nemendur tólf námskeiðum auk lokaverkefnis. Kennarar eru innlendir og erlendir sérfræðingar á sviði heilbrigðismála og viðskipta, eftir því sem kemur fram í fréttatilkynningu frá háskólanum. Kynningarfundur um námið verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica í dag klukkan 12.15.

■ Hádegisfyrirlestur

Bandaríkin og Kína – hver ógnar hverjum?

Dr. Henry Rosemont jr., prófessor emeritus í heimspeki og kinverskum fræðum við St. Mary's College í Maryland, heldur fyrirlestur mánudaginn 15. október í Norræna húsinu. Þar mun hann fjalla um það mat margra Bandaríkjamanna að þeim stafi efnahagsleg eða hernaðarleg ógn af Kína. Romeont telur þessa afstöðu að miklu leyti ranga, en gagnstætt mat Kína á Bandaríkjunum eigi hins vegar fullan rétt á sér. Þá telur hann að helstu ógnir sem hvort ríki um sig stendur frammi fyrir stafi innan úr ríkjum sjálfum.

Dr. Henry Rosemont jr. er talinn einn helsti fræðimaður heims í konfúsíanismi. Auk þess að vera prófessor emeritus við St. Mary's er hann ráðgefandi prófessor við Fudan-háskólann í Sjanghai í Kína.

Það er Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og ASÍs - Asíuver Íslands sem standa saman að fyrirlesturinn sem hefst klukkan 12.00 og lýkur klukkan 13.00. Erindið verður haldið á ensku. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.

FRÆÐIMÁÐURINN: VIÐAR HREINSSON, FRAMKVEMDASTJÓRI REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

Menningarfræðileg þekking verði arðbær

Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur starfar sem framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar, sem er skilgreind sem nýsköpunarmiðstöð í félags- og hugvísindum. Viðar nam bókmenntir við Háskóla Íslands og Hafnarháskóla þaðan sem hann lauk mag. art. prófi árið 1989. Hann var aðalritstjóri enskrar þýðingar Íslendingasagna sem kom út í fimm bindum hjá Bókautgáfunni Leifi Eiríkssyni árið 1997 og ritaði ævisögu Stephans G. Stephanssonar sem kom út í tveim bindum árin 2002 og 2003, Landneminn mikli og Andvökuskáld. Landneminn mikli var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

ReykjavíkurAkademían er sjálfseignarstofnun með um 70 fræðimenn innan sinna raða og er tíu ára um þessar mundir. Beðinn um að tæpa á því helsta sem komi upp í hugann segist Viðar upptekinn við að koma



rannsóknnum fræðimanna inn í arðbær nýsköpunarverkefni. „Það er nauðsynlegt að veita menningarfræðilega og menningarsögulega þekkingu inn í arðbær verkefni. Í því sambandi má minnast á tvö verkefni. Annað köllum við Handritin heim þar sem við ætlum að búa til gagnagrunn um síðari tíma handrit eftir því hvaða stöðum þau tengjast.“ Tilgangurinn er að skapa grundvöll

undir staðbundnar rannsóknir í menningarfræðum sem geta hjálpað byggðarlögum til að átta sig á sinni menningararfleifi sem nýst getur í menningartengdri ferðamennsku. „Hitt verkefnið heitir Svartárkot – menning, náttúra. Við ætlum að setja upp kennslu- og rannsóknasetur um íslenska menningu og náttúru á einum af afskekktari stöðum á Íslandi, Svartárkoti í Bárðardal sem er á mörkum mannabyggðar og náttúru. Þetta gæti talist útrásleið fyrir menningarfræðilega þekkingu.“

Viðar segist lítið geta sinnt rannsóknnum og skrifum um þessar mundir en er að klára handrit af ævisögu Stephans G. Stephanssonar á ensku. „Ég er svo með hálfkarað verk sem er endurmat á frásagnarhefð fornsagna og margt annað er í farvatninu. Ég ætla ekki að verða ellidauður í framkvæmdastjórstól.“

Ævintýrlega skemmtilegt á Dvergasteini

Á leikskólanum Dvergasteini í Vesturbæ Reykjavíkur er fengist við ýmis verkefni er snúa að íslensku máli og málörvun. Til þess eru notaðar þjóðsögur með gamaldags og stundum skrítnu orðalagi.

„Verkefnið heitir Ótrúleg eru ævintýrin og er eftir hana Sigríði J. Þórisdóttur. Við vinnum stöðugt með mál og málörvun hér og vinnum með eina þjóðsögu hvern vetur,“ segir Jóhanna Ragnarsdóttir leikskólakennari. „Þetta var upphaflega sérkennsluefni en var síðar sett upp fyrir bæði leik- og grunnskóla,“ heldur hún áfram.

„Við erum þau einu sem vinnum með þetta sem þema hússins,“ bætir Elín Mjöll Jónasdóttir, leikskólastjóri á Dvergasteini, við. „Við leitum um í fjölmarga kenningsmiði og vinnum í máli og verki og nýtum marga möguleika. Við lesum ekki bara söguna heldur látum við börnin tjá sig í gegnum mörg form.“

„Við fléttum alla þætti námsins inn í þetta verkefni og þannig sinnum við okkar skyldum gagnvart námskránni. Við leggjum inn söguna, lesum hana nákvæmlega og vinnum síðan með einstök orð og tengjum þau nútímanum. Mörg orð eru erfið en fljótlega eru börnin farin að nota þau. Sem dæmi þegar við lásam Gilitrutt þá sagði einhver: Ef ég hefði nú verið duglaus og dáðlaus, þá væri ég nú ekki búin að gera þetta!“ segir Jóhanna og hlær dátt.

Börnin á Dvergasteini kynnast þjóðsögunum á margvíslegan hátt og leikur myndmennt stórt hlutverk, þar sem leikskólinn er í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Þá er einnig notuð hreyfing og dans, tónlist og stærðfræði.



UNG MYNDLISTARKONA Dvergasteinnir er í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur.



ALLIR ERU MEÐ Yngstu börnin þæfa ull. Unnið er með þjóðsögur á öllum deildum leikskólans með mismunandi aðferðum.

Börnunum er einnig boðið upp á fjölbreytilegan efnivið. Þau sauma svuntur, búa til kæfu, kryfja fiska og þæfa ull svo dæmi séu tekin.

„Við byrjum á því að ákveða sjálfar hvað við ætlum að gera en ef það koma upp hugmyndir frá börnum á leiðinni þá reynum við að framkvæma þær. Við ráðum

ekkert ferlinu, heldur stýra börnin því. Þannig verður þetta frumleg og frjó vinna og allir taka þátt í henni. Eldhúsið og foreldrarinn líka. Sagan er alltaf í huga okkar hvað sem við erum að gera,“ segir Jóhanna og þær Elín sammælast um að fjölbreytileiki og flæði hugmyndafræðinnar sé einstakt.

eva@frettabladid.is

Kringlukast FRABÆR VERÐ...



SPRW08-18-12
Stærðir: 36-41

Verð: **6.995 kr.-**



SPRW08-13-2
Stærðir: 36-41

Verð: **4.995 kr.-**



SPRW015-23
Stærðir: 36-41

Verð: **6.995 kr.-**



SPRU54A601
Stærðir: 36-41

Verð: **4.995 kr.-**



SPRW054-2
Stærðir: 36-41

Verð: **6.995 kr.-**



SPRFN145-124
Stærðir: 36-41

Verð: **6.995 kr.-**

Kaupfélagið

DÁLDIÐ FLOTTIR SKÓR...

Kringlan S. 568 6211 - Smáralind S. 534 8211

Sendum í póströfu

Tæknin sem netið býður upp á er notuð í kennslu hjá Tungumálaskólanum:

Nýr tungumálaskóli á netinu

Nýr tungumálaskóli á netinu sem mun bjóða upp á námskeið í ýmsum tungumálum hefur nú verið opnaður. Tungumálaskólinn er íslenskt fyrirtæki og meðal tungumála sem í boði verða eru íslenska, spænska og ítalska.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið vilyrði fyrir því að niðurgreiða nám hjá Tungumálaskólanum í íslensku fyrir nema sem búa á Íslandi.

Námið í Tungumálaskólanum byggist á því að lesa, hlusta, skrifa og tala tungumálið í gegnum þá tækni sem netið býður upp á. Helsta nýjungin sem Tungumálaskólinn býður upp á eru taltímar sem fara fram í gegnum símaforritið Skype sem hægt er að sækja sér af netinu endurgjaldslaut.

Einnig verður unnið að ákveðnum „samtalsþætti“ á samskiptaröritinu MSN sem hefur gefist vel í kennslu hjá kennurum Tungumálaskólans. Þá verða í hverju námskeiði spjallþræðir þar sem nemendur geta kynnt.

Nemendur Tungumálaskólans munu hafa aðgang að afþreyingarvef á því tungumáli sem þeir eru að læra þar sem hægt verður að vinna leikjatengt efni.

Skráning hófst í gær og munu námskeið hefjast 1. nóvember.

Á NETINU Forritin Skype og MSN eru meðal annars notuð við tungumálakennsluna. NORDICPHOTOS/GETTY



NÝNÝJAR VÖRURUR

NÝTT KORTATÍMABIL



REGGATA

GREAT OUTDOORS™

NÝJAR
BARNAVÖRUR

-50% tilboð

-50%

OPIÐ

VIRKA DAGA 10 – 18

LAUGARD. 11 – 16

● ● **ÚTIVIST & SPORT**

verslanir / hópa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

Góður skrifstofustóll er það sem þú saknar mest þegar þú þarft að vinna annars staðar



Hönnuður: Svein Asbjörnsson

10 Year
Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.



HAG H09

Framúrskarandi

Margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar vel fyrir þá sem aðeins velja það besta. Í þessum stól sameinast bæði glæsileg hönnun og framúrskarandi gæði.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Hæðarstillanlegur bakpúði
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar með leðurklæðningu
- Fæst með herra baki og höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð **kr. 99.900.-**



HAG H05

Þægilegur og sterkur

Mjög sterkur og endingargóður skrifstofustóll, hannaður fyrir mikla notkun. Þetta er einstaklega þægilegur og notendavænn stóll sem slegið hefur í gegn hjá íslenskum notendum.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling fram og aftur
- Stærðarstilling og hæðarstillanlegt bak
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar
- Fæst með höfuðpúða
- Parkethjól

Tilboð **kr. 75.760.-**



Hönnuður: Peter Opsvik

10 Year
Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.



HAG H03

Einstakur

Stóllinn sem uppfyllir allar helstu kröfur um heilsu- og umhverfisvæna stóla. Hann er unninn úr gosflöskutöppum og öðru endurunnu plasti sem gerir hann einstakan í sinni röð.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Stærðarstilling og dýptarstillanleg seta
- Hæðarstillanlegir armar
- Fæst með lægra baki
- Parkethjól

Tilboð **kr. 43.900.-**



Hönnuður: Søren Yran

10 Year
Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

EG SKRIFSTOFU
HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
8.520 -0,21%

Fjöldi viðskipta: 560
Velta: 5.307 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ ATLANTIC PE. +13,36%
↑ TEYMI +4,55%
↑ TRYGGINGAMS. +2,13%

MESTA LÆKKUN

↓ 365 EIMSKIPAFÉLAGIÐ -1,88%
↓ XSTRAUMUR-BÁ. -1,62%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 11,40 +0,18% ... Bakkavör 67,70 +0,59% ... Eimskipafélagið 39,10 -1,88% ... Exista 35,85 +0,00% ... FL Group 26,95 +0,19% ... Glitnir 29,10 -0,17% ... Icelandair 26,80 +0,19% ... Kaupþing 1.173 +0,00% ... Landsbankinn 43,20 +0,46% ... Straumur-Burðarás 21,20 -1,62% ... Össur 106,00 -0,47% ... Teymi 6,89 +4,55%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is



SAMNINGAR UNDIRTAFIRÐIR Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, skrifuðu undir samning um flutninga á áli og álvarningi frá Reyðarfirði til Evrópu í gær.

SAMSKIP/HREINN MAGNÚSSON

Samskip flytja fjórðungsviðbót

Samskip flytja ál frá Reyðarfirði til Evrópu og tvöfalda flutninga sína frá landinu.

Alcoa Fjarðaál hefur samið við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Evrópu næstu fimm árin. Virði samningsins er ekki gefið upp, en ætlað er að verðmæti útflutnings Fjarðaáls nemi um 50 til 60 milljörðum króna á ári, miðað við álverð og gengi gjaldmiðla. Samkvæmt heimildum blaðsins gæti virðið legið nálægt 600 milljónum króna á ári.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, skrifuðu undir samning um flutningana í upplýsingamiðstöð Alcoa Fjarðaáls og Fjarðabyggðar við Sómastaði í Reyðarfirði í gær.

Í sameiginlegri tilkynningu Fjarðaáls og Samskipa kemur fram að árleg framleiðslugeta álversins í Reyðarfirði sé áætluð um 346 þúsund tonn og að meginhluti framleiðslunnar verði sendur á Evrópumarkað. Ásbjörn Gíslason segir umsvif Samskipa hér stórukast með samningnum, en flutningar félagsins héðan riflega tvöfaldast. Heildarvöruútflutningur frá Íslandi eykst hins vegar um tæpan fjórðung í tonnum talið með tilkomu Fjarðaáls. Hann segir ráð fyrir því gert að álverið nái fullri framleiðslugetu í febrúar eða mars á næsta ári. „Framleiðslan fór af stað í apríl og hefur verið að byggjast upp síðan,“ segir hann.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, segir samninginn bæði mikilvægan og hagstæðan fyrir fyrirtækið. Þá kveðst hann reikna með að flutningarnir komi Norðausturlandi öllu til góða og breyta flutningamunstri á landinu öllu.

Undir það tekur Ásbjörn enda stefnt að enn frekari uppbyggingu Samskipa eystra, en félagið hefur þegar fengið úthlutað lóð á athafnasvæði Mjõeýrarhafnar og í kjölfarið á þessum samningi verður siglingakerfi félagsins eftl enn frekar og skip stækkuð. Hann segir hins vegar að flutningar sem félagið hafi þegar annast vegna framkvæmda við Kárahnjúka, bæði fyrir Impregilo og Bechtel, hafi gert það að verkum að það hafi verið í stakk búið til að taka að sér þetta verkefni. „En skipin verða stækkuð á nýju ári til að anna þessu magni.“

Ásbjörn segir útflutninginn fyrir Fjarðaál allan vera í gánum, en á Reyðarfirði er jöfnum höndum framleitt hreint ál, margvíslegar álblöndur og álvírar sem notaðir eru í háspennustrengi. Flutt er út til Hollands og Bretlands og þaðan er álvarningnum dreift á áfangastaði í Evrópu. „Við eigum svo eftir að sjá um eitthvað af þeim flutningum líka,“ segir hann, en umfang þeirra viðskipta skýrist ekki fyrir en á næsta ári.

olikr@frettabladid.is

Verðbólgan eykst

Verðhækkun á íbúðarhúsnæði, útsölulok og verðhækkunir á eldsneyti og matvöru stuðlaði að 0,5 prósentu hækkun vísitölu neysluverðs milli september og október. Tólf mánaða verðbólga mælist nú 4,5 prósent. Hækkun vísitölnunnar var í samræmi við spár Greiningar Glitnis en eilítið undir spám greiningardeilda Kaupþings og Landsbankans.

Greiningardeildir bankanna eru sammála um að verðbólga muni haldast há fram til upphafs næsta

VERÐBÓLGA JÓKST UM 0,5 PRÓSENT

Spá Glitnis	0,5%
Spá Landsbankans	0,8%
Spá Kaupþings	0,6%

árs, þegar áhrif matarskattslækkana detta út úr tólf mánaða verðlagsbreytingum. Þá megi búast við því að 2,5 prósentu verðbólgu-markmið Seðlabankans muni nást fyrir lok næsta árs.

- hhs

**SÉR
TILBOÐ!**
Á MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST

STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR - beint á gólf

STURTUSKJÓL

í mörgum stærðum
30x220, 70x220, 80x220, 90x220
100x220, 110x220 og 120x220 sm



Öryggisglær skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi



HAFÐU ÞAÐ VANDAÐ OG FLOTTAST Í STURTUNNI!

STURTUHORN ÚR GLERI - beint á gólf

VM 531
10 mm öryggisglær
Rammalaust
m krómfestingum



HERT
ÖRYGGISGLÆR



VM 321
8 mm öryggisglær Rammalaust bogahorn

HERT
ÖRYGGISGLÆR




HERT
ÖRYGGISGLÆR

VM 311
10 mm öryggisglær
Rammalaust kanntaður
m krómfestingum

margar stærðir:
hurð x hlið
80x70 sm
80x80 sm
80x90 sm
80x100 sm
90x70 sm
90x80 sm
90x90 sm
90x100 sm
100x100 sm

VELDU
ÞITT GLER
EFTIR STÆRÐ

M32
10 mm öryggisglær



GLERENDAVEGGIR

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

GLERVEGGUR með hurð

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125,
130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Ópið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Könnun á markaðsvæðingu samfélagsþjónustu:

Allur pakkinn

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur flutt tillögu til þingsályktunar um athugun á því sem kallað er markaðsvæðing samfélagsþjónustu. Þetta er allsends óvitlaus hugmynd ef réttilega er að slíkri rannsókn staðið og til verksins fengnir sjálfstæðir fræðimenn eða rannsóknarstofnanir.

Umræða um einkavæðingu einskorðast gjarnan við stór viðfangsefni eins og banka, auðlindir eða heilbrigðisþjónustu. Markaðsvæðing felst þó ekki bara í sölu á stóreignum. Hún tekur líka til tekjuöflunar þar sem einkafyrirtæki hafa verið kölluð til að kosta margvíslega opinbera þjónustu. Fjöldmörg opinber viðfangsefni hafa sannarlega blómstrað með þess háttar markaðsvæðingu. Þessi óbeini en ótvírætt jákvæði þáttur markaðsvæðingarinnar má ekki gleymast þó að verkefni séu ekki öll stór í sniðum.

Forseti Íslands hefur til að mynda haft forgöngu um einkakostun opinberra samfélagsverkefna á vegum embættisins með athyglisverðum hætti. Má þar nefna umfangsmikið forvarnarverkefni í baráttunni gegn eiturylfjum. Menntaverðlaun forsetans eru ekki síður mikilvæg í þessu sambandi með því að þau fela í sér opinbera viðurkenningu á gildi samkeppni fyrir skólastarf. Í báðum tilvikum leggja einkafyrirtæki til nauðsynlega fjármuni.

Fjöldmargar opinberar stofnanir hafa fetað í þessi fótspor. Þannig kosta fyrirtæki atburði á vegum sendiráða og greiða aðgangseyri almennings að menningarstofnunum, svo dæmi séu nefnd. Landgræðslan hefur hagnýtt áhrifamátt slíkrar markaðsvæðingar. Jafnvel vöktun arnarhreiddra er markaðsvædd. Háskólarannsóknir tengjast markaðnum í vaxandi mæli. Fyrirtækin sjá einfaldlega margvíslegan hag í þátttöku í opinberum verkefnum af þessu tagi.

Einhverjir hafa orðið til þess að gagnrýna forseta Íslands fyrir að nota einkapotur stórfyrirtækja og fjárfesta vegna þátttöku í viðburðum á þeirra vegum. Sú gagnrýni er óyfirvegð. Forseti Íslands er afar sterk lyftistöng fyrir atburði sem stórfyrirtækin og fjárfestarnir skipuleggja hvort heldur er erlendis eða á Bessastöðum til þess að vekja athygli á starfsemi sinni. Þetta þarf ekki að fela í sér einhvers konar fyrirtækjavæðingu forsetaembættisins.

Stórfyrirtækin eiga réttilega að borga fyrir þá opinberu þjónustu sem ríkið veitir með þessari árangursríku athafnasemi forsetans. Ekki er óeðlilegt að þau greiði hluta af þeim kostnaði með því að auðvelda ferðalög forsetans í þeirra þágu. Pukur með þetta getur valdið grunsemðum. Þessir hlutir eru hins vegar í góðu lagi ef þeir lúta opnum og gegnsæjum reglum stjórnsýslunnar. Flugferð í þessu samhengi á þannig að bóka sem tekjur hjá ríkissjóði rétt eins og ferðafriðindi eru bókuð sem tekjur á skattskýrslu almennra skattgreiðenda.

Þjónusta sendiráða við fyrirtæki er seld. Eðlilegt er að sambærileg þjónusta á hærra plani við stórfyrirtæki sé seld með sama hætti. Ef allir hlutir eru réttilega bókfærðir fer vel á því að æðsta embætti þjóðarinnar vinni eins og verið hefur að framgangi íslenskra atvinnufyrirtækja á erlendum vettvangi.

Verði tillaga Vinstri græns samþykkt þarf hún að ná til allra þessara smáu en afar jákvæðu þátta í markaðsvæðingu opinberra þjónustu. Slík rannsókn má ekki beinast einvörðungu að einhverju sem menn fyrir fram telja neikvætt. Allur pakkinn þarf að vera með.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚU RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN: 1670-3821.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vilhjálmur í vörn

Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri á í vök að verjast og kemur harðasta atlagan frá hans eigin flokksbræðrum. Geirs-armurinn svonefndi, sem fer með tögl og hagdir í Heimdalli og SUS, hefur gagnrýnt Vilhjálm harðlega og smíðuðu Deigluþennar meðal annars uppnefnið Vilhjálmur volgibjór borgarstjóranum til háðungar. Sjálfstæðismaðurinn Friðjón Friðjónsson, sem er handgenginn Birni Bjarnasyni, stígur hins vegar skrefinu lengra á bloggsíðu sinni og kallar borgarstjóran þar spillta tryllta Villa, í telefni af atburðarás síðustu daga. Sjálfstæðismenn hafa lengi búið við þann mun að þurfa ekki að hlusta af athygli á óánægjuraddir



utan flokksins. En þegar þeir beina spjótum að eigin flokksbræðrum eru yfirleitt blíkur á lofti.

Súley

Rafmagni var hleypt á Friðarsúlu Yoko Ono á miðvikudag sem skín hundruð metra upp í loft svo fremi sem ekki er lágskýjað. Ekki er annað að heyra en að uppþækid mælist vel fyrir hjá borgarbúum, enda ljósgeislinn fagur og tilgangurinn gófugur. Unnendur orðsins súla hljóta einnig að fagna því að orðið er gengið í endurnýjun lífdaga. Þannig er ekki langt síðan margir hefðu sjálfsagt rekið upp stór augu við þær fréttir að til stæði að breyta Viðey í súlustað.

Ljóð fella dóm

Eins og oft má lesa á heimasíðu Björns Bjarnasonar sér dómsmálaráðherra lífið oft með augum skáldsins. Nýleg færsla um tendrun Friðarsúlnnar ber þess til dæmis skýr merki. Ekki þarf nema að bæta við nokkrum línuskíptingum og við blasir ljóð, hlaðið merkingu og meitluðu myndmáli: „Ljós í þágu friðar/ boðaði Yoko



Ono/ með sólgleraugu á nefi/ í myrkri í Viðey/ þegar kveikt var á friðarsúlu/til minningar um John Lennon/ Orkugjafi friðarsúlnnar/ er OR./ þar sem allt logar í ófriði.“ Svona hefur ráðherra ekki ort síðan Hannes var og hét.

bergsteinn@frettabladid.is

Samkeppni minnkar vaxtamun

Þjónusta er mikilvægasti atvinnuvegur heims. Hefjum söguna 1971. Þá stóð þjónusta á bak við tæpan helming landsframleiðslunnar hér heima á móti röksum 60 prósentum í Bandaríkjunum. Nú er skerfur þjónustu til þjóðarbúsins kominn upp fyrir 70 prósent hér á móti tæpum 80 prósentum í Bandaríkjunum (tölurnar eru frá 2005). Sums staðar eru tölurnar orðnar enn hærra en fyrir vestan. Í Lúxemborg stendur þjónusta nú á bak við 83 prósent af þjóðarbúskapnum og 90 prósent í Hong Kong. Þróunarlöndin eru á sömu siglingu. Skerfur þjónusta til framleiðslunnar þar á heildina litið er nú kominn upp fyrir helming á móti röksum þriðjungi 1971 og stefnir hærra. Þetta er nútíminn. Hlutur þjónustu í mannaflanum er yfirleitt svipaður og í framleiðslunni.



ÞORVALDUR GYLFASSON Í DAG | Bankamál

skýrslum. Alþjóðabankinn birtir ekki slíkar tölur í öllu talnaflóðinu, sem frá bankanum berst.

Hagstofa Íslands birtir tölur um samsetningu landsframleiðslunnar hér heima og þá einnig um hlut fjármálaþjónustu í framleiðslunni. Þar kemur fram, að skerfur sjávarútvegs, bæði veiða og vinnslu, hefur skroppið saman um meira en helming frá 1997. Þá stóð útvegurinn á bak við 13 prósent af landsframleiðslunni, en hlutfallið var 6 prósent 2005 og stefnir neðar. Sömu sögu er að segja af landbúnaði: skerfur hans til þjóðarbúsins minnkaði úr 1,8 prósentum 1997 í 1,4 prósent 2005. Framlag iðnaðar til þjóðarbúsins stóð nokkurn veginn í stað; það var 24 prósent 1997 og 22 prósent 2005. Eftir stendur þá þjónustan, sem jók hlut sinn í þjóðarbúskapnum úr 61 prósent 1997 í 71 prósent 2005. Fjármálaþjónusta er þó ekki stór hluti þjónustugeirans í heild. Fjármálaþjónusta og tengd starfsemi nam 5 prósentum af landsframleiðslu 1997 og tæpum 10 prósentum 2005. Það gerir næstum tvöföldun á átta árum. Þessar tölur Hagstofunnar vitna um þá langþráðu atvinnubyltingu, sem er að eiga sér stað á Íslandi og annars staðar.

Lærdómar að austan

Einkavæðing banka og fjárfestingarsjóða lagði grunninn að grósku bankaþjónustunnar nú. Einkavæðing Landsbankans og Búnaðarbankans 1999-2003 dróst að vísu of lengi, en hún

hvíldi hér heima líkt og annars staðar á þeim rökum, að einkabankar standa jafnan betur að vígi en ríkisbankar, því að ríkisbönkum hættir til að taka atkvæði fram yfir arðsemi. Íslensk stjórnvöld þurftu af staðbundnum og sögulegum ástæðum lengri tíma til að átta sig á yfirburðum einkarekstrar í fjármálaþjónustu líkt og á öðrum sviðum. Enn virðist vanta talsvert á fullan skilning á því, hvernig einkavæðing þarf að ganga fyrir sig, svo að hún geti skilað fullum árangri. Reynsla Austur-Evrópulandanna bregður birtu á málið. Þar höfðu menn snör handtök og seldu talsverðan hlut í bönkunum í hendur útlendinga; nær allur bankarekstur Eistlands er nú í erlendum höndum.

Tilgangurinn var tvíþættur: að tryggja samkeppni og virkja erlenda reynslu og sérþekkingu, enda var engri þekkingu á nútímabankarekstri til að dreifa í Austur-Evrópu á valdaskiði kommúnista þar. Einn mælikvarði á samkeppni í banka- rekstri er vaxtamunurinn. Samkeppni í bankarekstri tryggir jafnan lægri útlánsvexti en ella og hærra innlánsvexti, það er minni vaxtamun. Tökum dæmi. Litháar minnkuðu hlut ríkisins í bankarekstri úr 44 prósentum 1999 í 12 prósent 2003. Vaxtamunurinn á mælikvarða Alþjóðabankans minnkaði eins og hendi væri veifað úr 8 prósentum 1999 í 4 prósent 2005. Pólverjar minnkuðu hlut ríkisins í bankarekstri úr 44 prósentum 1999 í 24 prósent 2003 og Rússar úr 68 prósentum í 36 prósent. Vaxtamunurinn minnkaði úr 6 prósentum 1999 í 4 prósent 2005 í Póllandi og úr 26 prósentum 1999 í 7 prósent 2005 í Rússlandi. Hér heima jókst vaxtamunurinn úr 5 prósentum 1999 í 7 prósent 2004 samkvæmt tölum Alþjóðabankans.

Umhverfisþing í beinni útsendingu

UMRÆÐAN

Umhverfismál

Umhverfisþing umhverfisráðuneytisins fer fram dagana 12. og 13. október næstkomandi. Þetta er í fimmta sinn sem Umhverfisþing er haldið og mun það að þessu sinni fjalla um náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni. Búið er við um 300 þátttakendur á þinginu, þá meðal eru fulltrúar frjálsra félagsamtaka, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga, atvinnulífs og stofnana.

Heiðursgestur þingsins er Achim Steiner, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Hann mun flytja erindi um náttúruvernd við setningu þingsins. Þátttaka Achim Steiner er mikið fagnadarefni fyrir áhugafólk um umhverfisvernd því að UNEP er í fararbroddi í alþjóðlegri stefnumótun á sviði umhverfismála og veitir ríkisstjórn og Sameinuðu þjóðunum vísindalegar ráðleggingar um umhverfismál. Hér er því á ferðinni einn merkasti málsvári umhverfisverndar í heiminum um þessar mundir.

Meðal umfjöllunarefnis þingsins er náttúruvernd.



GUÐMUNDUR HÖRÐUR GUÐMUNDSSON

Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins vinnur nú að undirbúningi næstu náttúruverndaráætlunar og verða fyrstu drög að nýrri náttúruverndaráætlun kynnt á þinginu. Einnig má geta þess að efnt verður til málstofu um náttúruvernd á 21. öld og um náttúru og byggð.

Umhverfisráðuneytið mun sýna beint frá Umhverfisþinginu á heimasíðu ráðuneytisins, www.umhverfisraduneyti.is. Með því er komið til móts við þá sem vilja fylgjast með umræðunum en eiga ekki heimangengt. Útsending sem þessi er í anda framkvæmdaráætlunar Dagskrár 21 og stefnu stjórnvalda

um nýtingu upplýsingagætni, sem báðar gera ráð fyrir að stjórnvöld auki tækifæri almennings á að afla sér þekkingar og hvetji til aukinnar þátttöku almennings í umræðum og ákvörðunartöku.

Það er von umhverfisráðuneytisins að Umhverfisþing verði vettvangur upplýstrar umræðu og skoðanaskipta um náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni, sem nýtist stjórnvöldum við þá stefnumótun sem nú er unnið að, og almennt til að efla umræðu um þessi mál hér á landi.

Höfundur er upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytisins.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



PRINSESSUR Í PARÍS

Á tískuvikunni í París mátti sjá fjölda fyrirsætna sem voru eins og klipptar út úr ævintýrum.

TÍSKA 2



BLEIKA SLAUFAN

Hlutverk meinafræðinga við greiningu brjóstakrabbameins er til umfjöllunar í pistli dagsins í greinaröð um brjóstakrabbamein.

HEILSA 6



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Húsgagna-Lagersala

Leðursófasett

hornsófasett

sófasett með innbyggðum skemli

borðstofuborð og stólar

skenkar

sófaborð

eldhúsbord

rúm í ýmsum stærðum og gerðum

Verðdæmi:

Leðursófasett áður kr. 239,000
nú **79,000**

Borðstofustóll áður 17,000
nú **5,000**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Dularfullar dívur

Fortíð og framtíð mættust á tískuvikunni í París sem lauk um síðustu helgi.

Á tískuvikunni var opinberað hvað verður heitast sumarið og vorið 2008 og kenndi þar margra grasa. Innan um glæsilegar gyðjur í síðkjólum mátti sjá blóðheitar senjórítur Gallianos og blóðþyrsta sjóræningja Gaultiers. Sumir hönnuðir notuðu sterka líti óspart en aðrir voru hógværi og hefðbundnari. Áhrifin voru úr ýmsum áttum og mættust óður til framtíðar og afturhvarf til fortíðar. Þessar dómur sem skörðuðu fallegum höttum í anda stríðsáranna voru fulltrúar Ninu Ricci.

NORDICPHOTOS/AFP

„Aldrei verið hressari!“



Heilsuvara ársins
í Svíþjóð
2003, 2004 og 2005

Original Arctic Root

Ein vinsælasta lækningajurt heims

Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

Vinnur gegn streitu og álagi

Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi þar sem hún nýtur nú þegar mikilla vinsælda.

Fæst í apótekum og heilsuþúðum.

Original Arctic
Extract

heilsa
-hafðu það gott

Brúnkukrem er ágætis leið til að hressa upp á útlitið í skammdeginu og rigningunni og mun heilsusamlega en að hanga í ljósabekkjum.

Neglur fyrir vandláta

WET'N WILD ER MEÐ FÍNA LÍNU FYRIR NEGLURNAR.

Vaxa neglurnar hægt? Eru þær of linar og veikbyggðar, rispaðar og ójafnar? Naglalínunni frá Wet'n wild er ætlað að vinna á slíku. Hægt er að fá mismunandi lakk fyrir mismunandi neglur sem á að gera nöglunum gott.



Nail Thickener. Naglaþykkir sem fyllir upp í ójöfnur um leið og hann skilur eftir sig varnarfilmu á nöglunum. Inniheldur A-vítamín.

Nail Growth. Glært lakk fyrir veikbyggðar og stuttar neglur. E-vítamín og sojaprótein eiga að örva og styrkja neglurnar. Inniheldur meðal annars formaldehíð.

Hver kannast ekki við leiðindin sem fylgja því að biða eftir að naglalakkid þorni? Með því að úða Express Dryer Spray á neglurnar í um 20 cm fjarlægð frá nöglunum þornar lakkid fyrr og gljafir meira.



Einfaldur glæsileiki og högværir litir voru allsráðandi hjá Ninu Ricci.

Hönnun Soniu Rykiel var svo sannarlega sumarleg. NORDICPHOTOS/AFP

Austurlensk áhrif og sterkir litir einkenndu vor- og sumarlinu Hermes.

Sjóræningjar voru áberandi á sýningu Gaultiers.

Elie Saab sýndi fjölda glæsilegra prinsessukjóra.



Skinnfatnaður

Minnkasjöl - Refir

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Hautvörurnar komnar

www.vefta.is



Vefta
Tískufót Hólagarði
Hólagarði • sími 5572010

Ævintýraprinsessur úr öllum áttum

Fjölbreytileikinn var allsráðandi í París í síðustu viku. Fjöldi hönnuða sýndi vor- og sumarlinu sína fyrir árið 2008 á tískuvikunni sem stóð yfir í París í síðustu viku. Áhrifin voru úr öllum áttum og mátti sjá alls konar kjóra sem áttu lítið sameiginlegt en voru hver öðrum glæsilegri. emilia@rettabladid.is



MC PLANET +

Austurhrauni 3
210 Garðabær
533 3805


GREENSTONE | ©

kápurnar komnar



BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Glæsilegir samkvæmisjakkar



Rita
Bæjarlind 6 • s. 554-7030
Eddufell 2 • s. 557-1730

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



Úr háborg tiskunnar
BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Sjóæningjar og pastellitir í París

Tískuviku í París lauk á sunnudag og að vanda var margt að sjá. Hönnuðir lofa litríku sumri í kventísku en eru langt frá því að vera einstlir í stíl. Allt frá faguðum Hollywood-stíl árána 1930-40 að pönkuðu rokk og róli Vivienne Westwood, inni á milli arkitektúrskur stíll Cristobals Balenciaga sem Nicolas Ghesquiere endurvinnur í sterkari litum og skarpara sniði.

Einn af áhugaverðari nýjum hönnuðum sem sýndu í þetta skiptið í París er indverskur, Manish Arora að nafni. Hann er ættaður frá Nýju-Delí og hefur í tíu ár hannað í föðurlandi sínu þar sem hann er stjarna og hannar meðal annars fyrir hinar frægu Bollywood-myndir en dreymdi eins og marga um að sýna í París. Arora tekur ýmis innersk tákni og vinnur með nýstárlegum hætti og er því trúr uppruna sínum.

Fyrsta sýningin til að vekja umtal var hjá Pierre Balmain en þar hefur Christophe Decarnin yngt stíllinn upp hjá hinu gamla tiskuhúsi og hefur tekist á nokkrum mánuðum að gjörbreyta mynd þess og skreytir sig nú með stjörnuviðskiptavinum sem vilja ólmir ganga í hönnun hans.

John Galliano ætla lengi að nota sér 60 ára afmæli tiskuhússins til að endurvinnna hugmyndir meistara „New-look“ Christians Dior. Sýning Dior-tiskuhússins var mjög mótuð af hönnun Dior frá um 1940 í anda Hollywood-stjarna eins og Marlene Dietrich, Greta Garbo og svo seinna Audrey Hepburn (í Breakfast at Tiffany's er allt sem Hepburn klæðist frá Dior). En það er svo merkilegt með John Galliano eins og hann getur verið „extravaganskur“ þá reyndist hann frekar þægur í þetta skiptið og fatnaðurinn óvenju nothæfur. Mikið unnið með þunnt silki, litirnir fölir pastellitir, bleikt, myntugrænt og parme. Annaðhvort síðir kjólar eða örstuttir sem minna á klæðnað í gleðihúsum snemma á tuttugustu öld. Galliano þarf hins vegar að fara að endurnýja sig.

Jean-Paul Gaultier var með frumlega sýningu í anda sjóræningjanna úr Karíbahafinu og korselettinu hans fræga. Litirnir sterkir, rautt, hvítt, svart og röndótt og alls kyns höfuðföt og klútar að hætti sígauna. En Gaultier segir sjónræningjana sem ferðuðust og stálu hér og hvar minna á fatahönnuði sem eru alltaf að leita að hugmyndum og stela hver frá öðrum. Að vanda blandar hann saman kvenlegu og karlmannlegu og af því að Gaultier þarf alltaf að vera öðruvísi en aðrir þá dugði ekkert minna en fimmtán brúðir í lok sýningarinnar.

Engin ein lína lýsir kventísku næsta sumars, hún er sambland af ýmsum stílum, straumum og litum, sumt er í fölum pastellitum en annað er í hressandi litum sem gleðja augað.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



100% náttúrulegt

- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.

Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana



DREIFING: BLÓM Í EGGI: SÍMI: 552 6500

DIVA

Vorum að opna glæsilega hársnyrti og naglastofu við Hlemm

OPNUNARTILBOÐ
tilboðið gildir út október

Fyrir hann
Strípur / Litun + Klipping **5990**

Fyrir hana
20% af allri vinnu í hári og nöglum

Sími 551 0102 • Hverfisgata 125

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Nýjar voru

Nýjar voru

Nýjar voru

Nýjar voru

Nýjar voru

Nýjar

Nýtt kortatímabil
Sendum í póströfu

EURO SKO

Firði Hafnarfirði S: 555-4420

SAND
WOMAN

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

Bók um hinn lata eiginmann. Handhæg bók þar sem greindar eru mismunandi típur af lötum eiginmönnum og hagnýt ráð til að snúa vörn í sókn og hvetja eiginmenn til að verða betri feður og lífsfórnautar. Fæst á Amazon.



Kveikt á kertum

Kvöldin lengjast og kertin verða ómissandi.

Með haustinu skapast gullin tækifæri fyrir þá sem vilja skreyta hús sín með kertum. Margir eiga eflaust lager í skúffum frá síðasta vetri sem hafa bara batnað við geymsluna og ekki skortir heldur

úrvalið í verslunum. Kerti í stjökum eru alltaf hátíðleg en kubba-kertin standa stöðugri. Þau geta líka verið í alls konar lögun, litum og stærðum. Óruggust eru þó teljósín og krukkur undir þau eru til í óteljandi gerðum. Þeir sem vilja ilmkerki velja þau og afar kósi er að hafa slík á baðinu. - gun



Óruggust eru sprittkerti því á þeim slokknar af sjálfu sér.

20% afsláttur af öllum myndaröðum til 15. október

Myndval í Hjóða - Alfabakka 14 - sími 557 4070
www.myndval.is - myndval@myndval.is

UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá.

Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf, nafnspjöld, tímarit og hvað eina sem þarf að prenta.

AUGLÝSINGAR

Útbúum auglýsingar í alla prentmiðla.

Einnig skjá-, strætisvagna- og skiltaauglýsingar.

Láttu þínar upplýsingar sjást.

FRUM Grensásvegi 12A
108 Reykjavík

sími: 568 1000 // frum@frum.is // www.frum.is



Guðmundur hefur sextíu ára reynslu í rennismiði. Hér læst hann vera að ausa 700 stiga heitum málmni upp úr potti í vélina fyrir aftan sig. Hún brýstir málminum inn í mótið og stuttu síðar fellur pannan niður á bakka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það vantaði pönnur

Íslenska pönnukökupannan er ómissandi á hverju heimili. Á henni eru bakaðar þynnri og finlegri pönnukökur en þekkjast meðal annarra þjóða.

Það er hjá Málmsmiðju Ámunda Sigurðssonar sem íslenska pönnukökupannan verður til. Þar er Guðmundur Haraldsson rennismiður og hreint enginn viðvangingur í faginu. „Ég byrjaði hér árið 1947 og er búinn að vera í fullu starfi síðan, fyrir utan eitt ár sem ég var í Danmörku að læra verkfærasmíði,“ segir hann. Spurður hvort hann sé hönnuður pönnunnar góðu svarar hann af fullkomnu látleysi. „Já, það kom algerlega af sjálfu sér. Það vantaði pönnur og ég bara smíðaði mótið.“

Þetta var upp úr miðri síðustu öld og orðið hönnun varla til á



Formið fyrir pönnuna smíðaði Guðmundur sjálfur árið 1950.

þeim tíma. Guðmundur sýnir blaðamanni og ljósmyndara gríðarmikla maskínu sem pannan er steipt í og fer viðurkenningarorðum um þá græju. „Þessi gengur alltaf. Það var engin hrákasmíð á vélum fyrir sextíu árum,“ segir hann og bætir við: „Í dag eru menn

sektaðir ef vélarnar endast meira en tíu ár. Þá er ekki hægt að selja nóg.“

Í næsta herbergi er plaststeypuvél sem notuð er til að smíða handfangið á pönnuna. Handtökin eru mörg við hverja pönnu því hún er gróf þegar hún kemur úr steypuvélinni. Því þarf að stansa hana út og pressa, slípa vel og vandlega og renna bæði að utan og innan. „Við getum steipt allt upp í 600 á einum degi þegar vel gengur en þá er heilmikil vinna eftir,“ lýsir Guðmundur og segir um 3.000 pönnur seljast á ári gegnum heildsöluna Ásbjörn Ólafsson. Hvort hann sjálfur ætli að halda lengi áfram að smíða svarar hann brosandí: „Ég hlýt að fara að hætta. Er að verða 76. En ég er hraustur. Þetta virðist ekki heilsuspillandi vinna eða ég svona baneitraður að það bítu ekkert á mig.“ gun@frettabladid.is




Það er leikur einn að baka ljúffengar pönnur á þessari.

50-70% AFSLÁTTUR

LAGERSALA

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR



OPIÐ

Virka daga kl. 12 – 18
Laugardaga kl. 12 – 16

**SPORT
OUTLET**

Vinlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

TICKET
TO HEAVEN

skunkfunk

nca:)

MUSTANG
JEANS

speedo

PUMA

Laga sig að aðstæðum

Á hverju heimili er nauðsynlegt að hafa stóla.

Setja má skemmtilegan svip á heimilið með því að velja sérstaka stóla sem standa líkt og skúlptúrar á gólfinu en þægindin skipta þó alltaf miklu máli. Algengt er að opið sé úr eldhúsi inn í stofu og renna þá oft borðstofan og eldhúsið í eitt. Þá er sniðugt að hafa stóla sem má nota á báðum stöðum. Hér má sjá nokkra skemmtilega stóla sem henta við fjölbreyttar aðstæður.

hrefna@frettabladid.is

Panton-stóllinn er löngu orðinn klassískur og hefur unnið til verðlauna. Verner Pantón hannaði hann fyrir Vitra árið 1967 og er stóllinn úr formbeygðu plasti. Hinn danski Pantón þótti byltingarkenndur í hönnun sinni á sínum tíma og djárfur í litnotkun. Stóllinn er fánlegur í ýmsum björtum litum en líka í hvítu.



Árið 1968 olli Finninn Eero Aarnio byltingu í nútímahönnun með upphengda kúlustólum sínum. Þessi stóll vekur enn í dag mikla athygli. Hægt er að hengja stólinn í nánast hvaða hæð sem er og einnig má skipta um púða. Stóllinn er auk þess þeim eiginleika gæddur að hann gleypir hljóð og því upplífir maður eins konar notalega einangrun þegar maður situr í stólnum.

Oh-stóllinn eftir Karim Rashid er sérstaklega krúttlegur svona bleikur en annars fæst hann í fleiri litum. Stóllinn er stöðugur en þó sveigjanlegur og er búinn til úr formbeygðu plasti líkt og Pantón-stóllinn. Fæturnir eru hins vegar úr möttu stáli. Hægt er að stafla þessum stólum og má nota þá jafnt innandyrá sem utan.

Amöbustóllinn er einnig hannaður af Verner Pantón. Hann er með mjúkar línur, munúðarfullur og þægilegur og í raun dæmigerð klassík í nútímahönnun. Stóllinn er táknrænn fyrir anda áttunda áratugarins og liggur mjög nálægt gólfi. Stóllinn fæst í ýmsum litum og nýja útgáfan er jafnvel enn þægilegri þar sem bakið er sveigjanlegt.

Þessi skemmtilegi stóll er eftir hinn víðkunna hönnuð Frank Gehry og er úr mörgum pappalögum. Hann er oftast kallaður „wiggle“-stóllinn, þar sem hann virðist allur vera á hreyfingu og krumpast einhvern veginn saman. Þó svo að stóllinn virðist fremur einfaldur er hann mjög sterkur og stöðugur og á samkvæmt prófunum að geta þolað mörg hundruð kílóa!

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is



Kjarnagluggar

Ekkert viðhald

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • WWW.RAFVORUR.IS

DÖMUKVÖLD Í KVÖLD

Komdu og njóttu kvöldsins með okkur frá kl. 18 til 22

Kynnum nýjungar
Við verðum með lifandi tónlist og bjóðum upp á léttar veitingar.

Glæsilegir vinningar í boði sem dregnir verða út kl. 21.

15%

afsláttur af ÖLLUM vörum á dömukvöldinu.



UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun 13-16
www.unika.is

Rut hjá Dívu ætlar að koma og bjóða upp á glæsilegt naglaskraut til styrktar krabbameinsféluginu.

Kaupum skraut og styðjum saman við bakið á málefni sem snertir okkur allar.

Tjáðu þig!

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit • Myndaalbúm • Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsmfélagið á Íslandi



NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flexitol

Flexitol Heel Balm

Útsalstaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snýrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB, Spar, Þín verzlun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

NÝTT!!
Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
Plokkari með ljósi

SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNÝRTIVÖRUVESLANIR

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System beltí fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - 5. 568 1717
www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

ALCO-GEL
Sóttþreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.

Fæst í apótekum um land allt.

Dr. Fischer

Bleika slaufan
OKTÓBER ER TILEINKAÐUR KONUM MEÐ BRJÓSTAKRABBAMEIN

Meinafræðileg greining brjóstakrabbameins

Í þessari grein verður fjallað um hlutverk meinafræðinga við greiningu brjóstakrabbameins en með meinafræðilegri greiningu eða vefjarannsókn er sjúkdómsgreiningin staðfest auk þess sem hægt er að aðgreina mismunandi æxlisgerðir og athuga líffræðilega eiginleika æxlanna og þar með mismunandi horfur.

Langflest brjóstakrabbamein eru fyrst greind með frumurannsókn eftir að gerð hefur verið fín nálarástunga á æxlið en sérhæfður frumumeinafræðingur skoðar sýnið í smásjá og staðfestir að um krabbamein sé að ræða. Mun meiri upplýsingar fást með vefjarannsókn, þar sem allt æxlið kemur til skoðunar eftir að hafa verið fjarlægð með skurðaðgerð, en einnig er í sumum tilvikum sjúkdómsgreining staðfest með vefjarannsókn. Eftir sérhæfða meðhöndlun á vefnum eru skornar örþunnar sneiðar af æxlinu, sem settar eru á smásjargler, litaðar og skoðaðar í smásjá af læknum, sem eru sérfræðingar í vefjameinafræði.

Brjóstakrabbameinum má skipta grófléga í tvo hópa eftir dreifingu. Annars vegar eru það staðbundin brjóstakrabbamein, sem enn eru bundin við mjólkurganga og mjólkurkirtla, og hins vegar ífarandi brjóstakrabbamein. Þau vaxa út í brjóstvefnum og geta jafnframt vaxið inn í æðar og myndað meinvörp í svæðiseitlum eða öðrum líffærum. Ífarandi krabbamein eru svo aftur flokkuð meinafræðilega eftir ýmsum þáttum, sem hafa áhrif á horfur, s.s. stærð, vefjagerð og æxlisgráðu.

Tvær helstu vefjagerðir ífarandi krabbameins í brjóstum eru krabbamein af gangatoga (útgengin

frá mjólkurgöngum) og bleðlakrabbamein (útgengin frá mjólkurkirtlum). Gangakrabbameinin, sem eru miklu algengari, eru langflest ósérhæfð en til eru þó sérhæfðar gerðir, sem flestar hafa heldur betri horfur. Oftast er um eitt æxli að ræða en bleðlakrabbamein hafa meiri tilhneigingu til að koma upp í báðum brjóstum eða á mörgum stöðum í sama brjóstinu. Öllum ífarandi brjóstakrabbameinum eru síðan gefnar æxlisgráður óháð vefjagerð þeirra. Æxlisgráða segir til um hversu vel eða illa æxlin eru þroskuð, þ.e. hversu vel þau líkjast eðlilegum þekjuvef brjóstanna. Æxlisgráður eru þrjár og hefur gráða 3 verstu horfurnar. Aðrir þættir, sem metnir eru við vefjagreiningu, eru m.a. hvort æxlisvöxtur sést vaxa inn í æðar, sem bendir til að æxlið geti verið farið að dreifa sér til eitla eða annarra líffæra. Einnig eru skoðaðar fjarlægðir æxlisins frá skurðbrúnum sýnisins, sem gefur til kynna hvort skurðlæknum hafi tekist að fjarlægja allt æxlið. Í þeim tilfellum, sem holhandareitlar fylgja með sýninu, eru þeir einnig skoðaðir til að sjá hvort og hve margir þeirra innihalda meinvörp frá æxlinu, en það er þáttur, sem hvað sterkastar vísbendingar gefur um horfur.

Auk hefðbundinnar vefjarannsóknar eru jafnframt gerðar sérannsóknir sem gefa viðbótarupplýsingar um horfur sjúklinganna auk þess sem þær leiðbeina varðandi meðferð. Hér er um að ræða flæðigreiningu (flow cytometry) auk athugunar á því hvort æxlisfrumur tjái hormónaviðtaka (estrógen og prógesterón viðtaka) og hvort um mögnun á æxlisgeninu HER-2 sé að ræða. Með flæði-

greiningu er annars vegar mælt DNA innihald í kjörnum æxlisfrumna og hins vegar er mældur vaxtarhraði æxlisins (svokallaður S-fasi, þ.e. hversu stórt hlutfall frumna úr tilteknu æxli sé í skiptingu). Að öllu jöfnu er afbrigðilegt DNA innihald og hár S-fasi tengt verri horfum, en ef um eðlilegt DNA innihald eða lágan S-fasa er að ræða. Hormónaviðtakar eru metnir í smásjá með mótefnalitunum á vefjasneiðum, en tjáning þeirra í æxlinu er forsenda þess að unnt sé að beita hormónameðferð hjá sjúklingi. Mat á mögnun HER-2 er einnig gert með mótefnalitun. Ef um sterka svörun eða alveg neikvæða er að ræða þarf ekki frekari rannsóknir, en ef að svörun er óljós þarf að beita viðbótarannsókn á sýninu. Ef um mögnun er að ræða kemur til greina að meðhöndla sjúklinginn með mótefnum sem beint er gegn HER-2.

Um þessar mundir eru rannsakendur víða um heim að skoða brjóstakrabbamein með tilliti til þess hvaða gen eru tjáð í æxlunum með svokallaðri örflögutækni. Komid hefur í ljós að unnt er með þessari tækni að skipta brjóstakrabbameinum í nokkra hópa eftir tjáningu og benda fyrstu niðurstöður til þess að horfur sjúklinga innan mismunandi hópa séu ólíkar. Hér um mjög athyglisverðar rannsóknir að ræða sem hugsanlega verða í framtíðinni notaðar auk annarra rannsókna til að segja til um horfur einstakra sjúklinga auk þess að leiðbeina um meðferð með meiri nákvæmni en hægt hefur verið.

Lárus Jónsson og Bjarni A. Agnarsson, læknar við Rannsóknastofu í meinafræði, Landspítala

Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

Ungbarna andlitskrem - Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og úrtjólubláum geislum. Sólvarörn SPF 18, vitamin A&E.
Bossakrem - Mykir og verndar bleijusvæði gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Byr til verndandi lag á húðina. A&B5 vitamin. Mjög gott á bruna.
Bossablautklútar - Handhægir klútar í ferðapakningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og lítefnalausr. Ph gildi 5,5.
Ungbarna baðsápa - Sérlega mild og rakagefandi kremsápa "sápulaus". Innih. A&E vitamin.
Ungbarna sjampó - Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkinjúkt.
Ungbarna húðmjólk - Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vitamin. Ph gildi 5,5.
Ungbarna olía - Mild olía sem mykir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vitamin.

Fæst í apótekum um land allt

Dr. Fischer



blesuð börnin

FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBER 2007

Algjört leyndó
Leynifélagið heldur
leynifundi í allan vetur

BLS. 2



FRETTLAÐIÐ/VALLI



Barnahúsgögn

Allt í barnaherbergið - sjón er sögu ríkari



HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti

Fossaleyfir 6 - 112 Reykjavík
Sími: 586 1000 - www.husgogn.is

Algjört leyndó

Leynifélagið er nýr barna-
þáttur á Rás eitt sem heldur
reglulega leynifundi í allan
vetur.

Fyrsti fundur Leynifélagsins var haldinn 10. september síðastliðinn og tók við af barnaþættinum Vitanum sem hefur verið á dagskrá Ríkisútvarpsins í tæp átta ár.

Þær Kristín Eva Þórhallsdóttir og Brynhildur Björnsdóttir leiða fundi Leynifélagsins sem hefjast stundvíslega klukkan átta á kvöldin, frá sunnudegi til miðvikudags.

„Hverjum fundi er útvarpað beint til leynifélaga um allt land. Allir geta gerst leynifélagar en þættirnir eru kannski helst stílaðir inn á krakka á aldrinum sex til tíu ára. Einnig mælumst við til þess að fullorðnir hlusti í fylgd með börnum,“ segir Kristín Eva og bætir við að leynifélagar erlendis geti einnig hlustað í gegnum netið bæði í beinni útsendingu og á eldri þætti.

„Öll þessi íslensku börn sem búa erlendis, annað hvort vegna starfs eða náms foreldra, geta hlustað og þannig heyrt og haldið við íslenskunni. Einnig eru leynifélagsfundir góðir fyrir erlend börn sem eru búsett á Íslandi til þess að þau geti lært málið enn betur,“ segir Kristín Eva.

Leynifélags þættirnir eru hálf tíma langir og taka fyrir allt sem viðkemur börnum og barnamenningu. „Okkur er ekkert óviðkomandi. Við förum inn í samfélag barna og fylgjumst með því sem þau eru að gera og heyrum í þeim. Við tökum fyrir nýjar bækur, menningu og myndlist, ásamt tómsundum, sundi, fótbolta og þess háttar. Síðan er alltaf lesin framhaldssaga í hverjum þætti og að þessu sinni er það Elsku Mío minn eftir Astrid

Lindgren, sem Þorleifur Hauksón les. Á sunnudögum hvílum við framhaldssöguna og erum með sérstaka fræðsluþætti. Þar höfum við meðal annars verið að fjalla um jörðina frá ýmsum sjónarhornum,“ útskýrir Kristín Eva.

Leynifélagið er á dagskrá klukkan átta á kvöldin og þar hefur barnaefninu verið seinkað um klukkutíma vegna mikillar eftirspurnar frá foreldrum og börnum.

„Útvarpinu bárust kvartanir vegna þess að barnaefnið var alltaf klukkan sjö. Þá er mikið annríki á heimilum í kringum kvöldmat og undirbúning fyrir háttinn svo þessu var breytt. Enda hafa foreldrar það hlutverk að draga börnin að viðtækinu og verða að hafa tíma til þess. Núna er hægt að kveikja á tækinu og taka með sér leynifund í háttinn,“ segir Kristín Eva og bætir við: „Langflestum krökkum finnst gott að hlusta og það er mun rólegri afþreying en sjónvarp og tölvuspil. Þátturinn er á rólegu nótunum og gefur ímyndunarafl barnanna lausan tauminn. Síðan endar hann á framhaldssögunni enda finnst flestum börnum mjög gott að láta lesa fyrir sig fyrir háttinn.“

Leynifélagar geta sent bréf og tölvupóst á leynifélagsfund og Kristín Eva segir þættinum þegar hafa borist mörg skemmtileg bréf. „Við lesum upp úr bréfunum í þættinum svo við hvetjum alla leynifélaga, bæði hérlandis og erlendis, til að láta í sér heyra.“

Netfangið er leynifelagid@ruv.is og pósthafið er Leynifélagið, RÚV, Efstaleiti 1, 103 Reykjavík.

rh@frettabladid.is

Þær Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir leiða fundi Leynifélagsins á Rás eitt í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Bangsi bestaskinn

Þessi krúttlegi bangs-
strákur er einstaklega
mjúkur og er með
bakpoka. Fæst
einnig í bleikum
buxum í Lene Bjerre
á 1.610 kr.



Flestir hafa einhvern tíma á lífsleiðinni átt sinn
uppáhaldsbangsa sem gott var að knúsa og
kúldrast með.

Mikið úrval er af tuskudýrum í margs konar litum, stærðum og af ýmsum tegundum. Gamli góði bangsinn stendur hins vegar alltaf fyrir sínu og er kjörinn svefnfélagi með sínar mjúku línur. Auk þess er hægt að fá ýmiss konar fylgihluti með bangsamyndum sem gaman getur verið að prýða barnaherbergi með. - hs



Þessi stóri og myndarlegi
bangsi er klassískur með
sínar mjúku línur og
ljósbrúna lit. Hann
fæst í Tekk-
Company á
7.500 kr.



Bangsasnagi útskorinn úr tré.
Tilvalinn fyrir litla fingur að
hengja klæðin sín á. Einnig
eru til snagar með þremur
hönkum. Fæst í Lene Bjerre og
kostar 1.500 kr.

Lítill bangsaengill með silfraða
vængi og kotta. Er með hanka
sem hægt er að hengja hann upp
á. Hann hentar til dæmis vel
til að skreyta vöggur eða
rúm. Fæst í Lene
Bjerre á
980 kr.



Margprófaður fatnaður sem heldur á þér hita við
erfiðustu aðstæður sem hægt er að hugsa sér.

Þar á meðal í löngufrímínútum.



JÓNSSON & LE'WACKS · JÚLÍ · SÍA

Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5,
Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluáðilar um land allt.

www.66north.is

Klæddu þig vel



Sögustund á Sólbakka

Á leikskólanum Sólbakka eru fjörugir og skemmtilegir krakkar. Við vorum svo heppin að fá að spjalla við fjóra hressa krakka á leikskólanum og eru þau ýmist orðin fimm ára eða alveg að verða fimm.



TRYGGVI KLEMENS TRYGGVASON:

Hvað gerðirðu í sumar?

„Ég fór til Danmerkur og fór í tívolí og það var rosalega skemmtilegt. Ég fór í flugvélinna í tívolíinu.“

Þetta var í fyrsta skipti sem Tryggvi Klemens fór til útlanda og fannst honum það mjög spennandi. Honum fannst sérstaklega gaman að fara í ávaxtabúðina og fá Spiderman-ís.

„Þegar ég borða Spiderman-ís þá fæ ég svona bláa tungu,“ segir Tryggvi Klemens og hlær. Næsta spurning var hins vegar að eins erfiðari.

Hvað þýðir að vera kurteis?

„Ég er nú eiginlega með kvef,“ skýtur Tryggvi Klemens inn í en segir svo: „En að vera kurteis er að segja eitthvað fallett og líka að segja elskan.“

Hvert er uppáhaldsdótið þitt?

„Það er skjöldurinn minn og sverðið mitt. Það er riddaradót og það er svo gaman að vera í riddaraleik,“ segir Tryggvi Klemens spenntur.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

„Kjötsúpa.“

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?

„Ég ætla að verða lögga,“ segir Tryggvi Klemens ákveðinn.



EMIL ÖRN JÓHANNESSON:

Hvað gerðirðu í sumar?

„Ég fór á ströndina í Reykjavík. Ég var með svona hring og synti með hann á mér. Í dag kann ég að synda með engan kút því ég er farinn á sundnámskeið,“ útskýrir Emil Örn stoltur. En næst ræddum við um aðeins flóknari hluti.

Hvað þýðir að vera kurteis?

„Það er að segja eitthvað fallett eins og ég elska þig,“ segir Emil Örn einlægur.

Hvert er uppáhaldsdótið þitt?

„Það er svo margt en ég held mikið upp á risaeðlurnar mínar og bílinn minn sem er með 11 framan á og gulldekk. Hann er flottur.“

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

„Grjónagrautur og hafragrautur og spagettisúpa,“ segir Emil Örn, sem er mjög hrifinn af öllum grautum og súpum.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?

„Sterkasti maður Íslands, sterkasti maður heims og töframaður og trúður,“ segir Emil Örn ákveðinn og greinilegt að hann hefur háleit markmið og öflug.



ÁSDÍS ÓSK EIRÍKSDÓTTIR:

Hvað gerðirðu í sumar?

„Ég fór bara í sumarbústað og var í sólbakka. Það var heitur pottur og ég fór líka í sund,“ segir Ásdís Ósk.

Hvað þýðir að vera kurteis?

„Bara að leika við hvort annað og vera góð. Líka að leyfa öðrum að leika sér með dótið.“

En hvað þýðir að vera dónalegur?

„Að rífa í hárið og svoleiðis.“

Hvert er uppáhaldsdótið þitt?

„Blettatígursbangsinn minn af því hann er vinur minn og hafmeyjubarbi sem heitir Ariel,“ segir Ásdís Ósk en bætir svo við ásamt vinkonu sinni Guðrúnu Maríu:

„En veistu, stundum eru strákarnir að elta okkur stelpurnar og þeir eru alltaf að meiða okkur og svoleiðis. En sumir eru hættir og byrjaðir að vera vinir okkar, en sumir eru ekki hættir,“ útskýra stelpurnar og er mikið í mun að þetta komi fram. En aftur að hversdagslegri hlutum.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

„Spagetti.“

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?

„Söngvari,“ segir Ásdís Ósk dreymin.



GUÐRÚN MARÍA ÁRNADÓTTIR:

Hvað gerðirðu í sumar?

„Ég fór í sund og líka á ströndina og í sólbakka. Mér fannst skemmtilegast í sundinu,“ segir Guðrún María kát.

Hvað þýðir að vera kurteis?

„Að leyfa hinum að vera með.“

En hvað þýðir að vera dónalegur?

„Það þýðir að segja eitthvað ljótt og að vera vondur við mann og að rífa í hárið á manni og meiða mann. Eða klemma mann. En það er samt gott að klemma nefið ef maður finnur vonda lykt,“ bætir Guðrún María við og sýnir hvað hún meinar.

Hvert er uppáhaldsdótið þitt?

„Dúkkann mín sem heitir Óskubuska og hún á Óskubuskukjól. Hún er dúkkann mín og ég elska hana og hún má fara í sund en ekki hárið.“

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

„Grjónagrautur.“

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?

„Prinsessa,“ segir Guðrún María ákveðin enda fer ekki framhjá neinum að hér er svo sannarlega lítil prinsessa á ferð.

hrefna@frettabladid.is



Mæðrablessun

Margir kannast við sængurgjafaveislur úr amerískum kvikmyndum, þegar konur koma saman með gjafir til heiðurs ófæddu barni, en einnig er til mæðrablessun sem er ævafor athöfn Navajo-indjana til heiðurs verðandi móður, styrk hennar, fegurð, reisn og skapandi kröftum.

Mæðrablessun er skipulögð út frá persónuleika og þörfum konunnar. Fagnaðurinn getur tekið allt frá klukkustund upp í heilan dag, en til samfundanna býður hin verðandi móðir konum sem henni eru kærar. Til efni mæðrablessunar geta verið mörg; að fagna meðgöngu konunnar, kvenleika hennar, dekra við hana, sækja kraft, innblástur, viðurkenningu og stuðning kynsystra, þörf fyrir sterkt stuðningsnet kvenna, upplif-

un andlegrar athafnar, dýpri upplifun meðgöngu, fæðingar og móðurhlutverks, eða bara hvað sem er.

Við mæðrablessun er hús móðurinnar fagurlega skreytt, allir taka með sér góðan mat, móðirin fær nudd, andlitsbað, hand- og fót snyrtingu eða annað dekur, gestir hennar búa til hálsfesti og henni eru gefnar táknaðar gjafir. Einnig er útbúið fallett albúm með bænum, óskum eða sögum til móður og barns, farið í slökun, hugleitt, beðist fyrir, kveikt á reykelsi og jurtir brenndar, farið með sólar- og mánaðveður, gifsbumbur skreyttar, snæddar táknaðar máltíðir eða hvaðeina sem skipuleggjendum dettur í hug.

Draumafæðing www.draumafaeding.net skipuleggur mæðrablessanir fyrir móðurina sjálfa, eða aðra sem vilja halda mæðrablessun sem gjöf til móðurinnar.

Til mæðrablessunar býður hin verðandi móðir konum sem henni eru kærar.

Ég er búúúúiiiiin!

Þér finnst líklega stutt síðan þú skiptir á fyrstu bleiu barns þíns, en ert samt farin(n) að bræða með þér hvort tímabært sé að venja það á kopp. Sum börn hafa til þess nægilegan vitsmuna- og líkamsþroska á milli 18 og 24 mánaða, en margir setja ekki börn sín á kopp fyrr en þau eru orðin tveggja og hálf til þriggja ára, en þá hafa flest börn betri stjórn á þvagblöðrunni.

Notaðu gátlistann hér að neðan til að sjá hvort smábarnið þitt sé tilbúið á kopp. Ekki þarf að bíða þar til merkt hefur verið við allt sem þar er upptalið; horfðu frekar á almenna tilhneigingu barnsins í átt að sjálfstæði og skilning þess á því hvað þýðir að fara á klósett eins og fullorðnir gera.

horfa á þig fara á klósettið).

- Gefur líkamlegt eða munnlegt merki þegar það kúkar, eins og rembist, situr á hækjum sér eða segir frá.
- Sýnir löngun til sjálfstæðis.
- Er stolt af kunnáttu sinni.
- Sýnir ekki mótstöðu gagnvart því að læra á koppinn.
- Er samvinnuþýtt en ekki neikvætt eða þverlynt.

VITSMUNAPROSKI:

- Getur fylgt einföldum leiðbeiningum, eins og „farðu og náðu í dótið“.
- Hefur skilning á að setja hluti þar sem þeir eiga að vera.
- Skilur og kann að segja: „pissa“ og „koppur“.

LÍKAMLEG EINKENNI:

- Getur gengið og jafnvel hlaupið og haldið stöðugleika.
- Pissar allgóðu magni á sama tíma.
- Hefur reglulegar, vel formaðar hægðir á tiltölulega fyrirsjáanlegum tíma.
- Hefur þurr tímabil að minnsta kosti þrjár til fjórar klukkustundir, sem sýnir að þvagblöðruvöðvar hafa þroskast nóg til að hafa stjórn á þvaglátum.

HEGÐUNAREINKENNI:

- Getur setið rólegt í sömu stellingu í tvær til fimm mínútur.
- Getur dregið buxur upp um sig og niður.
- Líkar ekki að vera með blauta eða óhreina bleiu.
- Sýnir áhuga á klósettvenjum annarra (vill



Sunshine kids aukahlutir



Easy View stór og góður spegill sem hægt er að snúa 360° auðvelt að festa -afar skýr



Lock-Tite smella til að halda öryggisbeltum saman. Aðeins ætlað 5p öryggisbeltum fyrir stóla upp að 18kg.



Stuff 'n Scuff vörn fyrir framstólinn með vösum, festist á höfuðpúðann.



Super Mat motta til að setja undir barnabístól.



Side-Rider Clip-On karfa - úr mjúku efni sem gefur vel eftir. Hægt að smella eða krækja. Passar á öll sæti.

Útsölustaðir:

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16
sími .5672330
www.bilasmidurinn.is

Baby Sam
Smáralind og
Skeifunni
sími : 568 2200

Fífa barnavörverslun
Bíldshöfði 20
(Húsgagnahöllin)

Barnafataverslunin Spez
Hafnarstræti 106
sími . 461133
Akureyri

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
sími . 4604300
Akureyri

Bílasala Suðurlands
Fossnesi 14
sími . 4808000
Selfossi

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Mikið úrval af módelum, myndum til að mála eftir númerum og pússluspilum.



Tómstundahúsið,
Nethyl 2, sími 5870600,
www.tomstundahusid.is



Hundagallerí

Smáhundaræktun



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier
Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is



Flott fót á fjöruga krakka
Stærðir: 56-122



Húsgagnahöllinni, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, s. 552-2522 www.fifa.is
Opíð: mán-lau 10-18, sun 13-17



Það reynir á kraftana að draga fé í dilka en Hafþór Logi og Elín Helga hafa gaman af því.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Ég nota Sterimar, það hjálpar



- kvef
- ofnæmi
- eyrnabólga
- ennis og kinnholusýking



Fæst í apótekum

Spennandi að ná kindum og draga þær í dilka

Börn hafa gaman af að hjálpa til og láta muna um sig. Slík tækifæri gefast oft í sveitinni, til dæmis í réttunum á haustin.

Elín Helga Sigurðardóttir átta ára og Hafþór Logi Heiðarsson sex ára voru að handsama fé og draga það í dilka í Hnappavallarétt í Örfæfum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að.

„Það getur verið erfitt að ná kindunum en það er spennandi,“ segir Elín Helga svolítið móð eftir átökin. „Maður verður að reyna að króa þær af og henda sér svo á þær,“ segir Hafþór Logi til að útskýra vinnubrögðin. „Já, og grípa í hornin,“ bætir Elín við. Þau eru kappsöm og iðin að eiga við óþægjar kindurnar og láta sig engu skipta þó að þau detti stundum í drulluna. Allt í lagi þó að fötin óhreinast, þau fara bara í þvottavélina.

Elín Helga á heima á Hnappavöllum. Aðspurð kveðst hún dálítið dugleg við bústörfin og segir skemmtilegast af öllu að smala á hesti. „En þegar féð er rekið úr girðingunum hleyp ég og labba,“ útskýrir hún. Hafþór Logi á heima á Höfn en kemur oft í sveitina til ömmu sinnar og annars frændfólks. Honum finnst gaman að hjálpa til að reka kindur í réttina og ná þeim þar en hefur ekki prófað að smala á hesti. „Ég hef samt farið á bak honum Léttfeta hennar Elínar,“ tekur hann fram.

Þau Elín Helga og Hafþór Logi eru dálítið rík því þau eiga sínar eigin kindur. „Ég á tvær ær, önnur heitir Glógló og ég er búin að eiga hana alveg síðan ég man eftir mér og fékk tvö lömb undan henni í vor,“ segir Elín Helga. „Ég skírði hina ána mína Fýlu því hún er alltaf í fýlu!“ bætir hún glettin við.

Hafþór Logi á líka tvær ær. „Fluga mín eignaðist tvö lömb í vor og stal því þriðja. Svo dó eitt lambið og þá átti hún tvö eftir, hrút og gimbur. Hin ærin mín heitir Ír, hún er undan Flugu og var líka með hrút og gimbur.“

Viðtalið er tekið á sunnudegi og eftir réttarstússið fara börnin heim að undirbúa sig fyrir skóla-víkuna. Elín Helga er í Hofsskóla. Oftast frá klukkan níu til þrjú, nema á föstudögum, þá er hún búin um hádegi. „Ég vakna yfirleitt klukkan átta því ef ég sef til hálf níu verð ég að vera alveg rosalega fljót að drífa mig í skólabílinn,“ segir hún.

Hafþór Logi er í 2. bekk Nesjaskóla í Hornafirði og finnst gaman þar. Hann á samt erfitt með að benda á uppáhaldsnámsgrein. „Mér finnst nú skemmtilegast í frímínútunum,“ segir hann og brosir.

gun@frettabladid.is

Að búa til barn

Góð heilsa og gott líkamsform eykur líkur á heilbrigðri meðgöngu.

Þar í barneignarhugleiðingum ætti að gera allar breytingar til batnaðar nokkru áður en þær eru fyrirhugaðar. En ef þið brennið af löngun í barn akkúrat núna er gott að hafa hugfast að flestum þörum tekst ekki að verða barnshafandi um leið og löngunin kviknar. Oftast líða nokkrir mánuðir þar til kona verður þunguð.

KARLMENN:

- Hættið að reykja. Reykingar draga úr frjósemi karla, sem og frjósemi kvenna sem reykja óbeint í gegnum maka sína. Feður sem reykja stefna heilsu barna sinna í hættu, bæði fyrir og eftir fæðingu þeirra, og auka hættu á vöggudaða.
- Slakið á drykkjunni. Áfengi dregur úr gæðum sæðis og gerir vel heppnaða meðgöngu ólíklegri.
- Varist streitu. Stress veldur hormónabreytingum sem geta leitt til frjósemisvanda.

- Klæðið ykkur létt. Sæðisframleiðsla er rétt undir venjulegum líkamshita. Forðist heit böð og klæðið boxer-nærbuxum til að auka loftrás í kringum eistun.

- Borðið vel. Heilbriggt mataræði og regluleg hreyfing minnkar streitu og eykur hreysti.

KONUR:

- Gætið að vigtinni. Að vera sem næst kjörþyngd eykur líkur á getnaði og gerir meðgönguna þægilegri. Of lítið hold getur komið í veg fyrir getnað, á meðan offita eykur líkur á háþrýstingi og sykursýki á meðgöngu.
- Hættið að reykja. Reykingar auka líkur á fósturláti, andvana-fæðingu, fæðingu fyrir tímann og lágrí fæðingarþyngd. Reykingar á meðgöngu hafa áhrif á alla bernsku barnsins og valda þeim margvíslegum sjúkleika og kvillum.
- Ekkert áfengi. Sérfræðingar ráðleggja konum að sniðganga áfengi alveg hyggi þær á barn-eignir.
- Taktu fólínsýru. Fólát er mikil-



Varist streitu ef barneignir eru á döfinni.

vægt B-vítamín sem kemur í veg fyrir hrygggrauf og sjúkdóma í miðtaugakerfi. Mælt er með inn-töku fólínsýru nokkru áður en getnaður er reyndur. Fólát finnst einnig í grænu grænmeti, appelsínunum, grófkorna brauði og morgunkorni.

- Stundið kynlíf. Það hljómar auðvitað augljóst en reglulegt kynlíf eykur líkur á þungun. Reynið að hafa kynmök alla daga frjósemis-tímabilsins. Konur hafa egglos einu sinni í hverjum tíðahring og er getnaður líklegastur fjórtán dögum fyrir næstu blæðingar.

medela
Harmony™
Handdæla



Nú af hverjum tíu mæðrum velja Medela fram yfir aðrar brjóstadælar!

Örvar fyrst og mjólkur svo

YM
www.ymus.is

Öflugt starf einstæðra foreldra

Félag einstæðra foreldra hefur opnað nýja heimasíðu.

Hagsmunir barna sem alast upp hjá öðru foreldri er helsta mál Félags einstæðra foreldra. Félagið, sem var stofnað árið 1969, er í miklum vexti og það sem af er ári hafa hundrað nýir félagsmenn skráð sig að sögn Laufeyjar Ólafsdóttur, formanns félagsins.

Félags- og lögfræðiráðgjöf er meðal þeirrar þjónustu sem fé-

lagsmenn geta gengið að ókeypiss. Þar fást góð ráð um skilnað, forsjármál og annað um málefni einstæðra foreldra og barna þeirra.

Í haust hefjast námskeið og hópstarf sem eru stíluð inn á ófrískar einstæðar mæður, tuttugu og fimm ára og eldri, sem gengur út á almenna fræðslu um meðgöngu, fæðingu, uppeldi, réttindi, forsjá og annað tengt hlutverki einstæðs foreldris. Allar nánari upplýsingar: www.fef.is.



Hagsmunir barna einstæðra foreldra eru leiðarljós félagsins.

- rh

Heilsubuff

fullleidd, tilbúið á 5 mín.

ÁN MSG



Frískandi og freistandi ávextir.

Seilst í sjónvarpsgott

Þegar fjölskyldan sest fyrir framan sjónvarpið í vikulok og horfir saman á mynd tilheyrir líka að eiga eitthvað gott í gogginn. Til að seðja sárasta sætindahungrið eða löngun í fitandi flögur er sniðugt að bera fyrst fram grænmetisfingramat með víðeigandi sósu eða ávaxtasalat, vínber eða

aðra freistandi ávexti. Síðan geta poppkorn, hnetur, harðfiskur eða

dökkt súkkulaði fylgt á eftir. Ef flögur og skrúfur þykja alveg ómissandi er sniðugra að hver og einn fái skammt í eigið ílát en skella stórrí skál á borð. Eins er lítil kók handa hverjum og einum til þess fallin að draga úr neyslunni frekar en tveggja lítra flöskur sem hver og einn gengur í að vild. En vatnið er vitaskuld besti drykkurinn.

Við Íslendingar eigum auðlind þar sem harðfiskurinn er.



Grænmetið er gott til að byrja á.



Dökkt súkkulaði er gómsæt náttúruafurð.

Hausttilboð



Fjallahjól
24 girar og læsanlegir demparar.
Verð 44.000
kr. 35.200
Afsláttur 20%



Borgarhjól
18 girar. Brett, bögglaberi og standari fylgja með.
Verð 33.500
kr. 23.450
Afsláttur 30%



Fjallahjól
24 girar og dempari.
Verð 37.800
kr. 30.240
Afsláttur 20%



Fjallahjól
24 girar og diskabremsur.
Verð 48.000
kr. 38.400
Afsláttur 20%



Borgarhjól
Þægilegt borgarhjól með 24 girum. Einnig til í herra útfærslu.
Verð 45.200
kr. 36.160
Afsláttur 20%



Barnahjól
6 girar og dempari fyrir 6-8 ára.
Verð 24.900
kr. 17.430
Afsláttur 30%



Dömu borgarhjól
Þægilegt dömu borgarhjól með 21 girum.
Verð 33.900
kr. 23.730
Afsláttur 30%



Stelpuhjól
Fyrir 4-6 ára létt og gott.
Verð 12.900
kr. 9.030
Afsláttur 30%



Strákahjól
Fyrir 4-6 ára létt og gott.
Verð 12.900
kr. 9.030
Afsláttur 30%



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Taktu **KFC** með í Nesti!



Opnið!



KFC hefur opnað glæsilegan stað í Nesti Fossvogi. Komdu við á KFC Nesti og taktu gómsætan KFC með í nesti á leiðinni heim.



allt - sem þig vantar

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



MMC GALANT GLSI/SEDAN. Árg 1999, ek. 132 þ.km, Sjálfskiptur. Verð TILBOÐ 550 þús Verð áður 690þús. Rnr.201151. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is



TOYOTA COROLLA 1,6 VVTI. Árg. 2003, ek. 112 þ.km, Sjálfskiptur. Verð TILBOÐ 790.000 Verð áður 990 þús. Rnr.122000. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is



PEUGEOT 306 BREAK STW. Árg. 1998, ek. 130 þ.km, 5 gir. Verð TILBOÐ 250 þús Verð áður 350þús. Rnr.201404. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is



FORD KA 1.3i. Árg. 1999, ek. 90 þ.km, 5 g. Verð TILBOÐ 220 þús Verð áður 290 þús. Rnr.201283. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is



FORD FIESTA. Árg. 2003, ek. 63 þ.km, Beins. Verð TILBOÐ 750þús Verð áður 890þús. Rnr.201416. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is



Toyota Landcruiser
Toyota Landcruiser 90 vx 3/1999 leður lúga ssk ekinn aðeins 143 þús km guflallegur bíll með topp þjónustu einn með öllu ásett verð 2.590.000.- blán 1.950.000.- Bílabankinn 588-0700 Eyrrhöfða 11

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is



bilaland
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS




HYUNDAI TRAJET Nýskr: 07/2003, 2000cc 5 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 81.000 þ. Verð: 1.430.000

Bílaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ Þessi fæst á yfirtöku Ford Escape árg 9/2001 ek aðeins 79 þús km, ákv 970, 29 þús á mánuði,



Volvo XC90 4.4 L 8 cyl árg 2007 ek 6 þ.km, leður, lúga, 18" felgur ofl sem nyr, verð 6.9 mil ákv 5.2 mil 68 á mánuði.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



Dodge ram 1500, árg. '05, ek. 80 þ. Beisli, 20" dekk, filmur, stigbretti. Möguleiki á 100% láni. Hekla Reykjanesbæ 420 5000



Lexus IS 200. árg. 07/'01, ek. 128 þ. Ssk, filmur, álfelgur og spoilerkit. Fallegur bíll. Hekla Reykjanesbæ 420 5000



VW Caddy Life 12/06 ek. 9 þ. 5 manna, álfelgur. Áhvilandi 1.850 þ 28 þ á mån Hekla Reykjanesbæ 420 5000

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 230 Reykjanesbæ
Sími: 420 5000
www.heklakef.is



Mótor & Sport
Djúphöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040

Hippar
Á afmælistilboði 298 þús. með götuskráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, ABS bremsur, 2 litir, svart og vínrætt.



Ítalskar vespur
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Verð 188 þús. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan..

Mótor og sport ehf
Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Sími: 567 1040
Varahlutir og viðgerðarþjónusta s. 567 1040.



SKODA OCTAVIA árg 4/05, ek 44.þ km, 6 Gíra, 2.0L, Xenon ljós, topplúga, spoiler, 17" krómfelgur, Verð 2.290 þ. áhv 1.500 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120353 S: 567 2700

Arnarbilar ehf
Gylfahlöfða 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is



Nýr 2007 Mazdaspeed 3 2.3L Turbo 263 hp. 5.8 sec. í 100 km.



Nýr Mazda Cx-7 2.3L Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Eigum til afhendingar strax nokkra CX-7 með 400.000 kr. afslætti.



Nýr Mazda CX-9 3.5L V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Eigum til afhendingar strax nokkra Tribute með 300.000 kr. afslætti.



Nýr 2007 Mazda 3 sedan. 2.0L ssk., eigum til afhendingar strax.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opíð laugard 12-16
www.x4.is

Bílar til sölu



Vel með farin Daihatsu Sirion, sjálfskiptur, ekinn 80 þús. árgærd 1998, vetrardekk fylgja með. Þarfnast smá lagfæringar. Verð 100 þúsund. Uppl. í s. 858 5050.



islandus.com
2008 FORD ESCAPE HYBRID
Spærið 70% í eyðslu!
10% Útborgun - Íslensk Ábyrgð

Tækniþyting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin spameytni! HYBRID tvinnbilar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Bílasala Vesturlands
Jeep Grand Cherokee Laredo árgærd 2007 3.7 6 cilendra bensín. Verð kr.3.450.000. á sumar og vetrardekkjum.
Bílasala Vesturlands

Sólbakka 2
310 Borgarnesi
Sími 437 2100 og 892 4324



M. Benz. C220 CDI disel. árg. '98 ek. 510 þús. Tilboð 550 þús. Uppl. í s. 868 5922.




Korando, árg. 98, ekinn 120 þ. km, 5 g. beinskíptur, disel. 33" breyttur. Tilboð 650.000 kr. Uppl. í s. 868 5922.



Nissan Almera 1,5 Comfort Árg. '01, bsk., sk. '08. Áhv 384 þús. V. 590 þús. Uppl. í s. 899 7814



IMPREZA WRX 2.5L 230hó, árg 05 ek 49þ. Ákv 1.8 Verð 2.350, sumar&vetrardekk. Uppl 8939959



MMC Lancer árg.'99 ek. 147þ. beinsk. vetrard. skoðaður 08. verð. 290þ 5.825 5686



MAZDA 3 TOURING PLUS
Á götuna 05/'07, ek. 2,6 þús. Verð 2.190 þús. Bílasamn. 900 þús. Ný nagladekk á felgum + koppar fylgja. Sími 893 4648.



Nissan Terrano2 árg. '98 Diesel 3 dyra. Sk. '08. Dráttarkrókur. Bíll í toppstandi. Ásett verð 300 þ. S. 863 6060 & 554 7225.



VW PASSAT 1.8T ek 102 þús, árg 2001, ný yfirfarinn, sk. '08 áhvilandi 840 þús VERÐ 1250 þús upl 863-3599 Pétur



Sjálfskiptur og leður!
Suzuki Grand Vitara 10/05 Ek. 68 þ. Ssk. Leður, hiti í sætum, rafm. í rúðum CD, Toppbill. ÁsettV. 2.1 mil. Tilboð 1.8 mil. Áhv. rúml. 1.6 mil. S. 691 9374



Tilboð 280 þ.
Honda Civic 1.5 V-Tech árg. '98 Ssk. 4 dyra, ek. 170 þ. Álfelgur og risastór spoiler. Listav. 420 þ. Tilboð V. 280 þ. S. 691 9374



Volvo S40 árg. '04 Ek. 37 þ. 2.4 i. 170 Hö. Mjög vel farinn, einn eigandi. Leður, loprofile heilsárs dekk, ný sumardekk fylgja. S. 691 3555 & 587 5337



Cherokee Overland '02, þessi er með öllum aukahlutum mögulegum. Mjög flottur bíll. Verð 2,2m. Áhv. Um 1,9m. Uppl 664 1707



Econoline '91, 38" frábær ferða og fjölskyldubíll. Lofti fr og aft. Topp viðhald alla tíð. Uppt skipt. Verð 750þ. Uppl 899 0410



Til sölu Plymouth Grand Voyager árg. 1992 helst í skiptum. Sími. 892 3333.

www.bilapartar.is

Eigum nokkra Toyota fólkubíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bilapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Til sölu Astra 1,6L Bsk. árg. '02, 3ja dyra, ek. 90 þús. Sk. '08. Verð 500 þús. S. 868 8565.

0-250 þús.



Ódýr díesel bíll!

Nissan Primera árg. '99 2.0 Turbo Diesel, CD, rafm. í rúðum, eyðir litlu, þarfnast smá lagf. V. 125 þ. S. 691 9374

2 góðir, Peugot 306 St. '99 1.6 V. 250 þ. Skoda Felicia '00 pickup V. 250 þ. S. 8966744

Musso árg. '96, Diesel, ek. 196 þús. NYSKODABÚR! V. 220 þús. Uppl. í s. 823 1064.

Opel Astra Stasjon árg.'97. Sk. 08.'08. Verð 80 þús. Uppl. í s. 616 9480.

250-499 þús.



Corolla 1.3 '99 ek.164 þ. BSK. Nýskodaður, Álfelgur. Geislaspilari. V: 370 þ. Jörgen 8633228 og 5657255

Opel Astra 1,6 16v sporttýpa, ek. 83.000 nýleg tímareim, ás. 620 þ. TILBOÐ 490 þ. Þarf að seljast!! sími 848-4294

2 góðir Impreza Sedan '99 2.0 4x4 Ssk. Ek. 120 þ. V. 390 þ. Legacy '98 st. Ssk. V. 350 þ. S. 896 6744

500-999 þús.



Dodge Dakota árg. '97 4x4, Ek. 91 þús. millur 2 dekkjagangar. Uppl. í s. 893 6737.



Til sölu Yamaha IZ 450cc, árg. 2006. Tilboð óskast! S: 8479323



Volvo S40 2,0 sjálfsk, árg. 2003, ek. 80 þús, leður sæti, rafmagn í öllu og fl. Fallegur og góður bíll. Verð 1550 þús. Uppl. í s. 692 5577.



Pajero Sport árg.'99. Sk.'08. 5 gíra, ek. 116 þús. Rafmagn í öllu, dráttarkrókur. Bíll í toppstandi. Stgr. 700 þ. Uppl. í s. 863 6060 & 554 7225.

Citroen C3 árg.2004 svartur e.40-þ.100%lán.afb.á mán.ca.19þ.uppl. í s:8613344.

1-2 milljónir



Glæsikerra M. Benz 420S '96 m. öllu. Ek. 196 þ. 275 hö. litur út einsog nýr. Ath. skipti á ódýrari. S. 699 0065 & 588 9388.



Til sölu Nissan Narvara 2004, ek. 60 þ. Km. Verð 1.900 þ. áhv. 1.700 þ. S. 861 3820.

Aðeins 20þ kr út og yfirt lán Nissan Almera Árg 05 Ek 45þ. 5 dyra, beinsk. S+V dekk. verð 1.090.000 S: 692 7559

2 milljónir +



Toyota Landcruiser 120 GX 2006 gullmoli. Ek. 34.000 sjsk. Eins og nýr. Verð 4.990 þús. Uppl. 856-6114



Mustang GT Premium 2006 ekinn 10.000 km. Einn sá falletgasti á landinu. Verð 3.250 þús. Uppl. 856-6114.



Edge SEL Awd 4x4 '07 ekinn 6500 km frábær bíll, Verð 4,3m.áhv 4,2m Uppl 898-9910

Bílar óskast

Vantar ódýran bíl. Frá 50 þ. kr. S. 694 7165 & 553 1687.

Jeppar



Vinsamlegast sýmið auðmjkt og veðingu. Þeir sem vilja minnst mín er bent á að hafa samband í síma 860-9688. Blóm & kransar afþakkaðir. Guðmundur Báru & Ottarsson



Reyfarakaup á verkmiðjuútsölum með lægri dollari! 2007 Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. Jeppar frá 2690þús, pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneyni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Trooper 38" FÆST Á YFIRTÖK!! Vel útbúinn 2001 árg ek.140þús Tilbúinn á fjölli, VHF, loftdæla,læsingar ofl. S: 6631601



Land Rover Discovery TD5 S, 7sæta, árg. '03, ek. 78 þús. V. 2,9 mil. Uppl. í s. 575 1460.



Expedition '07, ekinn 9.500 km. 8 manna sparneyninn lúxusjeppi með nær öllum aukahlutum, leður, bakkvör, DVD krókur o.fl. Listaverð um 6,5m. Stgr verð 4,6m. Áhv. Um 4,2m. Uppl 664-1707

Pallbílar



Reyfarakaup á verkmiðjuútsölum með lægri dollari! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Hópferðabílar



Til sölu M. Benz Turismo 49 ferðabíll. Árg. '01, ekinn 330 þ. öryggisbelti, klósett, kaffivel, DVD, sjónvarp. Uppl. www.ruta.is/bílar til sölu, og í síma 660 1305 & 660 1303.

Vörubílar

Vörukassi óskast ca 7,80 m að lengd og 2,55 á breidd uppl í síma 892-9172

Mótorhjól

Thump Star unglíngja torfæruhjól 110 cc. S. 892 3426

Fjór hjól



Ódýrt en Gott! Linhai 06, ek 350 km. Rauð númer. Asett 490 þús. S:461-2525

Vélsleðar



Til sölu Ski-doo 440 Rev. árg. '06. Tilbúinn í fjallið eða keppni. Selst ódýr. S: 8479323 - Páll.

Hjólhýsi



Til sölu Hobby 560 Ufe Excelsior með leðri. Til afhendingar strax, getum einnig geymt þau fram á vor. Húsin eru hlaðin aukabúnaði. Órfa hús til! Hobbyhúsið, Dugguvogi 12, Sími 517 7040 www.hobbyhusid.is

Geymsla fyrir hjólhýsi

Erum með skjólgott útsvæði í Rvk. fyrir hjólhýsi og húsbíla kr. 25 þús. og fellihýsi kr. 15 þús. fyrir vetunin. Uppl. í s. 892 2799 eða sverrir@barr.is

Fellihýsi



Coleman 10 feta 96 til sölu, 'Mjög vel með farið, 2 gaskútar, sólarsetla tenging fyrir 230 v, nýtt fortjald, sjónvarp útvarp stór dekk, farangur kassi Upplýsingar í síma 8982716

Vinnuvélar



Er með nýjar NiftyLift sjálfkeyrandi bómulyftur 12 17. metra til afhendingar strax. VINNULYFTUR ehf. Garðabæ. S: 544 8444 Leiga/Sala

Óska eftir nýlegri skæralyftu til kaups. Lágmarksvinnuhæð 10 m. Staðgreiðsla í boði. 8930561

Bátar



Gamall Zephyr gúmmibátur með 25 hö Yamaha utanbörðsmótor. Uppl. í s. 698 4883 & 898 3157.

Kerrur



Snorkel skæralyftur á lager! 7,8m inniskæralyfta - kr. 1.250.000 + VSK. 8m inniskæralyfta - kr. 1.390.000 + VSK. Lyfta.is - Njarðarbraut 3a - Reykjanesbæ - 421 4037 - www.lyfta.is

Bílaþjónusta



Hjólbarðar



Varahlutir

Bílapartar ehf S. 587 7659. Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænamýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Japanskar Vélar/Bílastar, Bilapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opíð 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

Víð erum flest allir á www.partasolur.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Víðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

TIL SÖLU



Partasalan Sími 557 7740 Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahlutir í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Víðgerðir



KEYPT & SELT

Til sölu



TIL SÖLU LAGERHILLUR tveir gerðir. H:3m. samt. hillumetrar 300 og 85lm. Uppl. í síma 862 8330



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur. Harmonikum stillingamaður er væntanlegur í næstu viku, áhugasamir hafið samband.

Bílskúrsala. Miðvikudag og fimmtudag frá kl. 16. Grænatún 22. Vegna flutnings ýmistlegt úr bússtöð til sölu. Sími 697 6051.

Harmonikka málverk eftir Mundu dyrfell. Uppl. í s. 821 0645

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Eldavél á 5 þ. Frystikista á 10 þ. Nýr flottur eldavélháfur á 15 þ. Uppvottavél á 10. Þurrkari á 10 þ. Lacy Boy stóll á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Linuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Örylgjuofn á 4 þ. Glerskápur á 3 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

Hljóðfæri



Da Cabo bjóðlagagitar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harm-onikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur



NOTAÐ OG NÝTT
Fartölvur, borðtölvur ofl. BMS Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

Vélar og verkfæri



Til sölu sambyggð trésmiðavél með framdrætti árgerð 2006 Uppl. síma 8957709

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tek að mér þrif í heimahúsum, flutningsþrif og hreingerningar, vönduð vinnubrögð. Föst verðtilboð. Uppl. í s. 663 1901.

Garðyrkja



Garðþjónusta H.G.
Öll helstu garðverk, hellulagnir, sólpallar. Uppl. í s. 699 8509.

Bókhald



Málarar

K.G Málverk ehf
Vantar þig að láta mála? Tökum að okkur öll málningarverk. Vinnum einnig utan höfuðborgarsvæðisins. Sumarbústaðaeigendur velkomin í viðskipti. Fljót og vönduð vinnubrögð.
K.G Málverk ehf
Símar 659 2373, Gíslí & 616 2757, Kristján.

Sandspörtun og málun
Mála stíghús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

Parftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafn., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Húsviðhald



892 1565 - Húseignarþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrv. viðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstípv. - þakþétting (500% teygjanl.)

Nýsmiði - Viðhald húsa
Trésmiði. viðhald húsa, parketlagnir, flísa- nýsmiði á gluggum og ísetning. Föst tilboð eða tímavinna.
Uppl. í s. 864 5920.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Íslenskur smiður getur bætt við sig parketlögnum. Sanngjarnt verð, góð og fljót vinnubrögð. Uppl. í s. 661 7377.

Viðhald, breytingar úti og inni. Sólþallar, gerum tilboð. Smíðalausnir s. 899 3011.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Stíflubjónusta

Stíflubjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stíflubjónustan.is

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-töflum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Spádómar

www.ortagalinar.is
Örtaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Öpið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Alspá 445 5000
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. Visa Euro Masters. Öpið 12-24. www.spamidlun.com

Hanna 908 6040
Símaspá, fyrirbærir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

Spákona
Spákona spáir í spil, ræð drauma o.fl., gef góð ráð. Tímapp. í s. 891 8727 Stella.

Kristjana spámiðill. Þeir sem til mín vilja leita. Pantíð tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Dulspækisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Tölvur

Tölvubjónusta
Einstaklingar og fyrirtæki. Kem á staðinn

11 ára reynsla. Microsoft vottun.

Miðnet ehf - Ríkhafður S. 615-2000

Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

Rafvirkjun



Viðgerðir
Heimilistækjviðgerðir. Þottavélar o. fl.
Tek að mér að gera við svo sem þotta-vélar og fl. Heimilistækki. Uppl. í s. 868 5322. Ath. Geymið auglýsinguna.

HEILSA

Heilsuvörur
ShapeWorks www.bergrun.is
Ég breytti um lífstíl! Hvað með þig?? Uppl. í s. 861 5512

Léttist um 15 kg á aðeins 10 vikum.
LR- HENNING - Nýtt á Íslandi.
Viltu léttast? Fá meiri orku? Stuðningur, einkaráðgjöf og matarþrógramm sniðið að þínum þörfum
Uppl. Gefur Dóra í síma 869 2024 Eða lr-dora@internet.is / www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR veitir ráðgjöf um LR- vörurunar, hvernig þú gerist söluaðili. Anna Snyrtifræðingur 699 7379.

Vilt þú fara alla leið í LR. Námskeið verða haldin að Dvergshöfða 27 á laugardögum frá 10-14. Skráning í s. 662 5599 Einar.

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Helgarnámskeið í samkvæmisdönsun!
Við verðum með helgarnámskeið í samkvæmisdönsun fyrir byrjendur þann 13. og 14. október.
Nánari upplýsingar eru á heimsíðu okkar www.dansskoliragnars.is eða í síma 586 2600 Dansskóli Ragnars Sverrissonar.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avenis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Tekk stofuskápur og leðursófasett, selst mjög ódyrt. Uppl. í s. 553 5101 eða 867 7836.

Antík



Full búð af anti­kvörum ss. húsgögnum, postulíni, silfri, smádóti og öðru spennandi! www.maddomurnar.com

Heimilistæki

Nýleg Electrolux þvottavél til sölu. Verð 60 þús. Uppl. í s. 554 3946 Jóhanna.

Dýrahald

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. á bjork72@visir.is, Heimasíðan er á dyraland.is undir Lína fina eða í s. 895 6035. Kveðja Björk.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Kópavogur
Bilskúr til leigu, 25 fm. Upplýsingar í síma 891 8258, Þóra.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

www.leigulidar.is
Leigulíðar ehf. Eignum tvær 2ja herb. íbúðir lausar í Þorlákshöfn, sjá www.leigulidar.is.

Til leigu er ný 3ja herb. tæplega hundrad fermetra íbúð í Norðlingaholti ásamt staði í bílageymslu. Leiguverð er kr. 125.000. Uppl. í síma 568 1171 og 866 6904.

Falleg 3. herb. 87 fm. íbúð í Gravarvogi til leigu frá 20/10. S. 862 0700.

Húsnæði óskast

Snyrtilega íbúð óskast til leigu sem fyrst.
Óska eftir snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Meðmæli, tryggingavíxill eða fyrirframgreiðsla ef óskað er. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið.
Uppl. í s. 696 4286.

2 herb. íbúð með bílastæði í billakjallara í Neðstanleiti á 4 hæð. Íbúðinn er öll ný uppgerg og glæsileg. Suðvestursvalir. Leigist til 01/08. Leiguverð 130 þ. einn mánuður fyrir framm + 3 mánn. Trygging, Eingin gæludyr og reyklaust. Áhugasamir sendi upplýsingar og símanúmer á smaar@frett.is mert Neðstanleiti.

Óska eftir 2 herb. íbúð, Greiðg. 50-80 þ. Reglusemi og skilv. gr. heitið. Uppl. í s. 821 4347.

2-3 herb. íbúðir óskast til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Öflugt erlent fyrirtæki óskar eftir 2-3 herb. íbúðum fyrir starfsmenn sína til leigu sem fyrst, í lengri og skemmi tíma. Þurfa að vera búnar húsgögnum og tækjum. Reglusemi, tryggingu og skilvísun greiðslum heitið Nánari upplýsingar s. 864 9999 / gvs@isl.is

Við erum 3ja manna, reglusöm fjölskylda sem óskar eftir íbúð til leigu í Hfj. Uppl. í s. 698 4846.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu í Innri Njarðvík nokkur mismunandi bíl í iðnaðarhúsnæði. Ódyr leiga. Uppl. í síma 869-5336 og 822-3440

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innslagaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Pantið tímanlega fyrir húsvagninn
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mánn. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mánn. Fellih. 6.875 p. mánn. í 8 mánuði S. 564 6500.

Til leigu geymsluhúsnæði í Skagafirði fyrir fellihýsi, tjaldvagna og húsbíla. Uppl. í s. 823 1059.

Geymum hjólhýsi og húsbíla. Skjólgt vaktad útsvæði í Reykjavík. 2500 kr. per fm. Uppl. í s. 895 4141 & 587 1447

Ódyrt og gott húsnæði, Tek Tjaldvagna og lítil Fellhýsi í geymslu er í Mosó Bjarni 6980906

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára
Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk.
Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is



Thorvaldson Bar, Bistro og grill.
Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknarfestur til 12/10 '07
Uppl. veitir Ásta í s. 698 8510.

NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR
„JÓI FEL“ opnar glæsilegt bakari og kaffihús í Holtagarðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS

TIL SÖLU



EUROCONFORTO
Heilsuskörmir hafa slegið í gegn á Íslandi
SMELLPASSA Í VETRARFRÍÐ!!
12 fallegir litir
Stærðir 35-43
Verð 4.700 kr.
Útsölastaðir:
Valmiki Kringlunni, Euroskór Firðnum, Nína Akranesi, Kóða Keflavík, Mössubúð Akureyrn, Tóff fot Húsvík, Heimahornidí Stykkishólmi, Xena Glæsibæ-Mjódd-Spöngin-Borgarnes

Verkstaðismenn

Við hjá hópferðarframtækni Icelandexcursions Grayline óskum eftir að ráða mann vanan viðgerðum stórra bíla. Nánari upplýsingar veitir Rúnar í síma 540 1303/ 660 1303. Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á www.ruta.is

Veitingahúsið Nings Stórhöfða

Óskar eftir starfsmanni í sal. Vinnutími frá kl. 11-16 alla virka daga. Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

NK Kaffi Kringlunni

Óskum eftir að ráða starfskraft í sal fullt starf. Einnig vantar fólk í helgarvinnu. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

Ræsting - Þrif

Viljum bæta við starfsfólki í þrif sem fyrst. Hentar fyrir heimavinnandi. Unnið frá kl 08 til 12 eða 14:00, vaktir 3-2-3. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir s. 893 2323.

Matreiðsla

Viljum ráða matreiðslumann eða mann/konu með reynslu. Leitum að ferskum og kröftugum starfskrafti sem hægt er að stóla á. áhugasamir hafi samband í síma 893 2323 eða á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Bakarið Hagamel 67

Óskar eftir að ráða hress og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi. Ekki yngri en 16 ára. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.

KVARNIR serrano

Vörubílstjóri óskast til framtíðarstarfa hjá Kvörnum ehf. Mjög fjölbreytt starf sem felst m.a. í að flytja byggingakrana og fleira. Meirapróf ásamt prófi á bílkrana og leyfi til aksturs með vélavagn skilyrði ásamt lyftara-prófi. Samvirksemi, stundvís, heiðarleiki ásamt hreinu sakarvottorði skilyrði. Mötuneyti á staðnum. Þarf helst að geta byrjað strax.

Skrifleg umsókn með upplýsingum um aldur og fyrri störf sendist á Lynghals 10, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið kvarnir@kvarnir.is fyrir 12. október.

ARNARVERK ehf.**Ýtustjóri, Gröfumaður og Búkkollustjóri**

Arnarverk ehf. Óskar eftir að ráða starfsmann á Jarðýtu, Gröfumann og Búkkollustjóra, reynsla, réttindi og lipurð í mannlegum samskiptum. Um framtíðarstörf er að ræða. Starfið stendur báðum kynjum til boða. Heitur matur í hádeginu. Mikil vinna framundan. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa í síma 554 2387. Umsóknir sendist á arnarverk1@simnet.is

Serrano Smáralind Fullt Starf - Mánaðarlaun 180-200.000

Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á nýjan og glæsilegan Serrano stað í Smáralind. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavinum Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglæðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 180-200.000 kr. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899 8947.

Garðabær

Óskum eftir smurbráudsömu. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar í síma 565 8070 & 891 8258, Þóra.

Ræsting í Háskólanum í Reykjavík.

Leitum af hörkuduglegu og skemmtilegu fólki í ræstingar við starfstöð okkar í Ofanleiti. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband við Herdísi í síma 820 6219 eða sendið á netfangið raesting@ru.is. Hlökkum til að heyra frá ykkur.

Kvarnir ehf. óska eftir eftirfarandi starfsmönnum til framtíðarstarfa: Vörubílstjóri Fjölbreytt starf, t.d. flutningur bygginga-krana o.fl. Meirapróf ásamt prófi á bílkrana og leyfi til aksturs með vélavagn skilyrði.

Afgreiðslumaður á lager. Fjölbreytt starf, m.a. gerð tilboða, leigusamninga, afhending vara og fleira. Þarf að geta stjórnað fólki.

Starfsmaður á lager Handlaginn starfsmaður til að sinna fjölbreyttu lagerstarfi, viðhaldi og öðru sem til fellur.

Í öllum tilvikum er óskað eftir að viðkomandi hafi lyftara-próf, sé stundvís, heiðarlegur og með hreint sakarvottorð og geti hafið störf sem fyrst. Mötuneyti á staðnum. Skriflegar umsóknir með upplýsingum um aldur og fyrri störf sendist á Kvarnir ehf, Lynghals 10, 110 Reykjavík eða á kvarnir@kvarnir.is í síðasta lagi 15. október.

Starfskraftur óskast
Vantar starfskraft í söluturn um helgar í miðbænum. Tilvalið fyrir skólafólk.
Uppl. í s. 892 2365.

Starfskraftur óskast heilsustúdíó!

Þarf að hafa góða þjónustulund og áhuga á útliti og heilsu. Um hlutastarf er að ræða. Áhugasamir sendi tölvupóst á info@fyrirogeftir.is

Snyrtifræðingur eða meistari

Óskast í hlutastarf, verður að vera duglegur, metnaðarfullur og geta unnið sjálfstætt. Góð laun í boði! Umsóknir sendist á englakroppar@englakroppar.is eða í s. 663 3053. Englakroppar heilsustúdíó/snyrtistofa S. 587 3750.

**Við leikskólann Heklukot er laus til umsóknar**

100% staða leikskólakennara/leiðbeinanda
Heklukot er fjögurra deilda leikskóli þar sem þrjár deildir eru starfræktar á Hellu og ein deild er starfrækt í Þykkvabæ. Við leitum að jákvæðum einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum og fær um sjálfstæð vinnubrögð. Tekið er mið af kenningum Howard Gardner við uppbyggingu umhverfis og kennslu. Einkunnarorð skólans eru Leikur-Gleði-Lýsleikni! Upplýsingar gefa Björg Kvaran leikskólustjóri í símu 487 5956 eða 845 1019 og Svandís Þórhallsdóttir aðstoðarleikskólustjóri í símu 487 4956 og 487 5956.

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

MIDSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

Óskar Mikaelsson, próf í fasteigna-, fyrirtæki- og skipasölu, ráðgjafi atvinnuhúsnæðis
Valgeir Kristinsson, Hrl., Lögg. faseignasali

Björgvin Ó. Óskarsson Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi
Rut Ólafsdóttir ritari, skjalavarsla

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is

Drangahraun Hfj.

Í einkasölu vel staðsett steinsteypt atvinnuhúsnæði, skiptist í 1.122 fm framhús á tveimur hæðum auk 255 fm bakhúsi, samtals um 1.377 fm. Neðri hæðin er að mestu nýtt undir léttu iðnaðarstarfsemi en getur hentað verslun, hlaupaköttur, innkeyrsluhúðir í porti, starfsm.aðst., wc, móttaka. Á efri hæð eru m.a. skrifstofur, wc, kaffiástaða og eldhús. Bakhúsið með 3 innkeyrsluhúðum og góðri lofthæð. Mögulegur byggingarréttur. Teikningar og frekari upplýsingar á skrifstofu okkar

Grandatröð, Hfj., 271 fm.

Í einkasölu nýtt og glæsilegt atvinnuhúsnæði að grunnfl. 201 fm auk 70 fm milligólfs þar sem er skrifstofa, kaffistofa og eldhús, snyrting og rannsóknarstofa. Húsið er nýtt stálgrindarhús frá 2004, klætt utan með liggjandi stórbárátri aluzink klæðningu. Veggghæð er um 5,5 mtr og hurðarhæð (innkeyrslu) er um 5 mtr. Stór mænisluggi er eftir endilöngu þaki og gefur milka ofanbirtu. Frágangur húss góður. Malbikað plan fyrir framan húsið. Mjög góð aðkoma að húsinu.

Völuteigur, Mos, 365 fm.

Til sölu nýtt og glæsilegt 365 fm endabil í nýju stálgrindarhúsi með samlokuklæðningu. Grunnflötur 270 fm. Veggghæð er 4,7 mtr., auk milligólf 95 fm, þar sem gert er ráð fyrir starfsm.aðst., skrifstofu og snyrtingu. Góðir gluggar í austur á efri hæð. Lóð malbikuð. Innkeyrsluhúðir að framanverðu eru 4,3 mtr en baka til 3,7 mtr. Skilalýsing á skrifstofu okkar að Síðumúla 35. Hiti í gólfum.

Súðarvogur, 241 fm iðnaðarhúsnæði

Til sölu 241 fm iðnaðarhúsnæði með 1x innkeyrsluhúð og gönguhúð. Húsnæðið skiptist í vinnusal með lofthæð ca. 3,5 mtr, skrifstofur og kaffistofa, rýmið er gluggalaust aftast.

Tunguháls, Rvk, Laust fljótlega!

Í einkasölu fremri hluti hússins samtals 1070 fm iðnaðarhúsnæði ásamt 211 fm steypu milligólfs. Með fylgir byggingarréttur eignarhlutans fyrir samtals 1700 fm á tveimur hæðum. Samtals yrði þá um að ræða 2770 fm heildarstærð þar sem grunnflötur hússins yrði um 1560 fm og um 900 fm á 2. hæð. Góðar stórar innkeyrsluhúðir og góð aðstaða. Vel innréttaðar skrifstofur, kaffistofa og eldhús. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

Hverafold 240 fm

Fallegt húsnæði mót suðri sem er nýtt undir hverfisþöbb, vel innréttað. Góð aðkoma og bílastæði. Skjólveggir við húsnæðið og verönd. Allt sér. Gott lán getur fylgt. Tilboð óskast.

Bíldshöfði - Innkeyrslubíll.

Til sölu glæsilegt nýstandsett 320 fm húsnæði með tveimur innkeyrsluhúðum. Fin starfsmanna-aðstaða. Lofthæð ca. 3,5 mtr. Góð aðkoma og malbikað plan. Leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.

Hólmaslóð, Rvk, 100 fm.

Til leigu um 100 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð við Hólmaslóð. Húsnæðið er laust nú þegar. Húsnæðið hentar vel undir hverskyns verslunar- og þjónustustarfsemi. Leiga 150 þús. /mán.

**Drangahraun, Hfj, 528 fm.**

Í einkasölu vel staðsett samtals 528 fm iðnaðarhúsnæði, þar af er 108 fm á 2. hæð m.a. undir skrifstofu. Húsið er steinsteypt hornhús með mjög rúmgóðri lóðaraðkomu. Húsið er með mikilli lofthæð, 5,8 v.h. og 7,4 í mæni, stálbitarennur fyrir allt að 5 tonna brúarkrana gaffla á milli, stórar innkeyrsluhúðir 3x talsins, skrifstofur, wc og kaffistofa. Húsið er til sölu eða leigu og hentar undir flesta atvinnustarfsemi. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölu-mönnum okkar.



Hefur þú áhuga á ítalskri matargerð?

Sbarro auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf í eldhúsi og við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund, hafa mikinn metnað, vera stundvís og eiga auðvelt að vinna með öðru fólki. Vinnutími er samkomulagsatriði. Góð laun í boði. Starfsmaður þarf að tala íslensku og vera eldri en 18 ára. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021 eða Önnu: 696-7021.



Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.



Hlutastarf á spennandi veitingastað.

Sbarro auglýsir eftir starfsfólki í hlutastarf. Um er að ræða starf í eldhúsi og við afgreiðslu á nýjum og glæsilegum stað í Faxafeni. Æskilegir eiginleikar eru stundvís, mikil þjónustulund, metnaður og eiga gott með að vinna með öðru fólki. Sveigjanlegur vinnutími í boði sem hentar vel með skóla. Góð laun í boði. Ekki yngri umsækjendur en 16 ár. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021 eða Önnu: 696-7012.

Ert þú næturmanneskja?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf í næturvinnu um helgar, unnið 22-06. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Starf í heimaþjónustu

Óskum eftir að ráða starfsmenn í heimaþjónustu hjá Seltjarnarnesbæ. Fullt starf og hlutastörf í boði. Gefandi og fjölbreytt starf sem getur m. a. hentað námsmönnum. Kynnið ykkur kaup, kjör og vinnutíma. Nánari upplýsingar hjá Þóru eða Snorra í símunum 5959130, 8972079 eða 8478180

Háseta vantar strax á 160 tonna netabát. Uppl. í s. 892 0367.

Rizzo Pizza auglýsir eftir bílstjórum, kvöld- og helgarvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum, einnig hægt að hringja í Helga í s. 848 4613.

Fyrirtæki í mótuneytisrekstri

Óskar eftir góðu starfsfólki til ýmissa starfa á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði. Uppl. í s. 697 7888.

Hjólbarðaverkstæðið Barðinn

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Smiðir Óska eftir íslenskumælandi smiðum eða vönum mönnum í fjölbreytta inni sem útí vinnu. Uppl. í s. 660 2990

Aktu Taktu Skúlagötu

Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinnu í boði. Skemmtileg vinnu á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is



Hafnarstræti 19 - 400 Ísafirði - www.fsv.is



Einbýlishús á Suðureyri til sölu! Aðalgata 34 Suðureyri er 94 m² einbýlishús á einni hæð, staðsett við sjávarsiðuna á Suðureyri. Verð aðeins kr. 5.500.000,-
Nánari upplýsingar á Fasteignasölu Vestfjarða s. 456 3244 eða á www.fsv.is



512 50 50

TILKYNNINGAR

Málþing Handarinnar í Áskirkju, neðri sal, 16. október klukkan 20.30.

Eru skólamál barna og unglunga á villigötum?

Frummælendur eru :

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi og Illugi Gunnarsson alþingismaður.

Fundarstjóri, Eyjólfur Magnússon Scheving.

Fimm mínútnaáæðing, „mín sýn“, meðal annars :

Ragnar Símonarson, gullsmiður, Gísli Már Guðjónsson, nemi, Jóhanna Thorsteinsson, leikskólustjóri, og Harpa Sólbjört Másdóttir, foreldri.

Allir velkomnir. Kaffi og umræður.

FASTEIGNIR

MIDBORG
Sími 533 4800

Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is
Þjörn Þorri hdl., Higg. fasthúll, Karl Georg hdl., Higg. fasthúll.

Norðurbrú 2, íbúð 101 - Laus strax Til sölu eða leigu

Glæsileg 116,7 fm. 3ja herbergja íbúð í húsi byggðu 2004. Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, eldhús - stáltæki, eyja og háfur -, baðherbergi, barnaherbergi, svefnherbergi, þvottahús. Eikarparket á gólfum, flisar á baði. Sérstæði í sameiginlegri bílageymslu ásamt sérgeymslu í sameign.

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
OPÍÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is



ÞÓRSGATA M/BÍLSKÝLI - 101 Rvík.

Nýleg og glæsileg 3ja herb. íbúð á 1. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Lyfta er í húsinu. Hurð úr stofu út á stóran timbursólpallur. Vandaðar innréttingar og tæki. Þvottahús í íbúð. Prefalt gler. Verð 35.0 millj.



HRAUNBÆR - ENDAÍBÚÐ

Góð 3ja herb. íbúð á annari hæð í vel staðsettu fjölbýli. Vel skipulögð og björt íbúð með gluggum á þrjá vegu. Rúmgóð herbergi og stofa. Útsýni frá stofu og svölum. Litlar franskar svalir í hjónaherbergi. Góð sameign. Stærð 90,9 fm. Verð 20,8 fm.



TJARNARBÓL - SELTJARNARNESI

Rúmgóð og björt 5 til 6 herb. íbúð á 2. hæð í fjölbýli við Tjarnarból. Alls 126,7 fm. Rúmgóð stofa með parketi, suðvestur svalir út frá borðstofu. Laus fljótlega. Verð 28 millj.



GULLENGI - ÚTSÝNI

Rúmgóð og björt 3ja til 4ra herb. íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Stærð 111,1 fm. Tvennar suður svalir. Þvottahús í íbúð. Stutt í alla þjónustu. Glæsilegt útsýni. Laus fljótlega. Verð: 25,8 millj.

Kristinn Valur Wiium Söluamaður, sími: 896 6913 Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími: 896 4090



Sigurberg Guðjónsson hdl.
og Hrafnhildur Bridde,
lögg.fasteignasali
Þóroddstaðir,
Skógarhlíð 22,
105 Reykjavík.



Hrafnhildur Bridde
löggildur fast.sali
Sími: 534 2000 GSM 821 4400

**OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI KL. 17:00-17:30
ÞÓRSGATA 7, 101 RVK 2. HÆÐ. LAUS!!**



Sjamerandi 3.
herb. 57,7 fm
íbúð á 2. hæð á
þessum eftirsóttu
stað í miðbæ
Reykjavíkur. Ný
eldhúsinningur
og gólfefni. Park-
et á stofu og her-
bergjum. Stutt í
verslun og þjón-
ustu. Íbúðin er
laus og til afhend-
ingar við kaup-
sáningu.
Verð 19,9 millj.

EIGNIR ÓSKAST!

Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- 2ja herbergja í hverfi 101, 105, 107 og 220
- 3ja herbergja í hverfi 105, 107, 109, 200 og 220

LÖGMADUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MED ÞÉR ALLA LEIÐ!



Heimir Bergmann
Frámkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is



Jónas Örn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
Lögmáður
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

FASTEIGNASALAN **570 4800**
GIMLI Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

**RADHÚS, PARHÚS EÐA EINBÝLI
ÓSKAST Í KÓPAVOGI,
GARÐABÆ EÐA HAFNARFIRÐI**

Við á fasteignasölu Gimli höfum verið beðin um að leita eftir raðhúsi, parhúsi eða einbýli í Kópavogi, Garðabæ eða Hafnarfirði.

Um er að ræða ákveðna kaupendur með góðar greiðslur. Rúmur afhendingartími ef óskað er. Hús á tveimur hæðum kemur til greina.
Verð 45 - 60 milljónir.



Allar nánari upplýsingar á skrifstofu
Gimli sími 570 4800

Sveinbjörn Halldórsson
lögg. fasteignasali
sími 892 2916

Ferðabjónusta fatlaðra í Kópavogi

Ferðabjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútuþróf.

Góð laun í boði.

Upplýsingar í síma 860 0761.

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616



Starfsmaður á plani

Óskum eftir að ráða starfsmenn í útiþjónustu á Select Vesturlandsvegi, Shell Garðabæ og Shell Skógarhlíð. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Heiðbjört í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum. Umsóknareyðublað má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell eða Select stöð.

Made to move



www.netto.is

Starf á póstafrgreiðslu

Nettó leitar að starfsmanni í póstafrgreiðsluna. Póstafrgreiðslan er opin frá kl.10-18 virka daga.

Starf við almenn afgreiðslustörf

Nettó leitar að starfsmönnum á afgreiðslukassa. Verslunin er opin frá kl.10-19 virka daga.

Leitað er að duglegum og kurteisum aðilum. Ekki verða að umsækjendur séu konur konnar yfir miðjan aldur.

Upplýsingar veitir verslunarstjóri í versluninni Þönglabakka 1 eða í síma 510-3400

nettó
Mjódd Reykjavík



Reykjavíkurborg
Bilastæðasjóður

Atvinna - Útivera í hjarta miðborgarinnar

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir jákvæðum og líprum einstaklingum til starfa sem fyrst.

Einnig vantar fleiri konur í hópinn í hlutastarf eða fullt starf

Starfssvið

- Eftirlit með bifreiðastöðum og notkun gjaldskyldra bílastæða utanhúss
- Ritun umsagna vegna álagðra gjalda
- Mikil samskipti við viðskiptavini og samstarfsmenn

Hæfniskröfur

- Ökuréttindi áskilin
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund, jákvæðni og áráðni
- Stundvísi, reglusemi og almennt hreysti
- Skrifffærni á íslensku
- Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur er til 21. október n.k. og skal senda umsóknir til Bílastæðasjóðs Reykjavíkur merkt "Stöðuvörður", Hverfisgötu 14, 101 Reykjavík. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað í afgreiðslu okkar eða senda umsókn á albert.heimisson@reykjavik.is Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411-3400

TILKYNNINGAR



Norðurþing

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Útgarðs 4 á Húsavík

Sveitarstjórn Norðurþings auglýsir hér með til almenningar kynningar tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Útgarðs 4 á Húsavík. Lóðin afmarkast af Auðbrekku, Pálsgarði og Útgarði í austri, suðri og norðri. Vesturmörk lóðarinnar liggja um miðjan götoreit sem afmarkast af ofangreindum götum og Ketilsbraut. Lóðin er um 3.800 m² að flatarmáli.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir 28 þjónustuíbúðum í allt að 5 hæða húsum innan lóðarinnar. Heimilað nýtingarhlutfall lóðarinnar verði 1,0 fyrir utan niðurgrafna bílgeymslu.

Skipulagstillagan verður til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings að, frá 11. október til 8. nóvember 2007. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með fimmtudagsins 22. nóvember 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum til sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykki.

Húsavík 5. október 2007.
Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

TILKYNNINGAR



Auglýsing um skipulag í Kópavogi á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:

Lindir IV. Skógarlind 1 og 2 Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 28. ágúst 2007 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Skógarlind 1 og 2.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin sbr. bréf dags. 21. september 2007 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 4. október 2007

Dalvegur 32. Breytt deiliskipulag

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 13. júlí 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dalveg 32.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin sbr. bréf dags. 25. september 2007 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 4. október 2007.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Smári Smásson.
Skipulagsstjóri Kópavogs.

Fyrirsjáanlegt taut

UMRÆÐAN
Skipulagsmál



SNORRI SIGURJÓNSSON

Í Fréttablaðinu 9. október skrifar Jón Kaldal um merkan atburð, sem er tendrun á friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Jón gerir þessu framtaki góð skil og augljóst er að hann hrifst af hugmyndinni. Það geri ég líka. Hann getur þess þó að friðarsúlan sé ekki óumdeild.

Ekkert er eðlilegra en fólk hafi á þessu mismunandi skoðanir eins og hverjum öðrum manna verkum sem við þurfum að hafa fyrir augum, en í þessari annars

ágætu grein Jóns fellur hann í þá gryfju að gera lítið úr skoðunum annarra og talar um fyrirsjáanlegt taut gegn því sem þegar hefur verið ákveðið og honum finnst flott. Í því sambandi tekur hann dæmi og nefnir þekktar byggingar í höfuðborginni, Perluna, Ráðhús Reykjavíkur og

Hallgrímskirkju. Gegn þessum byggingum hafi verið höfð uppi hörð mótmæli og gerir Jón með orðavali lítið úr þeim tilburðum og segir erfitt að hugsa sér borgina án þessara merku bygginga í dag. Þessi orð Jóns eru í góðu samræmi við ummæli Davíðs Oddsonar

þegar hann kvartaði yfir því að fólk hefði skoðanir en allir yrðu ánægðir og stoltir þegar Ráðhúsið væri risið. Við dramb af þessu tagi verðum við Íslendingar að búa ef við leyfum okkur að hafa uppi aðrar skoðanir en valdhafar hverju sinni, og á það ekki síst við um skoðanir gegn vilja Sjálfstæðisflokksins sem birtist oft sem eitthvert óskilgreint afl sem vill ekki kenna sig við pólitík. Þar á bæ virðist oft lítið á pólitískar skoðanir sem eitthvað vont og óþægilegt.

Mér finnst Perlan flott (reyndar engan hitt sem finnst það ekki, deilan stóð um annað þar), mér finnst hús Hæstaréttar (sem var umdeilt) fara vel á sínum litla

byggingarreit, mér finnst Hallgrímskirkja of stór, enda teiknaði Guðjón hana í öðru umhverfi þar sem hún átti að standa á torgi umkringd hærri byggingum. Mér finnst Ráðhúsið skandall á þessu stað. Það er of lítið til að gegna hlutverki sínu, samt of stórt og fellur ekki inn í umhverfið. Ég sá miklu flottari útfærslu af Tjarnarhorninu, að mig minnir í Þjóðviljanum á sínum tíma, teikning eftir Sigrúnu Eldjárn. Það ákveður enginn fyrir mig hvað mér finnst, þannig er nú það. Nú ætla ég rétt að vona að metnaðarfullar og snjallar hugmyndir um skipulag Kvosarinnar í Reykjavík sem nýlega voru verðlaunaðar verði að veruleika í stað þess að

fallið verði fyrir peningalegum hagsmunum sem við eigum svo sorgleg dæmi um.

Borgarstjórn og stjórnarandstaða virðast nokkuð sammála um þessa hugmynd. Þar hefur Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi og varaformaður Íslands-hreyfingarinnar, tjáð sig mjög ákveðið fylgjandi hugmyndinni. Hún hefur einnig fylgt eftir ákveðnum skoðunum sínum og Ólafs Magnússonar gegn niðurrifi merkra húsa. Sumt hefur borið árangur en annað ekki. Fagurfræðilegt og vistvænt umhverfi skiptir máli. Svona raddir þurfa að heyrast. Þær eru ekki fyrirsjáanlegt taut.

Höfundur er lögreglufulltrúi.

Er Kristur guðlaus, siðrænn húmanisti?

UMRÆÐAN
Trúmál



GUÐMUNDUR KARL BRYNJARSSON

Föstudaginn 5. október síðastliðinn birtist í Fréttablaðinu grein eftir sr. Hjört Magna Jóhannsson prest Fríkirkjunnar í

Reykjavík undir yfirskriftinni Eru húmanistar óvinir Krists? Til efnið er margrædd guðlaus brúðkaupsgleði í Fríkirkjunni sem fulltrúi Siðmenntar annaðist. Umræðan um þessa athöfn var mikil og ætla ég engu að bæta við hana nema því að það kom mér nett á óvart að Fríkirkjupresturinn skuli hafa verið tilbúinn að annast athöfnina sjálfur hefði hann ekki haft öðrum hnöppum að hneppa, eins og kom fram í umræddri grein.

Svo tekur Hjörtur Magni upp hanskan fyrir húmanista og hrósar þeim fyrir gagnrýni þeirra á boðskap kirkjunnar um erfðasyndina og syndugt eðli mannsins. Orð Hjartar Magna eru sett fram á þann hátt að ekki verður annað séð en að hann telji að hin eina rétta leið manna til frelsis sé leið húmanismans og því best að hafna kirkjunni, sem brýtur sjálfmynd mannsins niður og vinnur þannig beinlínis gegn boðun Jesú Krists.


En er Fríkirkjupresturinn ekki að gleyma einhverju? Kristur kom til að kalla syndara, ekki réttláta (Mt. 9.13, Mk. 2.17, Lk. 5.32).

Í guðspjöllunum kemur orðið synd 47 sinnum fram í beinni ræðu Jesú. Hvergi sér þess stað að hann segi að syndin sé ekki til. Nægir að minna á dæmisögu hans um fariseann og tollheimtumanninn. Hvor þeirra var það sem sneri heim úr helgidóminum réttlættur?

Hjörtur hrósar húmanistum einnig fyrir að „byggja ekki lífsskoðun sína á bókstafslegri tilvísun í yfirnáttúrleg furðuverk“. Um hvað er Hjörtur Magni að tala? Kraftaverk Jesú? Upprisuna?

Ég velti fyrir mér hvaðan Hirti Magna kemur mynd sín af Jesú Kristi, því að ekki er hún fengin úr Nýja testamentinu. Getur hugsast að Hjörtur Magni rugli sjálfum sér saman við Jesú Krist?

Höfundur er sóknarprestur í Lindasókn í Kópavogi.



OPNUM Á FÖSTUDAGINN GLÆSILEGA NÝJA VERSLUN
Á HÖFÐABAKKA

Úrvals þjónusta og ávallt ferskt eðal hráefni



Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg - Skipholt - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Elín Steinþóra Helgadóttir

frá Kárastöðum í Þingvallasveit,

sem lést á hjúkrunarheimilinu í Víðinesi 1. október síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 12. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Minningarsjóð Guðbjargar Einarsdóttur, reikningsnúmer 0323-13-301467, kt. 520606-0920.

Gunnlaugur Geir Guðbjörnsson
Guðrún Guðbjörnsdóttir
Erla Guðbjörnsdóttir
Einar Guðbjörnsson

Böðvar Guðmundsson
Kristinn Viglundsson
Hugrún Þorgeirsdóttir
Þóra Einarsdóttir
Anna María Langer

Kári Guðbjörnsson
og fjölskyldur.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Karl Óskarsson

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, mánudaginn 8. október síðastliðinn. Jarðsöngið verður frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 16. október kl. 11.00.

Óskar Örn Guðmundsson
Hörður Már Guðmundsson
Hermann Hrafn Guðmundsson
Ísleifur Karl Guðmundsson
Magnús Geir Guðmundsson
Ingibjörg Gunnarsdóttir
Gunnar Rafn Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móðir, tengdamóðir og ömmu,

Rósu Bjargar Sveinsdóttir

Sæbóli 16, 350 Grundarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Franciskuspítala Stykkishólmi fyrir frábæra umönnun og einstaka hlýju við hana og okkur öll, einnig færum við starfsfólki Heilsugæslu Grundarfjarðar okkar bestu þakkir. Guð blessi ykkur öll.

Ragnar Ingi Haraldsson
Jóna Björk Ragnarsdóttir
Auður Hanna Ragnarsdóttir
Ásgeir Ragnarsson
Sveinn Ingi Ragnarsson
og barnabörn.



Elín Tómasdóttir

Kársnesbraut 99, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 3. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er vinsamlegast bent á líknarstofnanir.

Skúli Sigurgrímsson
Bergþór Skúlason
Sigurgrímur Skúlason
Skúli Skúlason
Hildur Skúladóttir
Bryndís Skúladóttir
og barnabörn.

Ragnhildur Björg Konráðsdóttir
Freydís J. Freysteinsdóttir
Svandís Guðjónsdóttir
Borgar Ólafsson
Haukur Þór Haraldsson

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

LUKE PERRY LEIKARI ER 41 ÁRS

„Þegar ég var krakki fór ég í keiluhöll og hljóp þar á gos-sjálfsala. Ég er ennþá með ör á hægri augabrúninni, eins og sjá má.“

Ameríski leikarinn Luke Perry varð fyrst þekktur fyrir leik sinn í unglingsþáttunum Beverly Hills 90210.



tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,

Puríður Linda Alfreðsdóttir

Hjöllum 7, Patreksfirði,

andaðist sunnudaginn 7. október 2007. Jarðarför auglýst síðar.

Ragnar Fjeldsted
Stella Björk Fjeldsted
Kristinn Fjeldsted
Alfreð Már Fjeldsted
Rakel G. Magnúsdóttir
Kristinn Fjeldsted
systkini og aðrir aðstandendur.

Elmar Már Einarsson



Ástkær bróðir okkar, frændi og vinur,

Sigurður Jón Guðjónsson

lést hinn 6. október á Borgarspítalanum. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni 12. október kl. 11.00.

Árna I. M. Guðjónsdóttir
Guðrún Guðjónsdóttir
Ágísl Karl Kristmannsson
Benedikt Þórisson
og börn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ruth Jónsdóttir

dvalarheimilinu Höfða, áður Sólvöllum, Innri-Akranesheppi,

sem lést fimmtudaginn 4. október verður jarðsöngin frá Akraneskerkju föstudaginn 12. október kl. 14.00.

Elín Kolbeinsdóttir
Þorgeir Kolbeinsson
Guðfinna Valdimarsdóttir
Ingólfur Valdimarsson
Guðbjörn Ásgeirsson
Hrönn Hjörleifsdóttir
Sigurður Hauksson
Guðný Sjöfn Sigurðardóttir
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Matthíasson

Sóltúni 5, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 6. október á Landakotspítala, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hins látna er bent á FAAS, félag aðstandenda Alzheimersjúklinga. Sími 898-5819 og 533-1088.

Arnfríður Aradóttir
Matthías Pétur Hauksson
Arnar Páll Hauksson
Ásrún Hauksdóttir
Ari Jóhannes Hauksson
barnabörn og langafabörn.

Janet Monsen
Aldís M. Norðfjörð
Torstein Tveiten
Sólveig Magnúsdóttir

LEIÐTOGAR: 11. OKTÓBER 1986

Leiðtogar í Höfða

Leiðtogafundur Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhail Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkja, var haldinn í Reykjavík á þessum degi árið 1986.

Leiðtogafundurinn var haldinn í Höfða, móttökuhúsi Reykjavíkurborgar, dagana 11. og 12. október og er einn merkasti viðburður Íslandssögunnar.

Fundurinn er sagður hafa komið Íslandi endanlega inn á heimskortið auk þess sem hann hefur oft verið talinn upphafið að endalokum kalda stríðsins.

Leiðtogafundurinn beindi á sínum tíma athygli umheimsins að Íslandi á þann hátt sem aldrei hafði gerst áður en Ísland var í sviðsljósi alþjóðlegrar fjölmiðlunar dögum saman.

Á fundinum lögðu leiðtogarnir grunninn að stórbættum samskiptum milli austurs og vesturs og því afvopnunar-samkomulagi sem leiðtogarnir gerðu með sér ári síðar.

Fundurinn hefur verið talinn einn af hápunktunum á forsetaferli Ronalds Reagans.



LYKILMENN Steve Barbar, Ingólfur Örn Arnarson og Lárus Sighvatsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi. MYND/HILMAR SIGVALDASON

AKRANES: TÓNBERG TEKID Í NOTKUN

Allt sem hægt er að óska sér

Tónberg er nýtt og glæsilegt húsnæði Tónlistarskóla Akraness við Dalbraut 1 sem nýlega var vígt að viðstöddu fjölmenni.

Nafnið var valið úr 84 tilögum sem bárust og nokkur önnur nöfn úr þeim potti verða notuð til að aðgreina herbergin. Lárus Sighvatsson skólastjóri er að sjálf-sögu himinsæll með nýja húsnæðið. „Hér höfum við 1300 fermetra pláss með öllum þeim möguleikum sem einn tónlistarskóli getur sett fram. Þar með talinn er salur sem tekur 177 manns í sæti og er með fullkomnum DVD- og breiðbands-möguleikum og öllu sem hægt er að óska sér í sambandi við hljóð og mynd.“ Í upphafi segir Lárus salinn hafa verið þeim annmörkum háðan að lofthæðin var ekki næg en lausnin var fundin á því vandamáli sem felst í hljóðmögnum. „Salurinn er í raun eitt hljóðkerfi. Hægt er að stilla ómtímann frá 0 sek-

úndum og langt upp úr Hallgrímskirkjuómnum. Þetta er alveg nýtt fyrirkomulag hér á landi og gert í samvinnu við fyrirtæki í Boston sem heitir Lares. Þar er mjög hæfur maður sem heitir Steve Barbar. Hann var hér og hannaði hljóðvistina í salinn.“

Lárus segir hafa verið unnið hratt en örugglega að innréttingu skólans sem var í höndum Smáragarðs og Húsbygg. „Aðalarkitekt er Elín G. Gunnlaugsdóttir en VGK Hönnun sá um annars konar hönnun og Stefán Guðjónsson um hljóðvist í samvinnu við fyrirtækið HljóðX,“ lýsir hann.

Lárus segir bæjarbúa afar ánægða með Tónberg og að um 800 manns hafi komið að skoða það um síðustu helgi. Ljóst er að það kemur mörgum að notum því 340 eru í beinu tónlistarnámi við skólann, auk 100 í grunnskólanum og þar starfa 24 kennarar í 18 stöðugildum.

gun@frettabladid.is



8 ára afmæli

Laura

Joyeux anniversaire

Við elskum þig!

Amma Janine og pabbi þinn.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Full búð af frábærum tilboðum



40% afsláttur

1.523 kr/kg, áður 2.539 kr/kg
Borgarness grisk lambalærissteik



33% afsláttur

599 kr/kg, áður 898 kr/kg
KEA sagaður hangiframpartur



129 kr X-tra appelsínusafi **129** kr X-tra eplasafi
99 kr X-tra hvítlauksbrauð



30% afsláttur

398 kr/pk, áður 568 kr/pk
Goða alvöruhamborgarar 175 gr, 2 í pk



45% afsláttur

Veruleg verðlækkun

198 kr/kg, áður 360 kr/kg
Ísfugls Buffalovængir



35% afsláttur

396 kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls fersk læri



35% afsláttur

183 kr/kg, áður 281 kr/kg
Matfugls ferskir vængir



Gríðarlegt verðfall!

1.299 kr/ds
Mackintosh, 1.7 kg



Taktu 3 poka og fáðu pokann á 129 kr. stk.

129 kr/pk, áður 189 kr/pk
Dorritos Cool American, 200 g
Dorritos Nacho Cheese, 200 g



35% afsláttur

Hatting
Filone Spelta-Filone Bianco
Panino Fibra-Panino Noce



Þú sparar 50 kr

89 kr/fl, áður 139 kr/fl
Egils Pepsi Max 2 l

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 11.–14. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið

Á öllum sviðum lífsins

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ný íslensk verk



Óhapp!

eftir Bjarna Jónsson

„Óhapp! er æðisleg leiksýning, hröð og örugg...“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is



Gott kvöld

Áslaugu Jónsdóttur

„Gott kvöld er eins konar lofgjörð til myndunarafslis, lýsing á lækningarmætti þess og krafti.“

Jón Víðar Jónsson, DV



LEG

söngleikur eftir Hugleik Dagsson og Flís

Tólf tilnefningar til Gríunnar

„Óhikað get ég fullyrt að Leg er skemmti-legasta leikrit sem ég hef séð.“

Margrét Huguín Gústavsdóttir, Fréttablaðið

STUÐ MILLI STRÍÐA Laggjaldaferðir öðlast nýja merkingu

ROALD VIÐAR EYVINDSSON FLAKKAR HEIMSHORNA Á MILLI HEIMA Á ÍSLANDI



Mér finnst fátt eins skemmtilegt í lífinu og að ferðast. Aldrei finnst mér ég vera meiri heimsborgari en þegar ég sit um borð í flugvél með rauðvinsglas og rjúkandi omelettu að lesa Heat, vandlega innpökkuðu í The Economist.

Því miður leggja ríkið og lána-drottinnar stöðugt á ráðin til að gera mér ókleift að komast í öll þau ferðalög sem mig langar í og þannig varð ég til dæmis af lúxusferð til Kína á dögnum. Þið getið rétt ímyndað ykkur vonbrigðin þegar ég komst ekki heldur til Glasgow, París og Dubaí.

Þessi óþægilega og ósanngjarna staða hefur þvingað mig til að upphuga ýmsar aðferðir, til að slá á ferðabakteríuna. Sú árangursríkasta hingað til er þykjustuleikur sem ég fer gjarnan í á stöðum sem mér þykir draga dóm af helstu unaðsreitum heimsins.

Langi mig óstjórnlega til uppáhaldsborgarinnar minnar Barcelona bregð ég mér til dæmis í búðarrölt niður Laugavegin sem breytist í Römluna á góðum degi með góðu ímyndunaraflí. Svo kíkí ég í Kolaportið og kem við hjá grænmetisbásunum sem - barbarella - umbreytast í Mercat de la Boqueria.

Kolaportið er sá staður, ásamt Bónus á Laugaveginum, sem kemst

næst því láta mér líða eins og ég sé í útlöndum. Það er bara nóg að loka augunum og hlusta á öll þau ólíku tungumál sem þar eru töluð til að finnst maður vera kominn til Taílands eða Póllands.

Vilji ég heimsækja Rússland þykist ég sjá Dómkirkjuna í Sankti Pétursborg þar sem ég horfi á Háteigskirkju úr heita pottinum í Sundhöllinni. Samt eru kirkjurnar ekki beinlínis líkar og svo hef ég ekki einu sinni komið til Rússlands.

Þótt ég viti vel að þessar ímynduðu uppákomur jafnast ekki á við raunveruleikann, eru þær samt sem áður sárabót sem gefur laggjaldaferðum sannarlega nýja merkingu.

myndasögur


■ Pondus



■ Gelgian



■ Handan við hornið



■ Kjölturakkar



■ Barnalán



BÓNUS BÝÐUR BETUR



Danskar svínalundir frosnar
1259 kr/kg. 30% afsláttur ~~1798 kr/kg.~~

1259 KR KG

HELGARTILBOÐ

NÝTT GREIÐSLUKORTATÍMABIL



100% Íslenskt ungnautahakk
Engu bætt saman við !

799 KR KG



BÓNUS BÝÐUR BETUR


AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ-FIMMTUÐ. 12.00 TIL 18.30.

ATH kl. 16.13

Í dag er Hlaupanótan á Rás 1 send út frá Salnum í Kópavogi. Fjallað verður um starfsárið fram undan og eru viðmælendur þau Vigdís Eyradóttir forstöðumaður, Árni Harðarson skólastjóri og Robert Faulkner tónlistarfrömuður að norðan. Flytjendur eru Kristjana Stefánsdóttir ásamt Kjartani Valdemarssyni, Gunnari Hrafnssyni og Péttri Grétarssyni; hljómsveitin Ice Marimba frá Hafralækjarskóla í Aðaldal og tónlistarmenn úr röðum kennara í Tónlistarskóla Kópavogs sem öll koma fram í Salnum á næstu dögum. Verður opið hús fyrir áheyrendur í sal meðan á útsendingu stendur milli kl. 16 og 17 og eru allir velkomnir. Umsjónarmaður Hlaupanótunnar er Berglind María Tómasdóttir.

menning

menning@frettabladid.is

**SINNEP****Atli Ingólfsson**

Hrópera

Ég hafði séð ófáar gamlar óperur á sviði þegar rann loksins upp fyrir mér hvað þetta var merkilegt leikhús. Reyndar ekki á sviðinu heldur í salnum: Háþróaður hópsuni sem gekk út á að láta eins og sviðsetningin væri áhrifamikil. Léki hver og einn áhorfandi sitt hlutverk samviskusamlega varð hún það í raun. Að vissu leyti. En æ færri virðast æfðir í þessum spuna.

- 1) Auðvitað hrifast menn líka á raun og veru: Af góðri tónlist, góðum söng og merkingarríki sjónrænni umgjörð. En er það sviðslistræn upplifun? Hvað um textann, sem oftast er ekki inni í skynmyndinni? Eða líkamstjáning, hvað um hana? Og raunveruleg leikhvörf, coup de théâtre, eru þau bönnuð?
- 2) Lítum á stöðu leikstjórans. Óperan er einlega eins og lágmynd á vegg og hann eins og málari sem á að lita hana. Ef hann gerist of djárfur er kvartað yfir að lágmyndin njóti sín ekki. Ætlast er til að hann vinni af hógværð og listfengi og fari ekki að hreyfa um of við undirlaginu. Hann á ekki að endursegja lágmyndina, bara lita.
- 3) Til að nálgast óperuna eins og lifandi leikhús þarf hann líklega að tempra lotningu sína fyrir upprunalegri mynd verksins, lita bara á tónlistina eins og hvern annan leiktexta: Breyta ef hann telur sig hafa nægar listrænar ástæður til. Sem er að vísu erfitt því tónlistin er sterkbyggð og frek.
- 4) Þá væri ágætt fyrir hann að minnst þess að óperan var ekki fundin upp af söngvurum og í raun ekki af tónskáldum heldur. Óperan þarf einfaldlega að brjótast út úr sjálfhverfum heimi sínum, úr gíslingu óperunnenda þar sem söngvarar og tónskáld eru stundum eins og fangaverðir.
- 5) Allir innviðir hennar ættu að vera í þjónustu HUGMYNDAR. Enginn efast um þá kynngi sem felst í listrænum samruna texta, tónlistar og sviðs. Hana þarf stöðugt að enduruppötva.
- 6) Áfram verður karpað um efnahagslegar forsendur óperuflutnings. En er verið að tala um lifandi sviðslist eða trúarbrögð? Kannski er vandi óperunnar ekki fjárhagslegur heldur fyrst og fremst listrænn.
- 7) Óperuleikhúsið þarf að gera upp hug sinn hvort það vill heldur bjóða áhorfandanum upp á fæðingu forms eða dauða þess.

Vegna gífurlegra vísuálda - aukasýningar í Rvk

25. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
27. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00

1. Nef ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
2. Nef ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
3. Nef ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00

Mikilsala daglega í Óperunni í síma 511-4300
04 kl. 14 | 19 og 2 netið.is

Pabbinn

FRÉTTABLAÐIÐ / SÍM / NM30306



Marglitir skuggar

Undanfarin fjögur ár hefur verið haldin í London feiknastór myndlistarmessa sem kallast Frieze Art Fair. Í ár er engin breyting þar á og hefst hátíðin á fimmtudag.

Hátíðin leggur áherslu á samtímalist og býður upp á það áhugaverðasta sem er í gangi á þeim vettvangi hverju sinni. Í ár eigum við Íslendingar okkar fulltrúa á Frieze þar sem Elín Hansdóttir myndlistarmaður var fengin til þess að setja þar upp verk.

„Maður að nafni Neville Wakefield hafði samband við mig í febrúar síðastliðnum, en hann hefur yfirumsjón með verkefni Frieze Projects sem gengur út á að bjóða völdum listamönnum að setja upp verk á hátíðinni. Ég er því ein af sex listamönnum sem setja upp verk hér undir formerkjum þessa verkefnis,“ segir Elín.

Hátíðin er í grunninn sölumessa, en að sögn Elínar stendur verk hennar utan við kaupskýsluna sem þarna á sér stað. „Stærstur hluti þessarar hátíðar er básar sem ýmis gallerí halda úti til að kynna sína listamenn og selja verk þeirra. Frieze Projects-verkefnið er aftur á móti frekar óháð þessum söluhluta. Verkin tilheyra ekki sölubásunum og eru þannig dálítið eins og sýning innan kaupmessunnar.“

Verk Elínar á messunni er bundið við áhorfandann. „Hátíðin fer fram í stóru tjaldi. Ég set upp



LJÓSBROT Verk Elínar á Frieze.

verk í inngangi þess, en hann er 70 metra langur. Ég hef lýst innganginn upp með rauðum, grænum og bláum ljósum. Þessi ljós mynda hvíta birtu þegar þau lýsa upp tómt rými, en um leið og áhorfendur ganga þangað inn birtast skuggar þeirra á veggjunum. Skuggarnir eru ekki svartir vegna þess að ljósin splundra þeim upp í litaskalann og því birtast á veggjunum marglitir skuggar. Verkið er háð nærveru áhorfandans, án hans gerist ekkert.“

Þetta er fimmta árið í röð sem Frieze-myndlistarhátíðin er haldin og hefur hróður hennar farið vaxandi ár frá ári. Það gefur því auga leið að þátttaka í henni skapar ýmsa möguleika.

„Þetta er ómetanlegt tækifæri fyrir mig að koma mér á framfæri. Í fyrra komu 60.000 manns á þessa hátíð. Það má gera ráð fyrir öðrum eins fjölda í ár og munu allir gestirnir sjá verkið mitt þar sem það er í innganginum. Þátttaka í svona stórum viðburðum er ekki á hverju strái, sérlega ekki fyrir ungan myndlistarmann frá lítilli eyju í norðri.“

Hátíðinni lýkur á sunnudaginn en þrátt fyrir það verður áfram mikið um að vera hjá Elínu. „Ég tek þátt í samsýningu í New York í nóvember og er svo með sýningu í Berlín í febrúar. Það er meira en nóg að gera hjá mér og ég kvarta ekki yfir því.“

vigdis@frettabladid.is

Málping um enskukennslu

Notkun og hlutverk enskrar tungu á Íslandi er meginviðfangsefni Málþings um enskukennslu á Íslandi. Til heiðurs Auði Torfadóttur sem fer fram á morgun í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, frá kl. 14-17.

Þingið er haldið í tengslum við útkomu bókanna „Teaching and Learning English in Iceland. In honour of Auður Torfadóttir“ sem Stofnun Vigdísar Finnboga-

dóttur gefur út. Bókin er safn greina um nýjar rannsóknir á enskunámi og enskukennslu á Íslandi. Hún er gefin út í tilefni af starfslokum Auðar Torfadóttur dósentis við Kennaraháskóla Íslands.

Þetta er í fyrsta sinn sem bók um þetta efni kemur út á Íslandi og þótt enskukennsla sé í brennidepli á innihaldið einnig erindi til þeirra sem fást við tungumála-

kennslu almennt og til áhugafólks um tungumál. Ritstjórar eru Birna Arnbjörnsdóttir dósent og Hafdís Ingvarsdóttir dósent og báðar starfa við Háskóla Íslands.

Á málþinginu verða flutt erindi sem byggjast á efni bókanna. Meðal annars verður fjallað um stöðu enskunnar á Íslandi og skyggnst verður inn í starf enskukennarans. Þingið er öllum opið. - vþ

Blús fyrir norðan

Tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, betur þekktur sem KK, heldur norður í land í vikunni og kemur fram á þrennum tónleikum í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu á fimmtudag, föstudag og sunnudag.

Fimmtudagstónleikarnir fara fram í Þorgeirskirkju. Hefjast þeir kl. 20.30 og verður andans tónlist á efnisskránni.

Föstudagstónleikarnir fara fram í félagsheimilinu Laugarborg og hefjast einnig kl. 20.30. Efnislega verða þessir tónleikar öllu blúsaðri en þeir fyrri. Guðmundur Péturs-

son gítarleikari spilar með KK á báðum tónleikumum og er miðaverð á þá 2.000 kr.

Á laugardag heldur KK námskeið í blústónlist fyrir nemendur við Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Á sunnudag kl. 15 verða svo haldnir tónleikar í Laugarborg þar sem nemendurnir koma fram ásamt KK til þess að sýna fram á afrakstur námskeiðsins. Aðgangur að sunnudagstónleikumum er ókeypis. - vþ

Á FARALDSFÆTI Tónlistarmaðurinn KK.



ÞÉR ER BODIÐ

Við hjá Ingvari Helgasyni bjóðum þér í heimsókn með alla fjölskylduna um helgina. Við frumsýnum nýjan Subaru Impreza, við færum þér kaffi, pönnukökur og fleira góðgæti. Þú mátt koma inn á skónum og krakkarnir mega vera með læti. Sjáumst.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is

NÝJAR BÆKUR

Tímaþjófurinn, skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur frá 1986 er komin út í enskri þýðingu Rorys McTurk hjá forlagi Máls og menningar. Sagan var á sínum tíma umdeild og vinsæl og var Steinunn upp frá því talin frekar sagnskáld en ljóðskáld. Tímaþjófurinn hefur verið þýddur á fjölda tungumála og var kvikmyndaður af frönskum leikstjóra Yves Angelo með Emmanuelle Béart í hlutverki söguhetjunnar Öldu. Þýðingin er í vasabókarbroti og mun einkum hugsað fyrir ferðamannamarkað.



Íslandsvinurinn Wolfgang Muller hefur sent frá sér bók um Ísland, Neues von der Elfenfront, þar sem hann heldur uppteknum hætti að skoða landann og landið með augum gestsins en hann hefur komið hingað til lands margsinnis. Nýja bókinn er eins og fyrri verk höfundarins helguð landinu. Hún er bráðskemmtileg og sköndin lýsing í fjölda smágreina eða kafla um ólíklegustu fyrirbæri í samtímanum. Suhrkamp-forlagið gefur bókina út.



Vatnið og hin duldu skilaboð þess er lítil bók sem komin er út hjá forlaginu Sölku. Höfundurinn er japanskur, Masaru Emoto. Hann hefur um árabíl rannsakað vatn og eiginleika þess. Hann byggir tilraunir sínar á myndum sem hann tekur af kristöllum í frosnu vatni við ýmsar aðstæður. Þeir taka sláandi breytingum og styðja kenningu hans að allt líf byggist á mismunandi bylgjuhreyfingum en 70% mannlíkamans er vatn. Kenningar hans hafa vakið mikla athygli og hefur þessi litla bók verið ofarlega á metsölulistum víða um lönd. Bryndís Viglundsdóttir þýddi.



Á vegum Háskólaútgáfunnar er komið út greinasafnið Arbejde, Helse og Velfærd i Norden. Þar skrifa fjórtán vísindamenn um ólíka þætti í lýðheilsu á Norðurlöndum. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir ritstýrir. Einblína höfundar á hin vestnorrænu svæði í efnisvali. Bókinni er ætlað að vekja umræðu um sameiginleg einkenni þeirra sem búa á þessum hluta heimskringlunnar.



Vetur 2007
Fullar búðir af glænýjum vetrarvörum

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Þ Í VEISLU!

OPIÐ:
LAUGARDAG KL. 12-16
SUNNUDAG KL. 13-16

BLÖÐRUR OG FÁNAR FYRIR BÖRNIN!



INGVAR HELGASON

Þríleikur Stieg Larsson selst vel Kvöldgestir

Í vikunni kom út í Danmörku þýðing á sænskum krimma, sem er ekki í frásögur færandi. Glæpasagan „Luftkastellet“ er þriðja og síðasta bókin í þríleik sænska blaðamannsins Stieg Larsson. Eftirvænting var svo mikil hjá dönskum aðdáendum hans að biðraðir voru við búðir, 110 þúsund eintök voru prentuð í fyrsta umgangi og bókin er ekkert þunnild: 671 síða. Af upplaginu voru 80 þúsund eintök seld áður en sagan kom út.



BÓKMENNTIR Stieg Larsson 1954-2004

Þessi viðbrögð eru svo sem ekkert nýtt: Larsson fékk Glerlykilinn 2004 fyrir *Menn sem hata konur*, en í Danmörku seldist sú saga í 175 þúsund eintökum. Næsta bók, *Stúlkan sem lék með eld*, seldist þar í 100 þúsund eintökum. Í heimalandi sínu hefur Larsson selt 1,9 milljónir eintaka, lokabindið í þríleiknum seldist þar í 430 þúsund eintökum.

Larsson lést úr hjartaslagi fimmtugur að aldri árið 2004 og var þá búinn með þessar þrjár samtengdu sögur, en aðeins ein

þeirra komin út. Hann var blaðamaður og ritstjóri Expo og aflaði sér í starfi sínu sérþekkingar á störfum leynilögreglunnar sænsku og starfsemi pólitískra öfgahópa í Svíþjóð og víðar og var talinn einn helsti sérfræðingur í heimi á því sviði. Umhverfi þríleiksins er blaðamennska og efnið snýst um uppgjör kringum aldamótin síðustu. Hefur þegar verið afráðið að kvikmynda þríleikinn og danski leikstjórinn Niels Arden Oplev við stjórnvöllinn. Ari-útgáfa hefur tryggt sér rétt á sögum Larssons og eru þær væntanlegar í íslenskri þýðingu á næstu mánuðum og misserum.

- pbb

Kvöldgestir

LEIKLIST

Gott kvöld

eftir Áslaugu Jónsdóttur.

Brúður og búningar: Helga Arnalds. Leikmynd: Áslaug Jónsdóttir. Tónlist: Sigurður Bjóla. Söngtextar: Davíð Þór Jónsson. Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson. Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Vignir Rafn Valþórsson og Þórunn Erna Clausen.

★★

Niðurstaða: Snotur sýning en nokkuð þunn í roði.

Winston McKay hefur sett mark sitt á bóka-skreytingar í rúmlega heila öld: Nemo in Slumberland var heilsíðu teiknimyndasaga um strákin sem sofnar, lendir í ævintýrum í draumheimum, og vaknar með kuðlaða sæng á gólfinu. Milton Glacer þræddi sömu slóð í sinni skemmtilegu sögu *Where the Wild Things Are* og í fyrri kom út *Gott kvöld* eftir Áslaugu Jónsdóttur. Í þeirri sögu kallar strákur til sín ýmis skrímsli sem öll eru til í málinu: hrekkjastvínið, leiðindaskjóðan og fyllopokinn, þau birtast okkur bæði sem brúður og síðan skuggamyndir á tjaldi. Félagi hans er bangsinn hugleysi en þeir eru einir heima því pabbi hefur brugðið sér frá til að sækja mömmu í vinnuna. Og nú er hún komin á svið í kúlunni, barnaleikhúsi Þjóðleikhússins. Það er harla erfitt að átta sig á

fyrir hvaða aldurshóp þessi sýning er. Margt er fallega unnið í frágangi hennar: skuggamyndir á tjaldi með figúrum á stöng, búningar næturgestanna skelfilegir og flúðu yngstu áhorfendur úr fremstu sætaröðum á sýningunni sem ég sá, í sæluhrolli. Leikurinn er sléttur og fellur hjá þeim þremmingum. En efnið er frekar lítið unnið. Til að koma kjöti á bein er skeytt inn í verkið söngum við áheyrliga tónlist Sigurðar Bjólu en textar Davíð Þórs eru samdir fyrir fullorðna, merking þeirra er allt of flókin fyrir börn og reyndar má efast um að þau þekki ýmis þau heiti sem málið býr yfir þó að flestir fullorðnir geri það.

Sýningin er þannig misvísandi, rétt eins og höfundar hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir við hverja átti að tala. Mínir menn á fimmta ári skemmtu sér samt vel og voru nokkuð hugsi yfir þessu þótt ekki hefðu þeir náð hugtökunum sem þarna holdgervdu á sviðinu. En sýningar sem þessar verða að hafa skýrt erindi. Þessi saga er laus við mórál, hún bendir ekki á eðli fyllopokans, leggur ekki út af breytni hans sem mátti þó útskýra auðveldlega fyrir bangsanum vit-granna.

En sýningin er samt skemmtileg reynsla ungam áhorfendum og verandi nema rétt klukkustund ætti hún að laða að sér foreldra með börn.

Páll Baldvín Baldvínsson

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
Næstu sýningar: 13/10 - 20/10 og 28/10

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA
eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
Næstu sýningar: 13/10 og 20/10

SPRENGJUHÖLLIN
Útgáfutónleikar 12/10

Miðasala í síma 551 4700 og á midi.is

AUSTURBÆR

ARIADNE

ARIADNE eftir Richard Strauss
Á morgun 12. október kl. 20 örfá sæti laus

Kynning Árna Heimis Ingólfssonar í boði VIÓ kl. 19.15
5. sýn: Sunnudaginn 14. október örfá sæti laus
Lokasýning: Föstudaginn 19. október örfá sæti laus

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Salurinn

FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBER KL. 20
FJÓLSKYLDUFERÐ TIL AFRÍKU
Miðaverð 1500 kr / ókeypis fyrir börn

FÖSTUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 20
TÍBRÁ: ÓPERUTÓNLEIKAR
FRÁ ÞJÓÐARÓPERUNNI Í RÍGA
Miðaverð 2000 kr / 1600 kr

LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER KL. 13
TKTK: FLAUTA OG PÍANÓ
Miðaverð 1500 kr / 500 kr / ókeypis fyrir börn

SUNNUDAGUR 14. OKTÓBER KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS
TÓNLIST RICHARDS RODGERS
Miðaverð 2000 kr / 1600 kr.

SUNNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20
TÍBRÁ: SELLÓ OG PÍANÓ
TANYA ANISIMOVA og LYDIA FRUMKIN
Miðaverð 2000/1600 kr.

ADALSTYRKARADILI SALARINS SPANISODURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Oftrú á málæði orðsins

Ég ætla að hitta þig segir skáldkonan í upphafi bókar og þú ert allt í senn lesandinn, persóna sem ávörpuð er innan ljóðanna, og ljóðmælandinn (ég) sem þá stígur út úr fyrstu persónunni og býður lesanda sínum dús (t.d. 17, 37). En þú ert fjarlæg(ur) og reikul(l) og týnist að endingu ein(n) í myrkri (53). Ljóðin hverfast um mig, ljóðmælandann, ég ætla 5, ég horfi 53, ég heyri 23, ég geymi 57, ég öfunda 49, mig dreymir 15, ég er (listamaður).

Leiðarstefið er; ég í náttúrunni, andstæður náttúrunnar og samsvörun þeirra í mér, hjartsláttur náttúrunnar og taktur hennar í mínu brjósti, listamaðurinn og sköpunin. Gamalkunn minni; flúx, hringrás, eilífð á undanhaldi, blekking, draumur, von, tíminn og gleymiskan. Í ljóðunum birtist þrá listamannsins að mega töfra sig krafti náttúrunnar, eiga við hana andleg mök sem fæða nýja sköpun. Sigild viðfangsefni með sigildum táknum (fremur en „hlakandi háð frumleikans“ 9); höfuðskepnurnar – loft, vatn (ís), eldur, jörð – togstreita þeirra og þanþol, mörk þeirra og samruni – and/efni, kona/karl, straumur/stöðnun. En afar litsterkt myndmál og víða mikill orðaflaumur.

Náttúran (hitinn) „gælir við húð mína og hjarta sem slær taktfast í eyra mér“ (15), forleikur, „brimið kallast á við hrynjandi í sjálfri mér, líkt og annar hjartsláttur“ (23), andlegt samræði, „eins og þanin tromma tókstu við fótum mínum jörð, fannstu skjálftann í hjarta mínu“ (27). En eðli (lista)mannsins er yfirráð, ég er dómína og veiðimaður, hindrun er eggjandi (37), ég drekk í mig blóð þess sem frjóvgar mig, skryði mig náttúru þess, ég á það sem ég kemst yfir; „nú ert þú hjá mér steinn, stirnað hjarta elds ... hnöttótt og kalt ... minning um logandi rautt frelsid“ (33). Nú ert þú hjá mér, nú er ég skaparinn.

Listin nærast á náttúrunni og lofsyngur hana, „ómælanlegur léttleiki ber mig yfir land mitt“ (54), en reynir jafnframt að sigra hana og fjöttra, er með uppsteyt, heimtar og drotnar, tælir hana til samræðis, „mótar uppkast að



BÓKMENNTIR

Einyrkja – ljóðmyndir
Harpa Björnsdóttir
Eigin útgáfa

★★

Ófullvaxinn skáldskapur

manneskju“ (9), afskræmir hana og afhjúpar, „ekkert skjól fyrir augum“ (41). Skapari sem beittir valdi sínu – og skáldskapur sem hrópar upp yfir sig eins og hljóðinn meðhjálpari í eigin útför.

(Lista)maðurinn rænnir náttúrunni en rænnir hana þó engu, ekki til frambúðar, berháttar sig sigurveiss í skauti hennar og reynir að afmá eigin útlínur í framburði hennar og skriði en týnist í suddanum, sekkur í fenið, verður úti, er bara „stöðugur sláttur tímans í steinrunninni bið“ (39), hverfult frosið andartak, jafnvel tilbúningur eins og nátttröll í þoku, bið eftir því að eilíf hringrás náttúrunnar „breiði loðmjúkan feld yfir allar misfellur“ á ný (31), má sín einskis gagnvart vilja náttúrunnar þegar upp er staðið og að endingu „stefnt til himins“ í von um betri byr (57). Við „hnoðum“ eigin tilfinningar og „bindum í orð“ (25) en temjum ekki höfuðskepnurnar, lútum ljúfsáru ægivaldi náttúrunnar jafnvel þegar hún er undirlægjan og krúnkar til (lista)mannsins í „ástsjúku“ „tilhugalífi“ hans (35,17).

Myndir sem fanga augað en ófullvaxinn skáldskapur sem ein-kennist af oftrú skáldsins (málarans) á málæði orðsins.

Sigurður Hróarsson

FRUMSÝND 12. OKTÓBER SÝND Í REGNBOGANUM

BESTA MYNDIN GULLPÁLMINN CANNES 2007



**4 months
3 weeks &
2 days**

★★★★★

„EKKI eintóna hrollvekja heldur rómmikill lofsöngur til dýrðar hugrekki og vináttu, listarinnar að komast af við ómennskar aðstæður...vann Gullpálmann á Cannes í vor og er vel að honum kominn, myndin er enn ein rós í hnappagat rúmenskrar kvikmyndargerðar sem hefur eflst með ólíkindum síðustu árin.“

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið

KLIPPID HÉRI

1 Ekkert hlé

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflun

græna ljósið

- Ekkert hlé á göðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ

2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenajosid.is - Skráning í Bláklúbb Græna ljóssins margborgar sig

Á FÖSTUDAGINNÁ GAUKI Á STÖNG



Á MÓTI SÓL & PAPAR

Sjá um að umbylta miðbæ Reykjavíkur.

*Ekki missa af þessum einstaka viðburði
Föstudaginn 12. október*

Húsið opnar kl 22:00 | Miðaverð er kr 2.000

*Nánar á
www.prime.is*

prime
umboðsskrifstofa

> NÝR TORTÍMANDA-PRÍLEIKUR

Vefsíðan Empire greinir frá því að Warner Bros. kvikmyndafyrirtækið ætli að hefja framleiðslu á nýjum þríleik um stríð mannfélksins við Skynet sem James Cameron gerði goðsagnakennt í Terminator-kvikmyndunum. Hermt er að Vin Diesel taki við af Arnold Schwarzenegger sem morðþáa vélmennnið.



bíó

bio@frettabladid.is

Áfram með veisluna

Kvikmyndaklúbburinn Græna ljósið hyggst taka til sýninga þrjár myndir sem nutu mikilla vinsælda á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík sem lauk á laugardaginn.

Græna ljósið átti kvikmyndirnar áður en hátíðin hófst og gaf góðfúslega leyfi sitt fyrir því að myndirnar yrðu meðal rétta á hlaðborðinu. Myndirnar voru sýndar tvisvar til þrisvar á hátíðinni og nú gefst þeim sem misstu af þessum gæðamyndum að sjá þær á vegum Græna ljóssins. Myndirnar fengu alls staðar frábæra dóma og viðtökur hjá áhorfendum RIFF og því ánægjulegt að boðið verði upp á þennan möguleika.

Myndirnar þrjár eru rúmenski Cannes-verðlaunahafinn Fjórir mánuðir, þrjár vikur og tveir dagar sem hefur fengið ein-

róma lof gagnrýnenda en hún tekur á því eldfima málefni sem fóstureyðingar eru, Himinbrún eftir Faith Akin með Hönnu Schygulla í aðalhlutverki og Aleksandra eftir Alexandr Sokurov sem leikstjórinn sjálfur hefur lýst sem stríðsmynd án stríðs.

Sýningar á myndunum hefjast allar föstudaginn 12. október og fá félagar í bíóklúbbi Græna ljóssins boðsmiðakóða sendan í vikunni sem tryggir þeim tvo fría miða á eina af þessum sýningum.

CANNES-VERÐLAUNAHAFI Cristian Mungiu fékk Gullpálmann fyrir kvikmyndina Fjórir mánuðir, þrjár vikur og tveir dagar.



FRUMSÝNDAR Í VIKUNNI

Good Luck Chuck



Charlie er hnepptur í álög sem ófá kynbræður hans hefur dreymt um. Hann getur nefnilega náð

sér í hvaða fegurðardis sem er. Leikstjóri: Mark Helfrich

Aðalhlutverk: Dane Cook og Jessica Alba

IMDB.COM: 5,0 / 10

RottenTomatoes: 3% / Rotin

The Kingdom

Mið-Austurlönd virðast á góðri leið með að verða hið næsta Vít-nam. Kvikmyndin The Kingdom



segir frá hópi fulltrúa frá FBI sem sendir eru til Sádi-Arabíu og falið að rannsaka sprengjuárásir en talið er að vel skipulögð hryðjuverkasamtök standi fyrir þeim.

Leikstjóri: Peter Berg

Aðalhlutverk: Jamie Foxx, Chris Cooper og Jennifer Garner

IMDB.COM: 7,5/10

RottenTomatoes: 53%/Rotin

The Brave One



Útvarpskonan Erica Bain ann New York og hjarta hennar slær í takt við borgarlífið. En kvöld eitt er

ráðist á hana og unnusta hennar með þeim afleiðingum að kærastinn deyr en hún er skilin eftir í blóði sínu. Erica ákveður, eftir að hafa safnað kröftum, að gerast sjálf dómari í eigin máli og leggur á ráðin um blóðuga hefnd.

Leikstjóri: Neil Jordan

Aðalhlutverk: Jodie Foster og Terrence Howard

IMDB.COM 7,0/10

RottenTomatoes: 45%/Rotin

Resident Evil: Extinction

Eftirlifandi íbúar borgarinnar Raccoon leggja í langferð yfir Nevada-eyðimörkina og gera sér vonir um að komast heilu og höldnu til Alaska.



Leikstjóri: Russel Mulcahy

Aðalhlutverk: Milla Jovovich og Oded Fehr

IMDB.COM: 6,6/10

Rottne Tomatoes: 27%/Rotin

Verkfall lamar Hollywood

Handritshöfundar í kvikmynda- og sjónvarpsgeira Bandaríkjanna gætu sett allt á annan endann ef þeir ákveða að fara í verkfall 1. nóvember. Kvikmyndaverin gætu sloppið fyrir horn en sjónvarpsframleiðendur verða líklega fyrir miklum skaða.

Viðræður milli Samtaka handritshöfunda og AMPPT, samtaka sjónvarps- og kvikmyndaframleiðenda, hafa siglt í strand hvað eftir annað og nú síðast á föstudaginn lauk samningafundi þeirra eftir aðeins 45 mínútur ef marka má Reuters-fréttastofuna. Málið er sagt vera í miklum hnút og stóru kvikmyndaverin óttast að framleiðslan kunnist að lamast.

Verkfallsdeila í hnút

Handritshöfundar hafa lengi barist fyrir auknum greiðslum sér til handa en þeir telja sig ganga heldur snauða frá borði þegar sjónvarpsþáttum eða kvikmyndum er dreift á dvd-mynddiskum, á netinu eða teknir til endursýninga. Auk þess sem handritshöfundar vilja að greiðslum fyrir höfundarverkin verði breytt. Hingað til hafa þær greiðslur borist eftir að framleiðandinn hefur tekið til sín allan kostnað og náð inn gróða en samkvæmt handritshöfundum reynast þær fjárhæðir sem eftir standa heldur rýrar. Reiknilíkan framleiðendanna sé eins og vöndarhús og þegar allt hefur verið talið saman standi lítið sem ekkert eftir handa handritshöfundunum.

Mikill ótti ríkir nú í Hollywood því upphaflega var talið að verkfalli myndi ekki skella á fyrr en í sumar. Kvikmyndaverin hafa því sankað að sér háum bunka af handritum og látið flestar umboðsskrifstofur vita að ekki verði tekið við fleiri hugmyndum fyrr en lausn er í sjónmáli. Verkfallið á eftir að snerta flesta þætti kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu og munu förðunarfræðingar jafnt sem kvikmyndatökumenn og leikstjórnar standa uppi án verkefna auk þess sem menn spá miklu atvinnuleysi meðal handritshöfunda. Samtök handritshöfunda hafa þegar sent út atkvæðaseðil þar sem greiða á atkvæði um hvort til verkfallsaðgerða eigi að grípa. Fulltrúar AMPPT segjast þegar vera búnir að gera ráðstafanir en fréttaskýrendur í Hollywood eru á einu máli um það að þetta eigi eftir að reynast Hollywood dýrt spaug.



AÐPRENGDAR Í RAUN Sjónvarpsþættir á borð við Aðprengdar eiginkonur gætu borið mikinn skaða af verkfallinu.



SJÓNVARPIÐ VERÐUR VERST ÚTI Þótt kvikmyndaverin geti orðið fyrir einhverjum skaða verða líklega sjónvarpsstöðvarnar verr úti.

Dýrkeypt

Verkfall hefur ekki verið í kvikmyndahöfuðborginni síðan 1988 þegar handritshöfundar fóru í 22 vikna verkfall. Þá lamaði það alla haustframleiðslu sjónvarpsstöðvanna og hafði mikil áhrif á kvikmyndaframleiðsluna. Tapið sem varð vegna þessa verkfalls var talið nema hálfum milljarði Bandaríkjadollara, eða 30 milljörðum íslenskra króna. Þeir sem hafa fylgst með gangi mála telja að þetta verkfall gæti jafnvel varað mun lengur og þar af leiðandi haft mikil áhrif á afþreyingariðnaðinn.

Hollywood hefur smám saman verið að ná sér eftir mögur tímabil í miðasölu og því var farið að gæta ákveðinnar bjartsýni meðal kvikmyndarísanna. Jafnframt hafa sjónvarps-

þættir á borð við Grey's Anatomy og Desperate Housewives náð stjernfræðilega háu áhorfi og rakað inn gulli fyrir sjónvarpsstöðvarnar. Ef verkfallið skellur á mun það hins vegar hafa mikil áhrif á þessa þætti og verða sjónvarpsstöðvarnar þá að grípa til framleiðslu á raunveruleikasjónvarpi sem hefur sífellt verið að fíkra sig neðar og neðar á áhorfendalistanum. Þættir með lítið áhorf gætu hins vegar orðið hvað verst úti og þeim hreinlega ýtt út af dagskránni.

Og þótt kvikmyndaverin segist hafa verið undirbúin þá er talið nokkuð augljóst að þau fylgjast taugaspennt með gangi mála. Fréttir frá kvikmynda-borginni benda til þess að kvikmyndaverin hafi búist við verkfalli næsta sumar en skelli það á í nóvember gæti það haft alvarlegar afleiðingar. Kvikmyndir á borð við Harry Potter & The Half Blood Prince og stórmyndina Pompeii auk næstu James Bond-myndarinnar gætu þurft að fara annaðhvort mun fyrr í framleiðslu en áætlað var eða þeim jafnvel frestað um óákveðinn tíma.



SEINKAÐ EÐA FLÝTT James Bond-myndinni yrði kannski flýtt vegna verkfallsins en kvikmynda-verin hafa reynt að sanka að sér handritum fyrir 1. nóvember.

Dane Cook Jessica Alba Dan Fogler

Good Luck Chuck

Sometimes love blows.

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA GLF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍOMÍÐA! VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKUR OG MARGT FLEIRA!

Vinnningarverða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogur. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr./síeytið.



SMÁRALÍND BÍÓ REGNBÖGINN

HR

HELENA RUBINSTEIN

NÝJUNG

NÓTT EFTIR NÓTT SKILAR
AUKIN ORKA SÍFELT
UNGLEGRI HÚÐ



HELENA RUBINSTEIN
PRODIGY
NIGHT TISSULAR

NÆTURKREM – STÓRFENGLEG ÁHRIF

LIVE BRILLIANTLY
DEMI MOORE
fyrir Helena Rubinstein

KYNNING Í LYF & HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Sérfræðingur HR finnur réttu húðsnyrtivörurnar út frá þínum þörfum og kennir þér nýjustu förðunartæknina fyrir haustið. PRODIGY NIGHT TISSULAR er einstakt næturkrem sem fullkomnar húðina og er ómissandi viðbót við lúxus húðsnyrtilínu HELENA RUBINSTEIN.

AÐRAR NÝJUNGAR.

COLOR CLONE HYDRAPACT er hinn fullkomni farði í kökuformi. Húðin verður einfaldlega ekki fallettri.

MAGIC PRIMER farðagrunnurinn margfaldar endingu farðans og sléttir úr línunum og ójöfnum.

EYE BROW FIX mótar og lítar augabrúnir. Jafnvel óreglulegustu augabrúnir verða jafnar og fallegar.

FACE SCULPTOR vinsæla línan sem lyftir húðinni án skurðaðgerðar hefur verið endurnýjuð svo kremin eru enn virkari en áður.

Glæsilegir kaupaukar fylgja ef keyptar eru Helena Rubinstein vörur fyrir 6.000 kr. eða meira.

 Lyf & heilsa
Við hlustum!

Prófaðu...

...að búa til þitt eigið kryddsmjör. Hræðu kryddjurtum að eigin vali út í mjúkt smjör, rúllaðu inn í bökunar-pappír og snúðu endunum til að loka. Kældu í klukkutíma og smjórið er klárt í næstum hvaða slag



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN GESTUR EINAR JÓNASSON ÚTVARPSMAÐUR

Hafragrautur og hrossakjöt heilla ekki

Hvaða matar gætirðu síst verið án? Ætli það sé ekki bara seríós og undanrenna, ég hugsa það. Það er morgunmaturn. Mér finnst mjólk of feit, en undanrenna er góð.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:

Það er nú bara jólamáltíðin. Rjúpur sem ég hef veitt sjálfur, ég held að það sé ekkert öðruvísi.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Mér þykir hafragrautur ekki góður, ekki bjúgu, hrossakjöt eða sigin grásleppa. Þetta er það sem ég myndi segja nei takk við.

Leyndarmál úr eldhússkápnum: Það er Prins pólo, það finnst stundum í skápnum hjá mér. Þá fæ ég mér Prins pólo og undanrennu. Það er alveg klassagott.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur? Þá borða ég fisk frá Óskari vini mínum. Hann er sjómaður, svo ég fæ alltaf ferskan og góðan fisk frá honum.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum? Ég á náttúrulega alltaf til undanrennu. Svo á ég alltaf ost og oftast skinku. Ég á ekkert heimsborgaralegt, ég er mjög klassískur í þessu.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér? Ég tæki náttúrulega seríós, það er ekki um neitt annað að ræða. Það er hægt að borða það þurr. Kannski banana líka og harðfisk. Bananana þyrfti ég að borða fljótt, seríosið og harðfiskurinn myndi hins vegar geymast vel.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Ég hef borðað froskalappir og ýmiss konar dádýrakjöt og villisvinakjöt. Svo hef ég borðað eitthvað af dúfum og hámað í mig alls konar krabba. Ég hef aldrei borðað slöngu, held ég, en ég hef voða gaman af því að prófa eitthvað nýtt ef ég fer á öðruvísi staði.



Liverpool-búar fá bragð af Íslandi

Veitingastaðurinn Domo í Reykjavík og veitingastaðurinn Room Restaurant í Liverpool munu innleiða samstarf í tilefni af menningarhátíðinni Ice 2007. Hátíðin, sem fram fer í Liverpool, er haldin í tilefni af 800 ára afmæli borgarinnar. Hún mun standa yfir frá 29. nóvember til 2. desember næstkomandi, og einkennist af ýmiss konar uppákomum undir íslenskum formerkjum.

Ragnar Ómarsson, yfirmatreiðslumaður á Domo, mun skapa matseðil undir heitinu „Taste of Iceland“ í samvinnu við yfirmatreiðslumann Room í Liverpool. Veitingastaðurinn er staðsettur í hjarta borgarinnar, og hluti af þriggja staða keðju. Room-veitingastaðir fyrirfinnast einnig í Leeds og Manchester.



RAGNAR Í ROOM Ragnar Ómarsson mun vinna með yfirmatreiðslumanni veitingastaðarinnar Room í Liverpool við að skapa matseðil fyrir hátíðina Ice 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ítölsk eggjakaka

Eggjakökur eru ágætis kostur þegar skammdegið fer að gera vart við sig. Þær má gera upp á gamla máttann, en svo má jafnframt þreifa sig áfram með aðrar tegundir.

Ítölsk eggjakaka, sem oftast er ekki er kölluð frittata, er tilvalin tilbreyting.

Eins og með aðrar eggjakökur veltur grænmetisinnihaldið helst á smekk kokksins. Grunnurinn er þó alltaf nokkur egg, sem eru þískuð saman við örllitlu af salti og pipar og jafnvel parmesanosti. Grænmetið, eða annað innihald, er því næst steikt á pönnu í smjörklípu. Þá er eggjærurinni bætt á



FRITTATA Ítalskar eggjakökur eru bragðgóður, yljandi kostur þegar skammdegið sækir að.

pönnuna og hún elduð þangað til hún fer að þykkna að ofan.

Þá eru tvær aðferðir til að klára eldamennskuna. Annars vegar er hægt að skella pönnunni inn í heitan ofn í 3 til 4 mínútur, þangað til kakan er orðin gullinbrún að ofan. Frittata þýðir hins vegar steikt, svo þeir sem vilja vera alvöru snúa kökunni við í pönnunni svo að efri hluti hennar steikist líka.

Eggjakökuna má svo borða heita eða kalda, með salati eða öðru meðlæti sem hugurinn gírnist.

Ítölsk matargerð heillar

Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs, hefur í mörg horn að líta. Ítölsk matargerð er í miklu uppáhaldi á heimili hennar.

Rakel og maður hennar, Arnar Bjarnason, eiga saman fyrirtækið Vín og matur, sem flytur inn uppáhaldsvín þeirra og mat frá landinu. „Við bjuggum á Ítalíu, svo ítölsk matargerð er í miklu uppáhaldi hjá okkur,“ sagði Rakel, sem deilir hér með lesendum Fréttablaðsins uppskrift að einföldum en ljúffengum pastarétti.

„Þessi réttur er mjög vinsæll hjá fjölskyldunni og er reglulega á borðum hjá okkur, líklega einu sinni í viku meira að segja,“ sagði Rakel. „Hann er fljótlegur í matreiðslu sem ég kann vel að meta, enda þriggja barna móðir í fullu starfi, þótt ég sé í fæðingarorlofi núna,“ bætti hún við.

Þar fyrir utan er rétturinn meinhollur, að sögn Rakelar. „Olían heldur öllum sínum góðu, hreinsandi og uppbyggjandi eiginleikum þar sem hún er ekki hituð, hrár hvítlaukur hreinsar æðarnar og vinnur gegn bakteríum og tómatarnir og basilíkan eru líka full af vítamínum og bætiefnum,“ sagði hún.

Með matnum mælir hún með ítalska hvítvíninu Casal di Serra frá Umani Ronchi. „Fyrir börnin er það svo Rynkeby-trónuberjasafti til háls á móti sóðavatni, með skvettu af límónu eða sitrónu. Út í set ég frosin ber sem kæla og skreyta og skreyti glasið með ávaxtasneið eða öðru. Börn kunna að meta þegar það er stjánað svolítið við þau,“ sagði Rakel.

Eftirrétturinn ætti að hennar mati að samanstanda af netlutei með hunangi og sitrónu, eða góðu kaffi. „Með því má svo gæða sér á góðu, dökku súkkulaði, eins og því frá Amedei,“ benti hún á.

sunna@frettabladid.is



EINFALT OG FLJÓTLEGT Rakel Halldórsdóttir kann vel að meta góða rétti sem jafnframt eru fljótlegir, enda þriggja barna móðir í fullu starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Basilíku- og tómatpasta

4-500 g spaghettí
1 búnt af ferskri basilíku
8-10 tómatar
3 góð, ný hvítlauksrif
1/2 - 3/4 dl góð jómfrúarólívuolia
sléttfull matskeið af góðu sjávarsalti
nýmalaður svartur pipar
3/4 bolli mozzarella
Ef ekki er til mozzarella er í finasta lagi að nota Gotta, skólaost eða annan brauðost. Tómatarnir eiga að vera vel þroskaðir, rauðir og mjúkir.
Spaghettíð er soðið þar til al dente. Um

leið og það er komið í pott er basilíkan söxuð og sett í stóra skál sem bera á réttinn fram í. Hvítlauksrifin eru kreist eða söxuð út í, ólívuolíunni hella yfir og saltinu dreift yfir. Þessu er blandað vel saman með sleif og látið standa. Tómatarnir eru skornir smátt niður og þeim hrært jafnóðum út í blönduna í skálinni. Svo er osturinn skorinn smátt og hræður saman við. Þegar spagettíð er tilbúið er því hella yfir og öllu blandað vel saman. Að síðustu er svartur pipar malaður yfir og blandað saman. Buon appetito!

COME2 SCANDINAVIA



Á leið til Skandinavíu?

Við hjá Come2 Scandinavia aðstoðum þig að finna bestu verðin á flugi, gistingu, bílaleigubíl og annarri afþreyingu.

Erum með tvær stórar og rúmgóðar íbúðir á Vesterbrogade til leigu. Frábær lausn fyrir hópa og fjölskyldur.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.



www.come2-scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com - +45 33 25 64 25

Ábendingar atvinnumanns

Í eldhúsum veitingastaða gengur ýmislegt á. Þeir sem hafa atvinnu af matreiðslu vita því hvað er mikilvægast til að vinnan gangi hratt og vel fyrir sig og svo að árangurinn verði sem bestur. Matreiðslumaðurinn Björn Bragi Bragason deilir með lesendum þremur þeirra atriða sem honum þykja hvað mikilvægust í vinnu sinni.

„Mér finnst skipta miklu máli að vera með rétt og góð verkfæri og hugsa vel um þau,“ nefnir Björn Bragi. „Það er til dæmis betra að eiga færri hnifa og hafa þá vandaða. Ekki setja þá í uppþvottavél eða þvo þá með of heitu vatni, bara með volgu sápuvatni. Svo er gott að stála þá reglulega með finu stáli, þá haldist þeir alltaf góðir og það verður skemmtilegra að vinna með þeim,“ sagði hann.

Hráefnið er einnig aðalatriði í starfi hans, sem og eldamennsku heima við. „Það borgar sig að velja alltaf ferskt og gott hráefni og hafa hlutina bara einfalda,“ sagði Björn Bragi. „Ekki sýna allt sem þú kannst í sama matarboðinu, geymdu frekar eitt eða tvö tromp þangað til næst,“ bætti hann við og kímídi.

„Það sem skiptir hins vegar langmestu máli að muna er að ef maturinn er ekki góður, er það vegna þess að félagsskapurinn var slæmur. Það er aldrei kokkurinn,“ sagði Björn Bragi og hló við.

- sun



FERSKT HRÁEFNI Björn Bragi Bragason segir mikilvægt að nota ferskt hráefni í matseldina og eiga góð verkfæri til að vinna með.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Helgar- tilboð

Bycast sófasett 3+1+1 8851

99.900.-

verð áður 139.900.-

Fáanlegt í öllum verslunum Hagkaupa nema á Eiðistorgi



Gildir til 14. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

>VISSIR PÚ?

Angelina Jolie er ekki alveg eins og fólk er flest. Hún vildi verða útfararstjóri þegar hún var yngri og hún safnar hnífum. Auk þess hatar hún faðmlög. „Þegar ég var að vaxa úr grasi fannst mér mjög óþægilegt að láta faðma mig, jafnvel af minni eigin móður,“ sagði Jolie einhvern tímann í viðtali.



fólk
folk@frettabladid.is

Mugiboogie tilbúin

Tónlistarmaðurinn Mugison hefur lokið við nýjustu plötu sína og er hún væntanleg í búðir sautjanda október. Platan nefnist Mugiboogie og er töluvert rokkaðari en Mugimama is this Monkeymusic? sem kom út fyrir þremur árum.

„Þetta gæti eiginlega verið plata með Elvis Presley, svona Elvis á síðustu metrunum í Vegas orðinn alltof feitur,“ segir Mugison, sem fékk góða aðstoð við gerð plötunnar. Meðal þeirra sem voru honum til halds og trausts voru Pétur Ben, Davíð Þór Jónsson og gítarleikarinn Björgvin Gíslason.

Að sögn Mugisons varð ekkert úr því að hann færi til Memphis, heimaborgar Elvis, til að taka upp plötuna. Þess í stað ætlaði hann að taka upp lagið Jesus is a Good Name to Moan í Brix-



ton í London en það datt líka upp fyrir. „Ég hætti við hálf tíma áður en ég átti að fara í flugið. Ég fílaði ekki útgáfuna af laginu þannig að við skelltum okkur í „live take“ á laginu. Ég fílaði hana og hún endaði á plötunni. Það vantaði gredduna í hina útgáfuna.“

Mugison spilar næst laugardaginn 20. október á Nasa á Iceland Airwaves-hátíðinni þar sem lög af nýju plötunni fá væntanlega að hljóma í bland við eldri slagara.

-fb

MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison hefur lokið við nýjustu plötu sína, Mugiboogie.

Sölutölur eru leyndarmál

Hljómsveitin Radiohead ætlar ekki að gefa upp hversu margir hafa pantað nýjustu plötu þeirra, In Rainbows, á netinu. Sveitin ætlar heldur ekki að segja frá því hversu mikið aðdáendur hafa borgað fyrir plötuna, sem var fyrst hægt að hláða niður af heimasíðu hennar í gær.

Aðdáendur geta ráðið því hversu mikið þeir borga fyrir plötuna og ef




þeir vilja geta þeir sótt hana án endurgjalds. Ekki er talið að platan komist á vinsældalista í Bretlandi á meðan sölutölunum er haldið leyndum. Stærri útgáfa af plötunni, með aukadisk og textabók, verður fáanleg frá og með 3. desember.

ENGAR SÖLUTÖLUR Hljómsveitin Radiohead ætlar ekki að gefa upp hversu margir hafa pantað In Rainbows.

Tískustjörnur tilnefndar

Breska tískuráðið, the British Fashion Council, hefur tilkynnt hvaða hönnuðir eru tilnefndir til verðlaunanna í ár. Þrjár eru tilnefndir sem tískuhönnuðir ársins, en svo skemmtilega vill til að þar eru eingöngu konur á ferðinni: þær Anya Hindmarch, Luella Bartley og Stella McCartney.

Christopher Kane, Gareth Pugh og Marios Schwab slást hins vegar um upphæfina sem fylgir því að vera valinn nýgræðingur ársins í tískuheiminum. Verðlaunahafar í öllum flokkunum tíu verða tilkynntir við hátíðlega athöfn 27. nóvember næstkomandi.



HÖNNUN CHRISTOPHER KANE Stjörnur tískuheimsins slást um verðlaun breska tískuráðsins, en tilkynnt verður um vinningshafana í lok nóvember. Luella Bartley er nú tilnefnd sem hönnuður ársins annað árið í röð, en í fyrra vann Giles Deacon titilinn. Þetta í fyrsta skipti í sögu verðlaunanna sem þrjár konur eru tilnefndar til aðalverðlaunanna.

HÖNNUN LUELLU BARTLEY



LUELLA BARTLEY

HÖNNUN GARETH PUGH



HÖNNUN STELLA MCCARTNEY

Haust **Í DAG**
fagnaður
FIMMTUDAGINN 11. OKTÓBER

KAREN MILLEN *All Saints* WAREHOUSE

15% afsláttur
aðeins í dag

- Dagskráin byrjar á **tískusýningu kl. 18.30** á móti **KAREN MILLEN** í **Kringlunni**
- **Sigga Lund** kynnir
- **Sigga Beinteins** syngur lög af nýrri plötu sem kemur út í haust
- **Make up store** kynnir nýjustu línuna
- Allir viðskiptavinir eiga möguleika á að vinna 25-30 þús. kr. Inneignir

KAREN MILLEN | ALLSAINTS | WAREHOUSE
MAKE UP STORE

48 dagar í fanglesi

Leikarinn Kiefer Sutherland þarf að dúsa í fangelsi í 48 daga eftir að hafa játað að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Sutherland afplánar dóminn þegar hann verður í hléi frá tókum á sjónvarpsþættinum vinsæla 24.

Leikarinn var handtekinn í Los Angeles í lok síðasta mánaðar þegar hann var ennþá á skilorði vegna ölvunaraksturs á árinu 2004. Í yfirlýsingu sinni baðst hann afsökunar á dómgreindarleysi sínu og þeim áhrifum sem athæfið hefur haft á fjölskyldu hans, vini og samstarfsmenn.

Sutherland fékk þrjátíu daga fangelsisdóm fyrir að hafa ekið undir áhrifum og átján daga dóm fyrir að hafa brotið skilorðið. Hann má ekki keyra bíl næstu sex mánuðina auk þess sem hann þarf að sækja fræðslu námskeið um áfengismisnotkun næstu átján mánuðina. Jafnframt þarf hann að mæta í vikulega meðferðartíma næsta hálfu árið.



KIEFER SUTHERLAND Leikarinn heimsfrægi þarf að dúsa í fangelsi í 48 daga vegna ölvunaraksturs.

Zúúber sýndur í sjónvarpi

Morgunþátturinn Zúúber, sem hefur verið á dagskrá FM957 í þrjú ár, er nú sendur út á sjónvarpsstöðinni Popptívi í beinni útsendingu og geta því addáendur þáttarins fylgst með því sem gengur á í hljóðverinu dags daglega. „Við ætluðum alltaf að senda þáttinn út á netinu en lentum í vandræðum vegna þess að ekki er hægt að senda út hljóð og mynd á sama hraða,“ segir Sigvaldi Kaldalóns eða Svali sem stjórnar þættinum ásamt þeim Jóhanni Garðari Ólafssyni eða Gassa og Sigríði Lund. „Það reyndist auðveldara að senda þáttinn út af sjónvarpsstöð og setja hann þaðan á netið.“

Svali segir að útsendingarnar fari rólega af stað. „Við erum enn að átta okkur á því hvernig við ætlum að hafa þetta og höfum lítið látið vita af útsendingunum. Fyrstu tvo dagana vissi maður svolítið af myndavélinni en nú er þetta orðið eins og hver annar dagur. Maður mætir myglaður og ósminkaður, alveg eins og það á að vera.“ Í Bandaríkjunum eru ýmsir útvarpsþættir sendir út í sjónvarpi en það hefur ekki verið gert hér á landi fyrr. „Þættir Howards Stern eru til



EINS OG HOWARD STERN Sigvaldi Kaldalóns er einn þriggja umsjónarmanna Zúúber, útvarpsþáttar sem nú er sendur út í sjónvarpi líkt og þáttur Howards Stern í Bandaríkjunum.

dæmis allir sendir út í sjónvarpi. Ísland í bítið var öðruvísi að því leyttinu til að það var sjónvarp í útvarpi en ekki öfugt. Þetta er einfaldlega ein tegund afþreyingar í viðbót.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmaðurinn **Kid Rock** mælist til þess að **Pamela Anderson**, fyrrverandi Baywatch-stjarna, skili trúlofunarhringnum sem hann gaf henni á síðasta ári. Kid Rock og Anderson voru gift í fjóra mánuði, en Pamela trítlaði hins vegar aftur upp að altarinu á dögnum. Í þetta skiptið var það **Rick Solomon**, sem er hvað þekktastur fyrir kynlífsmyndband hans og Parisar Hilton, sem Anderson játaðist. Þar sem hún hefur væntanlega skipt um hring, vill Rock óður og upp-vægur fá sinn til baka, en hann er ríflega 30 milljóna króna virði. „Ég efast um að það gerist, en það væri fallett,“ segir hann.



Fleiri fyrrverandi Baywatch-stjörnur eru í bobba, því **David Hasselhoff** er farinn aftur í áfengismeðferð. Hann var lagður inn á Cedars-Sinai meðferðarheimilið í Los Angeles í vikunni. „Hann leit hryllilega út þegar hann kom inn. Hann var öskugrár í framan. Það var svo sorglegt,“ segir heimildamaður National Enquirer. Hasselhoff hefur átt í miklum vandræðum með áfengi áður og þess er skemmst að minnast þegar dóttir hans tók upp myndband með leikaranum þar sem hann var nánast með óráði vegna áfengisneyslu.

Enn bætist við þær raddir sem halda því fram að **Jennifer Lopez** beri barn eiginmanns síns, **Marc Anthony**, undir belt. Fyrrverandi eiginkona Anthonys, **Daynara Torres**, sagði í viðtali við spænska tímaritið El Nueva Dia að óléttan væri staðreynd. „Ég býst við því að þau verði mjög hamingjusöm,“ segir hún. Daynara á tvö börn með Anthony, en þau voru gift í fjögur ár. Hjónin skildu formlega 1. júní 2004, heilum fjórum dögum áður en Marc gekk í það heilaga með Jennifer Lopez.

Jessica Simpson er með nýja kántrí-plötu í bígerð. Hún hyggst nú snúa sér aftur að tónlistinni, en tókum á kvikmyndinni Major Movie Star var að ljúka. Áður en Simpson skellir sér í kántrísönginn ætlar hún hins vegar að finna sér íbúð í New York. „Ég vil vera nálægt útgáfufyrirtækinu,“ segir stjarnan. Simpson sættir sig þó ekki við neitt slor, en samkvæmt Tmz.com hefur hún nú þegar skoðað nokkrar íbúðir á verðbilinu 120 til 750 milljónir.

Enn bætist við þær raddir sem halda því fram að **Jennifer Lopez** beri barn eiginmanns síns, **Marc Anthony**, undir belt. Fyrrverandi eiginkona Anthonys, **Daynara Torres**, sagði í viðtali við spænska tímaritið El Nueva Dia að óléttan væri staðreynd. „Ég býst við því að þau verði mjög hamingjusöm,“ segir hún. Daynara á tvö börn með Anthony, en þau voru gift í fjögur ár. Hjónin skildu formlega 1. júní 2004, heilum fjórum dögum áður en Marc gekk í það heilaga með Jennifer Lopez.

Jessica Simpson er með nýja kántrí-plötu í bígerð. Hún hyggst nú snúa sér aftur að tónlistinni, en tókum á kvikmyndinni Major Movie Star var að ljúka. Áður en Simpson skellir sér í kántrísönginn ætlar hún hins vegar að finna sér íbúð í New York. „Ég vil vera nálægt útgáfufyrirtækinu,“ segir stjarnan. Simpson sættir sig þó ekki við neitt slor, en samkvæmt Tmz.com hefur hún nú þegar skoðað nokkrar íbúðir á verðbilinu 120 til 750 milljónir.

Ég leyfi mér hiklaust svolítið dekur

Morgunmatur kemur brennslunni í gang og gefur þér orku til að byrja daginn. **Kellogg's Special K** er bragðgóður og hressandi morgunmatur og með honum færðu mörg lífsnauðsynleg vítamín eins og t.d. fólínsýru og síðast en ekki síst járn.

...ekki nema 90 hitaeiningar

„Það er fátt mikilvægara en að hugsa vel um heilsuna. Ég borða þess vegna hollan mat og hreyfi mig reglulega og finnst algjörlega ómissandi að fara í nudd öðru hverju. En við konur megum samt ekki gleyma að dekra svolítið við okkur. Það er til dæmis frábært að skipta stundum yfir í **Kellogg's Special K Red Berries** í morgunmat, það er ótrúlega bragðgott, með berjabitum saman við en fitulett og fullt af nauðsynlegum næringarefnum eins fólínsýru og járn. Ég leyfi mér líka hiklaust **Special K bliss** á milli mála ef sætubörfín grípur um sig án þess að hafa minnstu áhyggjur af því að ég sé að spilla kröftugri ferð í ræktina þann daginn. **Special K bliss** stangirnar eru algjör himnasending, með ávöxtum og dökku súkkulaði en bara 90 hitaeiningar.“

Hulda Björk Garðarsdóttir, óperusöngkona



Bragðgóðar nýjungar frá Kellogg's Special K: **Kellogg's Special K bliss** og **Kellogg's Special K red berries**



Landsins stærsta SKÓSPRENGJA

Aðeins 3 dagar eftir

Ath. Nýtt kortatímabil



Lágmark

50%

afsláttur

Útsöluvörur frá



Sendum í póstkrofu!

STEINAR WAAGE
SKÖVERSLUN



Kaupfélagið

Toppskórin
outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16



© 2008 - 1000000000

> Leggur Björgólfur skóna á hilluna?

Svo gæti farið að framherjinn snjalli, Björgólfur Takefusa, leggi skóna á hilluna. Samningur Björgólfs við KR er að renna út og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Björgólfur alvarlega að ihuga að leggja skóna á hilluna. Hann er í krefjandi starfi hjá Landsbankanum sem og í námi og það tekur sinn toll. Þó svo Björgólfur sé á þeim skónum að hætta mun hann engu að síður fá fjölda tilboða um að ganga í raðir félaga í Landsbankadeildinni enda einn sterkasti framherjinn í íslenska boltanum síðustu árin.



sport
sport@frettabladid.is

ÞJÁLFARAMÁL KR: HÁDEGISVERÐUR ÓLAFS KRISTJÁNSSONAR OG BALDURS STEFÁNSSONAR KOM AF STAÐ ORÐRÓMI

KR ekki á eftir Ólafi og Logi ráðinn fyrir helgi

Baldur Stefánsson, stjórnarmaður hjá KR Sport, segir ekkert hæft í þeim orðrómi að KR sé á höttunum eftir Ólafi Kristjánssyni, þjálfara Breiðabliks. Sá orðrómur hefur verið þrálátur síðustu daga og orðrómurinn fékk byr undir báða vængi þegar Baldur og Ólafur sáu snæða hádegisverð saman á La Primavera á þriðjudag.

„Á fundi okkar Ólafs var ekki rætt um þjálfarastarf og ég var ekki að bjóða honum vinnu. Óli er félagi minn og gamall KR-ingur og ég var að bera undir hann ýmsar pælingar sem við höfum verið í undanfarnar vikur enda erum við staðráðnir í að læra af reynslu sumarsins. Þess vegna erum við að skoða marga hluti núna sem snúa að okkar innra starfi,“ sagði



Baldur við Fréttablaðið í gær. „Ólafur hefur viðtæka reynslu og sterka skoðun á ýmsu. Ég bar undir hann hugmyndir okkar enda hollt að heyra álit fólks utan félagsins. Eitthvað klikkaði hjá okkur í sumar. Það er alveg ljóst. Við ætlum að læra af reynslunni og gera betur.“

Baldur segir stjórn KR Sports ekki hafa tekið neinar ákvarðanir í leikmannamálum. Að ganga frá þjálfaramálunum hafi forgang og síðan muni þjálfarinn skoða hópinn og koma með sínar skoðanir á því hverjum hann vilji halda, hvaða leikmenn hann vilji fá og svo framvegis. „Við erum fyrst og fremst að einbeita okkur að þjálfaramálunum en viðræður við Loga Ólafsson ganga vel og við væntum þess að klára þær viðræður fyrir helgi. Það þarf eitthvað mjög óvænt að koma upp svo við ráðum ekki Loga Ólafsson,“ sagði Baldur.

ÁRANGUR FH UNDIR STJÓRN ÓLAFS JÓHANNESONAR

Hlutfall stiga í húsi:

1. ÍBV (8 leikir)	92%
1. Grindavík (8)	92%
3. KR (10)	83%
4. Keflavík (8)	79%
5. Þróttur (4)	75%
6. Fram (8)	67%
6. Víkingur (6)	67%
6. KA (4)	67%
6. HK (2)	67%
10. Valur (8)	63%
11. IA (10)	57%
12. Fylkir (10)	47%
13. Breiðablik (4)	42%

Flest mörk í leik:

1. Grindavík	3,63
2. Þróttur	3,00
2. HK	3,00

Fæst mörk í leik:

1. Fylkir	1,40
2. IA	1,50
3. Breiðablik	1,75
3. KA	1,75
4. Valur	1,75

Fæst mörk á sig í leik:

1. KR	0,40
2. Víkingur	0,50
3. Grindavík	0,63

Flest mörk á sig í leik:

1. Breiðablik	1,75
2. Þróttur	1,50
3. Fylkir	1,40

FIMM MÖGNUM ÁR HJÁ ÓLAFI

Ár eftir ár:

2003	2. sæti (9 sigrar, 6 töp)
2004	Meistarar (10 sigrar, 1 tap)
2005	Meistarar (16 sigrar, 2 töp)
2006	Meistarar (10 sigrar, 2 töp)
2007	2. sæti (11 sigrar, 3 töp)

Samanlagður árangur í deildinni:

Leikir	90
Sigrar	56
Jafntefli	20
Töp	14
Mörk skorud	195
Mörk fengin á sig	91
Stíg	188
Hlutfall stiga	70%

9 titlar á fimm árum

3	Íslandsmeistararitlar
1	bikarmeistararitill
3	deildarmeistararitlar
2	meistari meistaranna

N1 DEILD KARLA
Fimmtudagur 11. október
Fram - Afturelding
Framhús kl. 20:00

Fimm ár er hæfilegur tími

Ólafur Jóhannesson er hættur að þjálfra karlalið FH í knattspyrnu. Ólafur náði frábærum árangri og undir hans stjórn unnust fyrstu titlar Fimleikafélagsins – þrjú Íslandsmeistararitlar og einn bikarmeistararitill. Framhaldið er óljóst hjá Ólafi. Hann útilokar þó ekkert, hvorki félaglið né landsliðið.

FÓTBOLTI Það urðu kaflaskil í knattspyrnusögu FH í gær þegar Ólafur Jóhannesson tjáði stjórn knattspyrnudeildar félagsins að hann væri hættur að þjálfra karlalið félagsins. Undir stjórn Ólafs varð FH algjört yfirburðalið í íslenskri knattspyrnu. FH varð Íslandsmeistari þrjú ár í röð og tók bikarinn í ár. Hin tvö árin sem Ólafur stýrði FH varð liðið í öðru sæti deildarinnar. Titlarnir voru þess utan þeir fyrstu hjá FH í fótboltanum.

„Þetta er búinn að vera fínur tími hjá FH. Ég hef stýrt liðinu í fimm ár og það er hæfilegur tími. Ég held það sé kominn tími til að leyfa einhverjum öðrum að prufa. Ég skil mjög sáttur við félagið og mér líður vel með ákvörðunina og að hafa þorað þessu,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær en menn spyrja sig óhjákvæmilega að því hvað hann ætli sér að gera framhaldinu.

„Ég veit ekkert hvað ég geri næst. Ég tek á því þegar á þarf að halda,“ sagði Ólafur en hann hefur meðal annars verið orðaður við KR síðustu daga. Hefði hann áhuga á að þjálfra KR? „Ég er ekkert farinn að leiða hugann að því einu sinni. Ég ætla að skoða aðeins hvað gerist hjá mér næstu daga. Það kemur vel til greina að hætta.“

Konan mín sagði mér að panta utanlandsferð 15. júní næsta sumar því þá væri hún búin að kenna.“

Ólafur vildi heldur ekki tjá sig um hvort hann hefði áhuga á landsliðsþjálfarastarfinu en samningur Eyjólfss Sverrissonar við KSÍ rennur bráðlega út. Ólafur segir það ekki eintóman dans á rósum að þjálfra í Landsbankadeildinni.

„Þetta er mjög skemmtileg vinna en einnig mjög erfið. Því lengur sem maður er hjá sama félaginu þeim mun erfiðara verður starfið. Hættan er sú að maður verði kærulaus og annað álíka,“ sagði Ólafur sem neitar því að hafa verið orðinn saddur eftir að hafa unnið allt með FH. „Það er fullt af áskorunum hjá FH og það var mjög gott að starfa þar.“

henry@frettabladid.is

SIGURVEGARI Það er erfitt að lýsa Ólafi Jóhannessyni á annan hátt en að segja að hann hafi verið sigurvegari. Tími FH undir hans stjórn var nánast ein samfelld sigurganga frá upphafi til enda.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Heimir Guðjónsson, aðstoðarmaður Ólafs Jóhannessonar, tekur við FH-liðinu af Ólafi:

Verðugt verkefni að feta í fótspor Ólafs

FÓTBOLTI FH-ingar voru ekki lengi að ganga frá þjálfaramálum sínum því um leið og Ólafur Jóhannesson tjáði þeim að hann væri hættur settust þeir að samningaborðinu með Heimi Guðjónssyni og lokuðu málinu á stuttum tíma. Heimir mun skrifa undir tveggja ára samning við FH með endurskoðunarákvæði í lok næsta sumars.

„Ég lít á þetta verkefni sem mikla áskorun fyrir mig. Ég er búinn að vera hjá FH sem leikmaður, fyrirlíði og aðstoðarþjálfari þannig að þetta er rökrétt skref í framhaldi af því,“ sagði Heimir við Fréttablaðið í gær en óttast hann ekkert að þurfa að feta í fótspor farsæls þjálfara á



HÆNAN OG EGGIÐ Heimir Guðjónsson lék undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og þjálfaði síðan með honum. Nú fær Heimir tækifæri til að láta sitt ljós skína.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

borð við Ólaf? „Ég óttast það ekkert en það er vissulega verðugt

verkefni að halda velgenginni áfram enda hefur Óli gert alveg

frábæra hluti með FH-liðið.“

Heimir er lítið farinn að skoða leikmanna- og aðstoðarþjálfaramálin en hann segist ætla að taka sér góðan tíma í að finna rétta aðstoðarmanninn. Hann var lengi orðaður við sitt gamla félag, KR, og fer ekkert í graf götur með að hafa verið í viðræðum við KR.

„KR talaði við mig. Þeir vildu fá mig til að koma að uppbyggingu yngri flokka og hugsa um akademíuna þeirra. Það var vissulega freistandi líka en þegar í ljós kom að Óli myndi hætta gat ég ekki sleppt tækifærinu á að taka við liðinu enda rökrétt framhald á mínum ferli. Mér hefur liðið mjög vel í FH og mun líða þar vel áfram,“ sagði Heimir.

-hbg

Good Luck Chuck
Sometimes love blows.



SENDU SMS **JA GLF**
Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BIÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BIÓMIDAR,
DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR
OG MARGT FLEIRA!

9. HVER
VINNUR!

SMÁRRÁÐIÐ REGNBÖGINN HÉÐIN

Frumspjald 12. október

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild kvenna í handbolta

Haukar-Stjarnan 16-18 (11-9)
Mörk Hauka (skot): Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8/5 (15/6), Nina Kristín Björnsdóttir 3 (10), Ramune Pekarskyte 2 (12), Harpa Melsted 2 (3), Erna Halldórsdóttir 1 (3), Hind Hannesdóttir 0 (2), Sandra Stojkovic 0 (1), Inga Fríða Tryggvadóttir 0 (1).
 Varin skot: Laima Miliuskaite 24 (41, 59%), Guðrún Bryndís Jónsdóttir 0 (1/1).
Hraðaupphlaupsmörk: 3 (Erna, Hanna, Nina) Fiskuð viti: 6 (Harpa 2, Erna, Hind, Sandra, Ramune).
 Brottrekstrar: 8 mínútur.
Mörk Stjörnnunnar (Skot): Raket Dögg Bragadóttir 8/6 (13/6), Ásta Björk Agnarsdóttir 3 (6), Ásdís Sigurðardóttir 3 (9), Sólveig Lára Kjærnested 2 (7), Alina Petrasche 2 (9), Birgit Engl 0 (1).
 Varin skot: Florentina Grecu 21 (34/3, 62%), Helga Vala Jónsdóttir 2/1 (5/3).
Hraðaupphlaupsmörk: 6 (Sólveig 2, Alina, Raket, Ásdís, Ásta).
 Fiskuð viti: 6 (Ásdís 2, Alina, Ásta, Birgit, Harpa Sif Eyjólfssdóttir).
 Brottrekstrar: 8 mínútur.

Dýska deildin í handbolta:

Hamburg-Gummersbach 33-29
 Röbert Gunnarsson skoraði tvö marka Gummersbach og Sverre Jakobsson var í vörninni, en Guðjón Valur Sigurðsson lék ekki vegna meiðsla.



BARÁTTA Leikur Hauka og Stjörnnunnar var leikur hinna sterku varna. Hér hefur Stjörnustúlkan Birgit Engl misstí Hind Hannesdóttur fram hjá sér en er ekki tilbúin að gefast upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

N1-deild kvenna:

Stjörnustúlkur slakar en unnu

HANDBOLTI Stjörnustúlkur unnu 16-18 seiglusigur á Haukum á Ásvöllum í N1-deild kvenna í gær. Það leit lengi vel út fyrir að heimastúlkur ætluðu að vinna Íslandsmeistarana því Haukaliðið var 11-4 yfir eftir 24 mínútur.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnnunnar tók leikhlé í stöðunni 10-4 og náði greinilega að hrista upp í sínum stúlkum. Þær skoruðu fimm síðustu mörk fyrri hálfleiks og héldu síðan Haukaliðinu í fimm mörkum síðustu 36 mínútur leiksins.

„Þetta var eiginlega mjög slakur leikur hjá okkur og við byrjuðum hrikalega. Það er auðvitað búið að vera mikið álag en það er ekki hægt að skýla sér á bak við það. Sóknin var skelfileg og vörnin vann þennan leik í dag enda sést það á lokatölunum. Það er styrkleikamerki að klára leiki sem maður er slakur í og ég er mjög ánægð með að vinna Hauka hér á Ásvöllum því það er alltaf erfitt að spila við Haukastelpurnar,“ sagði Raket Dögg Bragadóttir, fyrirliði Stjörnnunnar.

„Leikmennirnir mínir klára ekki leikinn. Við spiluðum vel í tuttugu mínútur en síðustu 40 mínúturnar eru mjög slakar. Leikmenn voru óöryggir, við skorum aðeins fimm mörk í seinni hálfleik og stelpurnar fóru ekki eftir því sem lagt var upp með,“ sagði Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka sem var heldur ekki ánægð með framlag Ramune Pekarskyte sem skoraði 2 mörk úr 10 skotum og tapaði að auki 8 boltum.

„Ég held að þetta sé lélegasti leikur hennar á Íslandi. Það er alveg á hreinu að ég þarf að fá hana í gang,“ sagði Díana.

Sóknarleikur beggja liða var ekki upp á marga fiska og í raun aðeins hægt að hrósa markvörðunum og varnarleiknum. Laima Miliuskaite varði mjög vel í marki Hauka og hjá Stjörnnunni var Florentina Grecu líka góð í marinu. Ásdís Sigurðardóttir og Birgit Engl voru einnig öflugar í vörninni. Þær eiga mikið í slökum leik Ramune.

Karlandslíð Íslands í fótbolta æfir nú af krafti fyrir síðasta heimaleik liðsins í undankeppni EM gegn Lettum:

Eigum harma að hefna gegn Lettum

FÓTBOLTI Íslenska karlandslíðið í fótbolta er komið saman til æfinga fyrir landsleikinn gegn Lettum á Laugardalsvelli á laugardag, en boðað var til opinnar æfingar á Leiknisvelli í Breiðholti í gær. Strákarnir létu rigninguna ekkert á sig fá og léttleikinn var í fyrir-rúmi hjá hópnum.

Íslendingar eiga harma að hefna gegn Lettlandi, en Lettar unnu fyrri leik liðanna í Riga 4-0 og Eyjólfur Sverrisson, þjálfari landsliðsins, er því var um sig.



VARKÁR Eyjólfur Sverrisson veit hvaða ögn stafar af Lettum en segir Íslendinga vera klára í slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Fyrri leikurinn var mjög opinn og við ætlum að passa okkur að detta ekki aftur í það far, heldur þurfum við að verjast vel eins og við höfum gert í síðustu leikjum. Þeir hafa ekki fengið á sig mörg mörk í keppninni og byggja sinn leik mikið upp á skyndisóknum og því verðum við að passa okkur,“ sagði Eyjólfur sem segist ekki finna fyrir neinni sérstakri pressu fyrir leikinn.

„Við viljum fara inn í alla leiki til að vinna þá og það er ekkert öðruvísi með þennan leik. Við þurfum fyrst og fremst að sjá til þess að menn komi rétt stemmdir í leikinn og tilbúnir í verkefnið. Við ætlum okkur sigur í síðasta heimaleiknum í keppninni og halda áfram að reyna að koma inn stöðugleika hjá liðinu,“ sagði Eyjólfur bjartsýnn.

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði landsliðsins, er búinn að jafna sig eftir meiðsli og er því spenntur fyrir leikinn gegn Lettum.

„Ég er ánægður með að vera kominn aftur af stað og aukaæfingar hafa verið að hjálpa mér mikið og vonandi fæ ég tækifæri gegn Lettum til að byggja enn frekar upp leikformið hjá mér. Við



FREMSTUR Í FLOKKI Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði er klár í leikinn gegn Lettum og fer hér fyrir hópnum á æfingu á Leiknisvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

erum náttúrulega staðráðnir í því að halda áfram því sem við erum búnir að vera að gera upp á síðkastið,“ sagði Eiður Smári sem veit þó af hættunni sem stafar af leiknum gegn Lettum.

„Það er óhætt að segja að við eigum harma að hefna gegn Lettum, en svona leikir eru yfirleitt

þær stundir sem við höfum valdið hve mestum vonbrigðum fram að þessu. Það er að segja þegar fólk býst við sigri af okkur, þá höfum við stundum dottið niður og það er bara eitthvað sem við verðum að lifa með og draga lærdóm af sem lið,“ sagði Eiður Smári.



RENAULT



ATVINNUBÍLAR
 FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining

Ný sending komin!

Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu. Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.

Nú hefur aldrei verið hagkvæmara að fá sér eintak af vinsælasta atvinnubíl Íslands sl. ára.



Kr. 21.194 ^{án VSK.}

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.670.000

Verð frá kr. 1.341.365 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 26.386

Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Kangoo Express - 6 dyra - 75 hestöfl - beinskiptur.

Kr. 1.341.365 kr. án VSK.

Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.



EFTIRSÓTTUR Ragnar Sigurðsson er undir smásjá Roma ef marka má sænska fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnar Sigurðsson, Gautab.:

Er orðaður við stórlíð Roma

FÓTBOLTI Ragnar Sigurðsson, miðvörður íslenska landsliðsins og Gautaborgar, hefur vakið mikla athygli fyrir góðan leik í ár og samkvæmt sænskum fjölmiðlum er stórlíð Roma á eftir honum. „Ég reyni nú að hugsa ekki mikið um það á meðan félagsskiptaglugginn er lokaður og það yrði enginn heimsendir ef ég yrði áfram hjá Gautaborg. En auðvitað eru svona fréttir mikið hrós og jafnframt spark í rassinn til þess að leggja sig meira fram,“ sagði Ragnar ákveðinn. - óþ

Júlíus Jónasson valdi tvo nýliða í A-landslið kvenna í handbolta fyrir æfingamót í Hollandi í næstu viku:

Framstúlkur fjölmennastar í landsliðinu

HANDBOLTI Júlíus Jónasson, þjálfari A-landsliðs kvenna, hefur valið 16 manna hóp fyrir æfingamót sem fram fer í Hollandi dagana 17.-21. október. Í hópnum eru tveir nýliðar; Framararnir Sara Sigurðardóttir og Þórey Rósa Stefánsdóttir, en eins eru í liðinu fleiri ungir leikmenn sem eiga ekki marga leiki að baki. Fram á líka flesta leikmenn í liðinu en liðið er einmitt óvænt á toppnum í N1-deildinni.

„Framstelpurnar hafa verið að

A-LANDSLIÐSHÓPURINN:

Markmenn:

Berglind Íris Hansdóttir	Valur
Íris Björk Símonardóttir	Gróttá

Aðrir leikmenn:

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir	Gróttá
Anna Sif Pálsdóttir	HK
Auður Jónsdóttir	HK
Ásta Birna Gunnarsdóttir	Fram
Dagný Skúladóttir	Valur
Eva Margrét Kristinsdóttir	Gróttá
Hanna Guðrún Stefánsdóttir	Haukar
Hildigunnur Einarsdóttir	Valur
Ragnhildur Guðmundsdóttir	FH
Rakel Dögg Bragadóttir	Stjarnan
Rut Jónsdóttir	HK
Sara Sigurðardóttir	Fram
Sigurbjörg Jóhannsdóttir	Fram
Þórey Rósa Stefánsdóttir	Fram



EINA STJÖRNUSTÚLKAN Rakel Dögg Bragadóttir er eini leikmaður Íslandsmeistara Stjörnunnar í landsliðshópnum að þessu sinni.

standa sig vel og stóðu sig líka vel í fyrri þar sem það var mikill stígandi hjá þeim. Þær eru að uppskera fyrir það. Ég hef verið að taka jafnt og þétt yngri leikmenn inn í hópinn og mun halda mig við það að taka þær inn við hlið eldri stuðbolta,“ segir Júlíus en mótið í Hollandi er fyrsta verkefni landsliðsins síðan í vor.

„Þetta er árlegt mót og við

höfum verið með í nokkur ár. Þetta er æfingamót fyrir undankeppni EM í Litháen í næsta mánuði. Þetta er mjög flott mót, vel skipulagt og það mætir mikið af áhorfendum. Það er vel staðið að öllu,“ segir Júlíus en íslenska liðið er í riðli með Hollandi, Japan og Spáni á mótinu í Hollandi.

„Þýskaland er sterkast í hinum riðlinum og Holland er sterkast í

okkar riðli,“ segir Júlíus en íslenska landsliðið spilaði tvo æfingaleiki við bæði þessi lönd í vor. „Það verða allir leikir erfiðir fyrir okkur. Ég er með nokkuð breytt lið miðað við oft áður. Það eru forföll, bæði vegna óléttu og annarra ástæðna,“ segir Júlíus. Hrafnhildur og Drífa Skúladætur eru báðar í barnsburðarfrí alveg eins og Ágústa Edda Björnsdóttir. Guðbjörg Guðmannsdóttir fær frí vegna persónulegra ástæðna og Stjörnstúlkurnar Elísabet Gunnarsdóttir (meidd) og Sólveig Lára Kjærnestad (nám) eru heldur ekki með.

„Við vorum með æfingar í vor þar sem við fórum til Hollands og spiluðum leiki við Þýskaland. Síðan þá hafa stelpurnar bara verið með sínum félagsliðum. Þegar maður valdi þennan hóp þá tók maður bæði inn í þennan árangur sem leikmenn hafa verið að ná í haust en einnig hvernig þær stóðu sig í vor því það eru svo fáir leikir búnir,“ segir Júlíus, sem ætlar að nýta mótið vel til þess að slípa liðið fyrir undankeppnina þar sem Ísland er í riðli með Hvíta-Rússlandi, Litháen, Bosníu, Grikklandi og Ísrael.

- óþ

VOLVO S40. BARA FYRIR VISTHÆFT FÓLK.

Nýr Volvo S40

Komdu í Brimborg í dag



Hönnun Volvo S40 er dæmi um fallega stærðfræði. Fegurðin kristallar þau lífsgæði sem hönnuðir Volvo hafa að leiðarljósi. Þrjú kjörorð endurspegla þá velferð sem Volvo stefnir að: Gæði. Öryggi. Umhverfi. Stuðlaðu að eigin velferð. Veldu vishæfan bil fyrir þig og þína. Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

Vishæfustu Volvo S40*:

Volvo S40, dísil 109 hö, 1,6 lítra, CO2 129 g/km, eyðsla 4,9 l/100km, verð frá 2.925.000 kr.

Volvo S40 FlexiFuel (lífetanol E85 eða bensín), 125 hö, 1,8 lítra, CO2 (E85) 80% minni losun koltvísirings, eyðsla (E85) 10,4 l/100 km, verð enn óákveðið.

Volvo S40, bensín 100 hö, 1,6 lítra, CO2 171 g/km, eyðsla 7,2 l/100km, verð frá 2.695.000 kr.

Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

vishæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



KOMINN MEÐ KANA Nemanja Sovic er búinn að fá nýjan leikstjórnenda hjá Fjölni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express deild karla: Fjölnisliðið með nýjan Kana

KÖRFUBOLTI Fjölnismenn hafa fundið nýjan Bandaríkjamann í staðinn fyrir David Fanning, sem yfirgaf liðið eftir stutta veru hér á landi.

Nýi maðurinn heitir Karlton Mims og er 27 ára og 189 sm bakvörður sem er að upplagi leikstjórnandi en getur einnig spilað skotbakvörð. Á síðasta tímabili skoraði hann 12,1 stig og gaf 2,8 stoðsendingar að meðaltali með Porvoon Tarmo í finnsku úrvalsdeildinni.

Tarmo-liðið endaði í 7. sæti og datt út fyrir verðandi meisturum í Honka í úrslitakeppninni en þar skoraði Mims þó aðeins 5,7 stig að meðaltali og klikkaði á 20 af 26 skotum sínum. - óó

Nýtt Njarðvíkurlið mætir Snæfelli

Fyrsta umferð Iceland Express-deildar karla fer fram í kvöld með fjórum leikjum og hefur KR titilvörnina gegn Fjölni á heimavelli en Njarðvík og Snæfell mætast í stórleik umferðarinnar í Njarðvík.

KÖRFUBOLTI Fyrsta umferð Iceland Express-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld kl. 19.15 með fjórum leikjum.

Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkinga, getur ekki beðið eftir því að mótið hefjist. „Loksins, segi ég bara, sama þótt ég væri svo sem alveg til í að fá aðrar tvær vikur með liðið fyrir mót. Það var mikil óvissa hjá okkur og við komum frekar seint saman en þetta er allt á réttri leið,“ sagði Teitur sem er sérstaklega glaður að fá Friðrik E. Stefánsson aftur til leiks eftir veikindi.

„Friðrik verður að finna sig sjálfur í þessu, en hann æfði með okkur á þriðjudag og þá fundum við fyrir því hvað liðið saknaði hans mikið. Hann er ekki bara frábær leikmaður, heldur gerir hann líka alla í kringum sig betri. Það eru reyndar miklar breytingar á



VERK FYRIR HÖNDUM Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, á verk fyrir höndum að byggja upp nýtt lið hjá Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

liðinu og við höfum misst átta leikmenn frá síðasta tímabili, en höfum fengið Ágúst Dearborn, Sverri Þór Sværriðsson, Hörð Axel Vilhjálmsson og Charleston Long í staðinn og við gerum bara gott úr

þessu,“ sagði Teitur sem býst við hörkuleik á móti Snæfelli.

„Við töpuðum fyrir þeim í Powerade-bikarnum um daginn og það verður bara að segjast eins og er að mér fannst þeir vera langt á

undan okkur og mun samæfðari. Þeir eru með mjög gott lið og eru eitt af þeim liðum sem geta farið alla leið en deildin er almennt orðin mjög sterk og það verður mikið af járn-í-járn leikjum í vetur,“ sagði Teitur en Njarðvík var á dögnum spáð fjórða sæti af þjálfurum, fyrirliðum og forráðamönnum liða deildarinnar.

Geof Kotila, þjálfari Snæfells, talaði á svipuðum nótum og Teitur. „Ég held að hvert lið verði að mæta ákveðið til leiks í hvern leik, annars tapar það klárlega, vegna þess að það eru núna 7-8 lið sem eiga möguleika á að ná langt,“ sagði Kotila sem fannst þó spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna liða í deildinni, þar sem Snæfellingar voru settir í annað sæti, heldur djörf.

„Það er allt of hátt. Powerade-titillinn sem við unnum á dögnum gegn KR hefur ekkert að segja um deildina í vetur, þar sem liðin eru ekkert komin í gang á þessum tímamarki, en auðvitað ætlum við að gera okkar besta,“ sagði Geof Kotila að lokum. omar@frettabladid.is

LEIKIR KVÖLDSINS

Njarðvík-Snæfell	kl. 19.15
KR-Fjölnir	kl. 19.15
Hamar-Tindastóll	kl. 19.15
Þór Ak.-ÍR	kl. 19.15



Volvo. For life.



Öruggur staður til að vera á

> Calista Flockhart

Leikkonan Calista Kay Flockhart er nefnd eftir móður sinni, sem heitir Kay Calista. Calistunafnið er reyndar komið úr grísku, og dregið af orðinu kallista, sem þýðir hin fegursta. Hún hefur leikið í fjölda þátta, sjónvarpsmynda og mynda, en vakti mesta athygli í titilhutverki þáttaraðarinnar Ally McBeal. Þessa dagana leikur hún Kitty Walker í þáttaraðinni Brothers&Sisters, sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



dagskró



VIÐ TÆKIÐ SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR SAKNAR FÓLKSINS Í ALASKA

Samsæri sjónvarpsstjóra á heimsvísu

Ég gerðist áskrifandi að öllum stöðvunum á Digital Ísland um daginn og sá fram á bjarta tíð með blóm í haga hvað sjónvarpsglápur varðar. Reyndar óttaðist ég einna helst að þurfa að kljást við krónískan valkvíða á hverju einasta kvöldi en sú hefur ekki orðið raunin. Stöðvar á borð við Animal Planet, Discovery, MTV og National Geographic voru kærkomin viðbót í þá fátæklegu flóru sem ég bjó við áður. Svo er alltaf gott að geta valið um margar fréttastöðvar og það er eitthvað heimilislegt við að geta hlustað á dönsku á DR1 þegar manni sýnist. En hið ótrúlega hefur gerst! Ég hitti reglulega á tíma þar sem mér finnst „ekkert“ vera í sjónvarpinu þrátt fyrir að stöðvarnar skipti nú tugum. Það virðist vera þegjandi samkomulag dagskrárstjóra um allan heim að sýna ekki almennilegt sjónvarpsefni á vissum tímum dags. Maður hefði haldið að tímamismun-



ur milli landa kæmi í veg fyrir þetta þótt ekki væri annað. Annars sakna ég þáttaraðarinnar Men in Trees á Stöð 2. Hún fjallar um nýfráskilinn sambandsráðgjafa frá New York sem sest að í smábænum Elmo í Alaska, nánast fyrir tilviljun. Mér fannst lokaþátturinn ekki upp á marga fiska og hefði viljað sjá söguhetjurnar, Jack og Marin, enda saman. Það ætti að vera bannað að láta þáttaraðir enda „illa“. Fyrirverandi/núverandi konan hans má missa sín – þótt hún sé ólétt eftir annan mann og eigi bágt. Svona er maður ljótur í sér. Svo er ég ákveðin í að horfa á heimildarmyndina Lystin að lifa eftir Berghildi Erlu Bernharðsdóttur og Ástu Sól Kristjánsdóttur sem sýnd verður í Sjónvarpinu á sunnudagskvöld. Myndin fjallar um unga, íslenska stúlku sem er langt leidd af átröskun og hefur barist við sjúkdóminn árum saman. Mynd sem á erindi við alla.

EKKI MISSA AF



► **20.30 30 Rock** SKJÁREINN



► **20.50 Talk Show With Spike Feresten** SIRKUS



► **22.15 Life on Mars** STÖÐ 2



► **21.25 Skemmtipáttur Catherine Tate** SJÓNVARPIÐ



► **22.05 The Woodsman** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 15.50 Kiljan e.
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknafréttir
17.30 Danni (4:4)
18.00 Stundin okkar
18.25 Aukaleikarar (4:6) e.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Bræður og systur (10:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart.
20.55 07/08 bíó leikhús Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynd- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sveinsson og Elsa María Jakobsdóttir.
► 21.25 Skemmtipáttur Catherine Tate (4:6) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
22.00 Tíufréttir
22.25 Arkangelsk(2:2) (Archangel) Bresk spennamynd í tveimur hlutum um prófessor sem fer til Rússlands að rannsaka hvernig lát Stalíns bar að á sínum tíma. Með aðalhlutverk fer Daniel Craig, best þekktur sem James Bond og meðal annarra leikenda eru Avtandil Makharadze, Yekaterina Rednikova og Gabriel Macht.
23.25 Aðþrengdar eiginkonur (61:70) e.
00.10 Kastljós
00.45 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 Speed 2: Cruise Control
08:05 Mrs. Doubtfire
10:10 Fever Pitch
12:00 Triumph of Love
14:00 Mrs. Doubtfire
16:05 Fever Pitch
18:00 Triumph of Love
20:00 Speed 2: Cruise Control
► 22:05 The Woodsman Verðlaunavikmynd þar sem varpað er einstaklega raunsönnu ljósi á hugarheim barnaniðingsins. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kyra Sedgwick.
00:00 The Big Hit
02:00 Air Panic
04:00 The Woodsman



- 08.10 Beauty and the Geek (1:9)
08.55 Í finu formi
09:10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (39:120)
10.15 Wife Swap (2:12) (e)
11.00 Blue Collar
11.25 Matur og lífsstíll
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin feður (83:114)
13.55 Forboðin feður (84:114)
14.40 Osbournes 3 (1:10)
15.05 Saved (2:13)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.30 The Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.20 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (8:22)
19.50 Friends (5:17) (The One Where Rachel's Sister Bab)
20.15 Two and a Half Men (8:24)
20.40 Til Death (8:22)
21.05 It's Always Sunny in Philadelphia NYTT (5:7) Skemmtileg gamanþáttaröð um fjóra félagar sem reka saman bar en eru af sjálfumgláðir til að geta unnið saman án þess að það verði áreksstrar á milli þeirra.
21.30 Bones (21:21) Bönnuð börnun.
► 22.15 Life on Mars Önnur þáttaröð breskra þátta sem segja frá lögreglumanninum Sam Tyler sem lendir í alvarlegu slysi og þegar hann vaknar er hann staddur á árinu 1973. Hvað er hér að baki? 2006.
23.10 Tekinn 2 (4:14) Bryndís Ásmundsdóttir leikkona og X-Factor stjarnan Jógvan lenda illa í þjónustufólki og hópi langveikra barna. 2007.
23.35 Næturvaktin (4:12)
00.00 The Tudors (7:10)
00.45 Damages NYTT (1:13)
01.30 The 4400 (13:13)
02.15 Cold Case (6:23)
03.00 Bogus Witch Project
04.25 Bones (21:21)
05.10 The Simpsons (8:22)
05.35 Fréttir og Ísland í dag
06:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SYN besta sætið

- 07.00 Þýski handboltinn (Hamburg - Gummersbach)
18.05 Þýski handboltinn (Hamburg - Gummersbach)
19.30 Það helsta í PGA-mótaröðinni Inside the PGA Tour er fráþættur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni.
20.00 Sumarmótin 2007 (Kaupþingsmótöð)
20.35 David Beckham - Soccer USA (12:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum.
21.05 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþríf síðustu helgar eru sýnd.
21.35 Landsbankadeildin 2007
22.35 PGA Tour 2007 - Highlights (Valero Texas Open)
23.30 World Series of Poker 2007 Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilurarar heimsins að spilaþorðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

SYN2

- 17.20 Arsenal - Sunderland
19.00 English Premier League 2007/08
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches
21.30 Goals of the season Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar í Úrvalsdeildinni frá upphafi til dagsins í dag.
22.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bytling í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparspekjum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

SKJÁREINN

- 07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Less Than Perfect (e)
19.30 Game tívi (2:12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jónsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Family Guy (9:11) Teiknimyndþættirnir um Griffin-fjölskylduna eru geðveikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri réttshugsun og æðislegir. Peter og Louis eiga 3 börn það yngsta er sadisti með snilligáfu sem einbeitir sér að því að koma móður sinni fyrir kattarnef og eyða heiminum.
► 20.30 30 Rock (4:21) Bandarísk gaman-sería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Liz reynir að halda hinum sjálfumgláða Jack fjarri herbergi handritshöfundanna.
21.00 House (6:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstírða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House glímir við stærra vandamál en nokkru sinni fyrr.
22.00 The Black Donnellys (11:13) Ný, bandarísk dramasería um fjóra írskættaða bræður sem búa í harðasta hverfinu í New York, hinu svokallaða Hells Kitchen. Tommy reynir að komast að því hver er að kaupa upp lóðir í hverfinu og kemst að því hver myrti þabba hans.
22.50 Venni Páer (e)
23.15 America's Next Top Model (e)
00.15 Backpackers (e)
00.45 Heartland (e)
01.35 C.S.I. William L. Petersen sá besti af þeim bestu er hér í hlutverki réttarrannsóknarmannsins Gils Grísson.
02.25 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKÍFULISTINN

Í DAG KL. 17:30



Vinsælustu myndböndin í dag

SIRKUS

Fyrir áskrifendur Stöðvar 2

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.05

It's Always Sunny in Philadelphia

Gamanþáttaröðin It's Always Sunny in Philadelphia fjallar um fjóra félagi sem reka saman bar, en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til áreksra komi á milli þeirra. Í þættinum í kvöld ákveða Dennis og Mac að festa kaup á byssu, eftir að innbrotspjófur láta greipar sópa á barnum. Dee og Charlie hafa önnur vandamál að kljást við, svo sem leigusala og kærasta sem hafa allt of mikinn áhuga á skotvopnum.



VIÐ MÆLUM MEÐ ARKANGELSK Sjónvarpið kl. 22.25

Bresk spennumynd í tveimur hlutum um prófessor sem fer til Rússlands að rannsaka hvernig lát Stalíns bar að á sínum tíma. Með aðalhlutverk fer Daniel Craig, best þekktur sem James Bond, en meðal annarra leikenda eru Antandil Makharadze, Yekaterina Rednikova og Gabriel Macht.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Morgunvaktin
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Litla flugan
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.03 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.03 Útvarpsagan: Stúlkan í skóginum
- 15.30 Dr. RÚV

- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.24 Auglýsingar
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Ætti ég hörpu
- 19.27 Með á nótonum
- 22.15 Útvarpsleikhúsið: Þrjú verk úr leikritaflokknum, Smásögur
- 23.10 Krossgötur
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 17.30 Skífulistinn
- 18.20 Fréttir
- 19.10 Hollyoaks (33.260)
- 19.30 Hollyoaks (34.260)
- 20.00 Bestu Strákarnir (25.50) Sirkus endursýnir allt það besta með Sveppa, Auða, Péttri Jóhanni og hinum sprenglæginlegu strákunum.
- 20.25 Arrested Development 3 Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hópi. 2005.
- 20.50 Talk Show With Spike Feresten (7.22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
- 21.15 Skins (7.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglunga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átroskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglungum í dag. 2006.
- 22.00 Big Love (7.12) Þá er komið að annari seríu þessara frábæru þátta um Bill Henricksen og eiginkonu hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonu, þrjú heimili og 7 börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem krefst mikillar vinnu. Það er von að maðurinn sé þreyttur en hann er þó ekki á því að gefast upp.
- 22.55 Ghost Whisperer (33.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda er nýgift og rekur antikbúð í smábænum sem hún býr í með eiginni manni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.
- 23.40 Windfall (4.13) (e)
- 00.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

- 12.00 Antiques Roadshow 13.00 Jonathan Creek
- 14.00 Houses Behaving Badly 14.30 Homes Under the Hammer 15.30 Garden Challenge
- 16.00 As Time Goes By 16.30 The Good Life
- 17.00 Staying Put 17.30 Staying Put 18.00 Silent Witness 19.00 The Inspector Lynley Mysteries
- 20.00 The Office 20.30 Absolute Power 21.00 Silent Witness 22.00 2 POINT 4 CHILDREN 22.30 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 As Time Goes By 00.00 The Good Life 0.30 EastEnders 1.00 Silent Witness 2.00 Antiques Roadshow

DR 1

- 11.30 Blandt dyr og mennesker i Norden 11.55 Hvad er det værd 12.20 Lær - på livet løs 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Liga 14.00 Boogie Update 14.30 Sæsonens første mosegris 14.35 Frkvarter 15.00 Bonbon 15.30 Fandango med Sine 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Rabatten 18.00 Kender du typen 18.30 Nationen 19.00 TV Avisen 19.25 Task Force 19.50 SportNyt 20.00 Hulk 22.10 Natasja - en stjerne slukkes

NRK1

- 10.00 NRK nyheter 10.15 Migrapolis 11.05 Spektet 12.00 Jan i naturen 12.15 Vinbaronen 13.00 Fabrikken 13.25 Guttegame jenter 13.50 Grusomme grøss 14.00 Erstatterne 14.25 Kid Paddle 14.35 Ninjaskolen 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Jan i naturen 15.40 Mánáid-TV - Samisk bame-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Bosse 16.10 Uhu 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Schrødingers katt 17.55 Tilbake til 90-tallet 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Ukjent fiende 20.25 Halvseint 20.50 Litt av en luring 21.00 Kveldsnytt 21.15 Urix 21.45 Brød og tulipaner 23.35 Kulturnytt

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 På jakt efter lyckan 10.35 Ákta man uthvres 13.30 Mitt i naturen 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Karamelli 15.30 Pj 15.45 Sagotráðir 16.00 BoliBompa 16.25 Pingi 16.30 Expedition vildmark 17.00 Bobster 17.15 Bobster 17.30 Rapport 18.00 Niklas mat 18.30 Packat & klart 19.00 Ömen 19.55 Anslagstavlan 20.00 Argument 21.00 Rapport 21.10 Kulturmetyhetna 21.20 Uppdrag Granskning

FYRSTA HJÁLP - við kvefi!

+ OTRIVIN NEFÚÐI
Fyrir börn og fullorðna.

+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR
4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.

+ VECTAVIR FRUNSUÐKREM
Verkar á öllum stigum frunsunnar.

+ VOLTAREN DOLO
Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.

Lágmulí - Smáratog - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatog - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhófn - Þórshófn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is



Vectavir krem er áhrifríkt lyf til meðferðar á frunsa af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasláttar til blóðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berid Vectavir á frunsvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berid á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofeysni, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skófum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famclíclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsa hraðar, verkir minnka og smittitíttist. Vectavir kemið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðver. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólín ættu ekki að nota Otrivin.

Strepsils töflur eru látnar renna í munn og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sóthreinsandi áhrif í munn og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munn á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtíms. Ofnæmi eða ofnæmslík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsögstóflur, sem eru í hentugum þynnupökkningum. Hverri pökkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (díklófenakalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverki, tannþínu og töðþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkenum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við læki áður en lyfið er notað. Þeir sem þolir ekki acetylsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við læki, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leiðið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðil. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Kirkjubúndi 17, 210 Garðabæ.

MORGUNMATURINN



„Fyrst drekk ég staðið vatn með sítrónusafa og tek með því nokkrar vítamínöflur og eina matskeið af hörfræoliú. Síðan borða ég korngraut með rúsinum, rjóma og kanil. Með þessu drekk ég yfirleitt myntute eða rauðrunnate. Ad öllu þessu loknu fæ ég mér kaffi.“

Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. pest 6. pot 8. langar 9. fálml 11. hef leyfi 12. rými 14. flækja 16. sjó 17. hópur 18. mælingin 20. fyrir hönd 21. ættgöf.

LÓDRÉTT

1. stökk 3. tveir eins 4. skipafélag 5. hamfletta 7. raddfæri 10. blekking 13. sunna 15. innýfla 16. sæti 19. tveir eins.

LAUSN

1. hopp, 3. vv, 4. einiskip, 5. flá, 7. tálflæ, 10. tál, 13. sól, 15. líð, 18. erg, 20. pr, 21. tígn.

LÁRÉTT: 2. kvæf, 6. ót, 8. vil, 9. pat, 11. má, 12. plás, 14. flóki, 16. sæk, 17. líð, 18. erg, 20. pr, 21. tígn.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

- 26.
- Hún kyssti málverkið.
- Keflavík.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Meistari ljósvakans blæs til sóknar

„Við erum komin til að vera, það er ekki spurning,“ segir fjölmiðlamaðurinn Ingvi Hrafn Jónsson en á morgun hefur sjónvarpsstöð hans, ÍNN, útsendingar að nýju eftir sumarleyfi. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hóf Ingvi Hrafn tilraunaútsendingar á stöðinni í vor en þá byggðist dagskráin í kringum hans eigin þátt, hið sívinsæla Hrafnþing. Að þessu sinni verður dagskráin bæði fjölbreyttari og öflugari, þó að Hrafnþing verði sem fyrr flaggskip stöðvarinnar.

„Ég verð með Hrafnþing þrisvar í viku, hálf tíma þátt tvisvar sinnum og svo klukkutíma á föstudögum. Annars verða þarna með mér Katrín Jakobsdóttir og Illugi Gunnarsson sem stjórna saman þætti, Kiddi sleggja verður með þátt og svo verða þau Magga Frímans og Mörd-

ur Árnason hvort með sinn þáttinn,“ segir Ingvi Hrafn kokhraustur. En þar með er dagskráin ekki upp talin því Marianna Friðjónsdóttir, sem jafnframt er sjónvarpsstjóri ÍNN, og Ólína Þorvarðardóttir skiptast á um að stjórna vikulegum þætti þar sem fjórar konur verða í aðalhlutverki hverju sinni. Ásdís Olsen mun stjórna neytendabættinum Vertu ekki að plata mig og Guðjón Bergmann verður með eigin þátt.

„Svo má ekki gleyma þættinum hans Randvers Þorlákssonar,“ segir Ingvi sem útilokar ekki að Randver gleðji aðdáendur sína með því að koma fram í kvenmannsgervi á stöðinni. „Hann hefur alveg frjálssar hendur, það gæti meira en verið að Randólína láti sjá sig.“

Sjónvarpsstöðin ÍNN mun senda út frá

klukkan 20 til 22 á virkum dögum. Stöðin verður áfram aðgengileg á Vísi.is en sú breyting er nú orðin á að hægt er að nálgast hana á rás 20 á Digital Ísland. „Við eigum að nást á 90 þúsund heimilum, alveg frá Vestmannaeyjum og austur að Egilsstöðum.“

- hdm

FÆRIR ÚT

KVIARNAR
Ingvi Hrafn Jónsson verður með öflugra dagskrá á sjónvarpsstöð sinni, ÍNN, í vetur.



SÓLVEIG KÁRADÓTTIR: MÆTTI MEÐ BÍTLASONINN DHANI TIL YOKO ONO

Egill Helgason kynnir nýjan tengdason þjóðarinnar

„Ég vil ekkert tjá mig um þetta og ætli ég haldi mig ekki bara við aðstoðarmanna-söguna,“ segir fyrrsætjan og sálfræðinemin Sólveig Káradóttir. Sólveig, sem er dóttir Kára Stefánssonar, forstjóra deCODE, hefur þrífaldlega verið orðuð við Dhani Harrison, son Bítillsins George Harrison og Oliviu Harrison. Þær sögusagnir fengu byr undir báða vængi þegar þau mættu saman í móttöku borgarstjóra Reykjavíkur í Hafnarhúsinu eftir að hafa fylgst með ekkju Johns Lennon, Yoko Ono, kveikja á Friðarsúlunni úti í Viðey. Vísir greindi frá vinfengi þeirra Sólveigar og Dhans í september en þá vildi Sólveig ekkert kannast við að örvar Amors hefðu hæft þau í hjartastað heldur að hann væri „aðstoðarmaður hennar“, eins og hún komst að orði þá.

Sólveig sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að þau Dhani hefðu ekki staldrað lengi við meðal þotulíðsins í Hafnarhúsinu. Enda kunnir hún ekkert sérstaklega vel við sig í slíkum hópi. Dhani fékk síðan far með Ringo Starr á einkaþotunni og flaug til London en Sólveig er á leið til New York þar sem hún hyggst klára

BA-ritgerð sína í sálfræði.

En samband þeirra Sólveigar og Dhans er farið að vekja athygli og Egill Helga-



FÉKK FAR MEÐ RINGO Dhani fékk far með einkaþotu Ringo Starr til London ásamt móður sinni, Oliviu Harrison.

NORDICPHOTOS/GETTY

son sá sig knúinn til að greina frá því á bloggi sínu að hann hefði jafnvel séð vísi að sköpun næsta tengdasonar þjóðarinnar í hlaðborði borgarstjórnans. „Dhani var í fylgd [...] með ljóshærðri íslenski stúlku. Ég sá ekki betur en að hann væri að kyssa hana. Nýr tengdasonur fyrir þjóðina?“ spyr Egill á bloggi sínu og bætir því við að Dhani hafi verið sá eini úr Bítlafamilíunni sem hann hafi komist í tæri við og hann hafi lýst yfir ánægju sinni með útgáfu Dhans og Jakobs Dylan, sonar Bobs Dylan, á laginu Gimme Some Truth. Sólveig er dóttir Kára Stefánssonar, forstjóra deCODE, og hefur getið sér gott orð fyrir fyrirsætustörf. Dhani er hins vegar meðlimur í electro-blues hljómsveitinni then-ewno2.

freygigja@frettabladid.is

NÝR PEREZ HILTON? Egill Helgason brá sér í líki bloggarans Perez Hilton um stundarsakir og spáði fyrir um nýjan tengdason þjóðarinnar.



KLÁRAR SÁLFRÆÐINA Sólveig Káradóttir segir Dhani vera góðan vin en vill ekkert tjá sig frekar um samband þeirra.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Varla fór það framhjá nokkrum manni að hin smávaxna **Yoko Ono** tendraði á Friðarsúlu sinni í Viðey á þriðjudagskvöldið að viðstöddum öllum helstu fyrirmennum þjóðarinnar. Að því loknu var boðið til mikillar veislu í Hafnarhúsinu en athygli vakti að umboðsmaðurinn knái, **Einar Bárðarson**, var víðsfjarri. Einar og fyrirtækið hans, Concert, vann með Yoko við undirbúning hinnar margmargræddu súlu í fyrria en umboðsmaður Íslands var vant við láttin í London. Einar er hins vegar þekktur fyrir skopskyn sitt og lét hafa eftir sér að hann hefði nú frestað öllum plönnum ef Paul McCartney hefði látið sjá sig.



Og það var meira sem vakti óskipta athygli á gestalistanum, en dv.is birti hann á vefsíðu sinni. Þar mátti meðal annars sjá nöfn **Björgólfs-Feðganna** og **Ólafs Ólafssonar**, sem oftast er kenndur við Samskíp. Hins vegar var hvergi að finna nöfn annarra athafnaféðga, nefnilega þeirra **Jóns Ásgeirs** og **Jóhannesar í Bónus**, þótt eflaust séu á því eðlilegar skýringar. Hins vegar hefur verið haft á orði að loksins hafi það verið skjalfest hverjir tilheyra hinu eiginlega þotulíði Íslands. Og því verði framvegis gripið til þessa lista þegar blásið verði til stórvíðburða í höfuðborginni.



Og Lee Hazlewood-tónleikarnir þóttust takast með eindæmum vel en þar kom fram mikill fjöldi tónlistarmanna til að heiðra þennan mikla snilling. Mikil leynd hvíldi yfir leynigestinum og kvísaðist fljótlega út að sjálfur Nick Cave væri stiginn á svið. Áhorfendur áttu vist erfitt með að sjá sviðið og varð fiskisagan fljótlega að helberum sannleika. Við nánari eftirgrensln kom hins vegar í ljós að leynigesturinn var ekki ástralski þunglyndispopparinn heldur hinn íslenski bláskjár, Geir Ólafsson.



HÁRMÓDEL

Proact heildverslun óskar eftir hármódelum fyrir sýningu sem haldin verður fyrir hársnyrtifólk Þriðjudaginn 16. október

Við erum að leita að fólki sem er til í flotta klippingu og lit hjá framúrskarandi hársnyrtifólki.

Skráning í síma 587 1888 og 897 3575

LOREAL PROFESSIONNEL

Raggi á kanadískum kagga

„Ég er með delu fyrir svona amerískum ævintýradrekum,“ segir söngvarinn Raggi Bjarna en hann er kominn á glæsilegan, vínrauðan Mercury Gran Marquis árgærd 2006. Mercury-merkið er reyndar flutt til Kanada en engum dylst um amerískan uppruna hans, enda rúmgóður og leðurklæddur í bak og fyrir að hætti bandarískra glæsivagna. Og Ragnar víðurkennir að hann sé kannski ekki sá eyðslugrennsti á markaðinum. „Ég átti einn svona frá árinu 1998 og keyrði hann út um allt. Er reyndar að reyna að selja hann en hann er keyrður 248 þúsund kílómetra enda held ég að ég sé einn uppteknasti ellilífeyrisþegi landsins,“ segir Raggi, hress að vanda og að sjálfsgöðu úti að keyra á nýju drossíunni.

Ragnar segist hafa átt marga bíla, helst ameríska þótt auðvitað hafi það komið fyrir að hann hafi svikið lit. „Ég var alltaf á svona

GLÆSILEG RENNIREIÐ
Raggi segist kunna best við sig á amerískum kagga þótt Mercury sé framleiddur í Kanada.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



köggum þegar ég var í harkinu og keyrði út um allt,“ segir söngvarinn og rifjar upp kaupin á fyrsta bílnum sínum en hann var keyptur hjá bílasölu Guðmundar á Klappartígnum árið 1956. „Þetta var Dodge '55 árgærd og ég fékk lán

fyrir honum hjá Vátryggingarfélaginu. Ég rétt náði honum áður en einhverjir náungar frá happdrætti keyptu hann,“ segir Ragnar og hlær en hann er á fullu að syngja á söngskemmtun Hótel Sögu ásamt Hara-systur og Bjarna Ara.

- fgg

Börn

Herrar

Dömur

Heimilið

Snyrtivörur


Láttu það eftir þér!

Við erum búin að fylla búðina af flottum og skemmtilegum vörum.

Ný merki hjá Debenhams

Dömur: Gerry Weber, Turnover, Sisley, Femilet, Bruuns Bazaar, BZR, InWear, Soaked in Luxury og IKKS

Herrar: Matinique, BZR, Bruuns Bazaar, Solid og Mantaray



DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeyðil: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga
milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKPANKAR
Dr. Gunnar


Ég sá ljósið

Ég var búinn að bíða dögum saman við póstkassann eftir sendli frá Reykjavíkurborg með miða handa mér á súlugillið. Því miður virðist miðinn minn hafa týnst á leiðinni. Þegar ljóst var hvert stefndi, laust eftir sjö á þriðjudaginn, skellti ég mér í skóna, setti soninn í stóru úlpuna yfir náttfötin og brunaði niðri Sundagarða. Þetta var Bítlatengdur stórviðurur og fáránlegt að láta sér nægja beina útsendingu á báðum stöðvum fyrst maður gat séð þetta læf.

BÍTLARNIR eru vitanlega besta hljómsveit allra tíma. Það er mun- aður að vera samtímamaður þessa- ara snillinga og þegar frá líður mun saga Bítlanna fá á sig enn goðsagnakenndari blæ. Fólk verður jafnvel farið að trúa á Lennon á næstu öld. Það að Yoko Ono skuli hafa valið Viðey er ekki bara ánægjulegt heldur eiginlega stór- furðulegt líka. Viðey af öllum stöð- um?! Þetta andlausa hrökkbrauð sem ekki hefur verið neinum til gagns síðustu áratugina. Yoko talar um að friðarsúlan sé það stór- kostlegasta sem hún og John hafa gert saman, sem er dálítið leiðin- legt fyrir John því hann er jú dáinn. En Yoko er líklega að gefa sér að sál Johns sé einhvers staðar á sveimi yfir Viðey, enn í svaka friðarpælingum og jafnvel semj- andi ný lög. Magnað.

PEGAR Yoko tók að mæra Ísland á heimasíðu sinni – sem er ein mest lesna heimasíða í heimi, skilst mér – tóku sig upp gamlir smáþjóðar- komplexar og orðið „landkynning“ heyrðist á ný. Því orði hefur að mestu verið skipt út fyrir orðið „útrás“ og heyrðist síðast, minnir mig, þegar hvalur var fluttur með ærnum tilkostnaði til Vestmanna- eyja. Vonandi fer ekki eins fyrir súlunni og Keikó.

ÞAÐ gleymdist að senda fleirum en mér boðskort svo nokkur mann- fjöldi var mættur og mændi á ógreinileg veisluhöldin eins og margar litlar stúlkur með eld- spýturnar. Ljósastarar lýstu upp partíð og ljósmyndaflöss blikkuðu látlaut. Loksins varð myrkur og í því mátti greina ómínn af Imagine. Svo kom ljósið, nokkuð flott bara. Verður kannski enn flottara í meira myrkri og við betri veður- skilyrði. Ekki stimplaðist friðar- boðskapurinn þó sérstaklega inn í viðstadda því það gaf mér enginn séns út úr bílastæðinu þegar fólkíð dreif sig í burtu. Nema ein kona sem var næstóftust í bílastroll- unni. Friður sé með yður, systir.


GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 11. okt- óber, 284. dagur ársins 2007.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 8.04	13.15	18.23
Akureyri 7.53	12.59	18.04

Heimild: Almanak Háskólans



Það var mark!

Prusu GSM tilboð og við bjóðum þér á landsleik

Nú er rétti tíminn til að endurnýja GSM símann því þú færð í kaupbæti 2 miða á landsleik Íslendinga og Letta sem fram fer á laugardaginn. Tilboðið gildir fyrir alla GSM síma til 13. október eða meðan birgðir endast.

Sony Ericsson Z310i
Frábær nýr samlokusími með myndavél og MP3 spilara. Þessi sími er sannarlega flottur og spennandi.
12.900 kr.

Nokia 6085
Nettur, þægilegur og einfaldur í notkun. Stækkanlegt minni. Styður Vodafone live! Fæst einnig í bleiku og svörtu.
16.900 kr.

Nokia 6131
Stórglæsilegur og þunnur samlokusími sem hægt er að opna með einni snertingu. Styður Vodafone live!
22.900 kr.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

